

26

28–30

31–34

Ungir bændur vilja koma
að stefnumótun fyrir
íslenskan landbúnað

Sjálfbærni í minkarækt
er algjört lykilatriði

Búnaðarþing 2018



Bændablaðið

5. tölublað 2018 • Fimmtudagur 8. mars • Blað nr. 510 • 24. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Stjórn Bændasamtaka Íslands sem kjörin var á Búnaðarþingi þriðjudaginn 6. mars. Talið frá vinstri: Gunnar Kr. Eiríksson, bóndi í Túnsbergi, Eiríkur Blöndal, bóndi á Jaðri, Einar Ófeigur Björnsson, bóndi í Lóni II, Guðrún Tryggvadóttir, bóndi í Svartárkoti, sem kemur ný inn í stjórnina og Sindri Sigurgeirsson, bóndi í Bakkakoti, sem var endurkjörinn formaður samtakanna. Mynd / HKr.

Búnaðarþing 2018:

Samningum við ESB um tollfrjálsa kvóta fyrir landbúnaðarafurðir verði sagt upp

Á nýafstöðnu Búnaðarþingi Bændasamtaka Íslands komu fram miklar áhyggjur af tollasamningum sem gerðir voru við ESB á árunum 2007 og 2015. Búnaðarþing 2018 krefst þess að ríkisstjórn Íslands og Alþingi taki stöðu með innlendri matvælaframleiðslu með því að styrkja tollvernd íslensks landbúnaðar.

Í tillögu um þessi mál, sem samþykkt var á þinginu, er þess jafnframt krafist að magnatollur á búvörur verði uppreiknaðir til verðlags dagsins í dag. Þá verði samningum við ESB um tollfrjálsa kvóta fyrir landbúnaðarafurðir frá 2007 og 2015 sagt upp með vísan til breyttra forsendna. Enn fremur verði leitað allra leiða til að nýta heimildir til að leggja tolla á innfluttar búvörur sem einnig eru framleiddar hér á landi. Þá verði innflutt kjöt umreiknað í ígildi kjöts með beini þegar um beinlausar og unnar afurðir

er að ræða, við útreikninga á nýtingu gildandi tollkvóta. Í greinargerð með tillögunni segir:

„Á síðustu árum hefur orðið gríðarleg aukning í innflutningi á landbúnaðarvörum. Á sama tíma eru bændur innanlands að takast á við metnaðarfullar aðbúnaðarreglugerðir til að bæta aðbúnað sem er vel. Til að fara í þær fjárfestingar er mikilvægt að breytingar í ytra umhverfi landbúnaðarins séu ekki of miklar.

Því miður á enn eftir að meta hvaða áhrif tollasamningur við ESB frá 2015 og nýfallinn EFTA-dómur mun hafa á innlenda búvöruframleiðslu. Því er nauðsynlegt að ræða við stjórnvöld um tollverndina og hvernig hún kemur til með að þróast á gildistíma núverandi búvörusamnings. Í þeim viðræðum verði horft til þeirrar staðreyndar að framleiðsluskilyrði hér á landi eru allt önnur en þeirrar búvöru sem er verið að flytja



Búnaðarþing 2018 ályktaði um fjölmörg mál er varða bændur, þróun matvælaframleiðslu, uppgræðslu, skógrækt, vernd náttúrunnar, loftslagsmál, samfélagsmál og fleira. Mynd / HKr.

inn, þegar horft er til stærðar framleiðslunnar og kostnaðar við aðföng. Sá aðdragandi sem var að

tollasamningum sem gerðir voru við ESB bæði 2007 og 2015 gefur fullt tilefni til að ná fram skýrari

stefnu stjórnvalda í tollamálum,“ segir í tillögunni sem samþykkt var á Búnaðarþingi. /HKr.

FRÉTTIR



Þorgrímur Einar Guðbjartsson er formaður Beint frá býli.

Beint frá býli og lífræni bændur aðilar að Bændasamtökunum

Búnaðarþing 2018 samþykkti síðastliðinn þriðjudag aðildar-umsóknir að Bændasamtökum Íslands frá Beint frá býli og Verndun og ræktun (VOR), félagi framleiðenda í lífrænum búskap.

Beint frá býli var stofnað 2008 og er tilgangur félagsins að hvetja til heimavinnslu og sölu beint frá bændum. Einnig að vinna að hagsmunum þeirra bændur sem stunda eða hyggjast stunda hvers konar framleiðslu

og sölu á heimaunnum afurðum. Meginmarkmið félagsins er að tryggja neytendum gæðavörur þar sem öryggi og rekjanleiki vöru er í fyrirrúmi. Félagið skal einnig hvetja til varðveislu hefðbundinna framleiðsluáferða og kynningar á svæðisbundnum hráefnum og hefðum í matargerð.

VOR var stofnað 1993 og er hagsmunafélag framleiðenda sem stunda lífræna ræktun eða fullvinnslu lífræna, íslenskra afurða. /smh

Búnaðarþing 2018 samþykkti ályktun um innkaupastefnu ríkisins: Stefnan styðji við innlenda framleiðslu og lágmarki losun gróðurhúsalofttegunda

Búnaðarþing 2018 samþykkti ályktun um innkaupastefnu ríkisins. Beinir þingið því til fjármálaráðuneytis að endurskoða innkaupastefnu ríkisins og lög um opinber innkaup með það að markmiði að opinber stofnanir skuli velja innlenda matvæli þar sem því er við komið. Þannig er stutt við innlenda matvælaframleiðendur og jafnframt stuðlað að minni losun gróðurhúsalofttegunda sem til falla við flutning til landsins.

Búnaðarþing telur einnig að ríkið skuli kaupa þær vörur sem hafa hvað minnst umhverfisfótspor.

I greinargerð með tillitunni sem samþykkt var segir að ætlað sé að opinberar stofnanir íslenskra ríkisins noti um 150 milljarða í innkaup á hverju ári og 300 milljarða ef sveitarfélög eru meðtalin. Matvara er skráð sem fimmti hæsti flokkur í rammasamningnum ríkisins (Ársskýrsla Ríkisskupa 2013–2015). Þá er bent á að innkaupastefnu ríkisins frá 2002 sé hnykkt á atriðum sem ályktunin fjallar m.a. um:

„Við innkaup skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem

kostnaðar og gæða. Ef vörur eru sambærilegar að öðru leyti ber að velja þá tegund sem telst síður skaðleg umhverfinu.“

Árið 2017 voru flutt inn 722 kg af matvælum á hvern Íslending. Kolefnisspor þessa flutnings veldur svipaðri losun gróðurhúsalofttegunda og öll starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur eða um 41.000 tonn af CO₂ á ári (samantekt Bændablaðsins 11. janúar 2018). Þá á eftir að taka inn í myndina kolefnisspor vörunnar utan flutningsins til Íslands, þ.e. við framleiðslu og flutning fram að umskiptun til Íslands.

Framleiðslukostnaður matvæla er nokkuð hár hér á landi, meðal annars vegna sívaxandi launakostnaðar og þar af leiðandi kostnaðar að föngum bændur og ýmiss konar þjónustu svo sem eftirlits og dýrlæknahjónustu. Með nýjum tollasamningi við Evrópusambandið er óþað á mjög aukinn innflutning á matvörum næstu 4 árin og eru innfluttar vörur framleiddar undir öðrum og oftar en ekki kostnaðarminni kringumstæðum en við búum við

hér á landi. Með aukinni áherslu á innlenda matvæli í innkaupastefnu ríkisins er samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar styrkt.

Ríkisstjórn Íslands tekur í sama streng



Kristján Þór Júlíusson.

Landbúnaðarráðherra kom inn á þessi mál í raðu sinni við setningu Búnaðarþings. Þar sagði hann m.a.:

„Þá er einnig ánægjulegt að greina frá því hér í dag að í síðasta mánuði var samþykkt í ríkisstjórn sú tillaga mín að setja á fót starfshóp sem fær það verkefni að móta tillögur að innkaupastefnu opinberra stofnana á sviði matvæla. Markmiðið er að lágmarka kolefnisspor matvæla og styrkja með þeim hætti innlenda framleiðslu. Með þessu eru íslensk stjórnvöld að sýna gott fordæmi og sýna í verki vilja til að stuðla að sjálfbærri matvælaframleiðslu.“

/HKr.

Nýr formaður loðdýrabænda vonast til að staðan í greininni fari að skána:

Síðasta skinnauppboð lofar góðu

– en formaðurinn segir að þetta ár geti ráðið úrslitum í rekstri hjá mörgum loðdýrabændum

Á nýafstöðnum aðalfundi Sambands íslenskra loðdýrabænda (SIL), sem haldinn var 24. febrúar, urðu þau tíðindi að Björn Halldórsson, loðdýrabóndi á Akri í Vopnafirði, lét af störfum formanns eftir nær 18 ára setu. Við keflinu tók þá Einar E. Einarsson, loðdýrabóndi á Syðra-Skórungli í Skagafirði.

Með Einari í stjórn eru Björn Harðarson, Holti í Árnæssýslu og Þorbjörn Sigurðsson í Ásgerði í Árnæssýslu. Framkvæmdastjóri SIL er sem fyrr Árni V. Kristjánsson.

Brekka að kljást við en vonar að úr rætist

Einar sagðist í samtali við Bændablaðið enn hafa gaman af minnarkæmt og hafa fulla trú á greininni.

„Það er þó brekka hjá okkur núna og þungur tími fyrir loðdýrabændur en nú hefur skinnaverðið verið í tvö ár 25–30% undir framleiðslukostnaði.“

Sagðist Einar vonast til að úr fari að rætast og að aðstaður á markaði fari að lagast og gengi krónunnar að gefa eftir.

„Það var jákvætt á síðasta uppboði, nú í febrúar varð aðeins hækkun á skinnaverði í dollurum og það seldist allt sem í boði var. Þessi hækkun skilar sér þó ekki með nokkru móti hingað til lands. Í fyrsta lagi hefur dollarinn styrkt gagnvart dönsku krónunni sem þýðir lækkun í dönskum krónum. Svo hefur íslenska krónan verið að styrkjast þessa dagana líkt og á síðastliðnu vori, þannig að það leggst einhvern veginn allt gegn okkur. Íslenska krónan er of sterk, erlenda verðið er enn of lágt og dollarinn er óhagstæður gagnvart evru. Síðan eru innanlandshækkarnir hér t.d. í formi vinnulauna, og háir vextir.“

Jákvæð afstaða stjórnvalda vegur þungt

Loðdýrabændur horfa fram á að þurfa að skipta og/eða breyta búrum í búum sínum til að standast nýjar

kröfur um dýravælfæri og verður því verkefni að ljúka á næstu tveim árum. Þar er um stóran kostnaðarlið að ræða. Bót er þó í máli að samþykkt hefur verið að íslenska ríkið komi til móts við bændur til að mæta því sem nemur um þriðjungi af kostnaði. Þá mun Bygðastofnun að auki lána bændum, sem á annað borð leggja í að fara út í þær framkvæmdir, allt að sex milljónum króna.

„Þetta er gríðarlega jákvætt fyrir þá sem hafa skjótt og þor til að halda áfram.“

– Nú hættu fimm loðdýrabændur rekstri í haust, hvernig heyrir þér hljóðið vera í þeim sem eftir eru?

„Á þessum nýafstaðna fundi, þar sem mikill meirihluti minkabænda kom saman, var allavega enginn sem sagðist ætla að hætta núna. Allir hafa þeir þó áhyggjur af stöðunni og eru allir að glíma við þungan taprekstur. Menn eru hins vegar að veðja á það að þessi lægð gangi yfir á þessu ári og þá fari þetta að snúast í hina áttina. En það er ljóst að verði árið í ár eins og tvö síðustu hafa verið, þá verður mikil fækkun næsta haust.“

Vantar enn 1.500 krónur á skinn

Næsta skinnauppboð hjá Kopenhagen Fur hefst 17. mars. Á því uppboði og þeim sem á eftir koma í maí og júní gera menn sér vonir um að verðið hækki áfram en á þessu tímabili verður stærsti hlutinn af íslensku framleiðslunni frá 2017 seldur. Þessar hækkarnir eru þó ekki í hendi en engu að síður munu þessi uppboð ráða úrslitum fyrir marga íslenska loðdýrabændur.

„Þetta er bara þannig að á árunum 2016 og 2017 vantaði að lágmarki 2.000 krónur á hvert skinn til að endar ná saman. Einhvern vantar minna, en aðra kannski aðeins meira. Meðalverðið á skinnnum síðustu tvö ár var tæplega 4.000 krónur. Síðasta uppboð gaf í raun sömu tölu þótt verðið í dollurum væri hærra.“

Einar segir að þegar skinnaverðið fór hæst árið 2013 og sló öll met hafi fengist rúmlega 12.000 krónur



Einar E. Einarsson, nýr formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda.

fyrir hvert skinn að meðaltali. Ef tekið er meðalverð síðustu fimm ára að 2013 meðtöldu er verðið 6.500 krónur. Verðfallið eftir 2013 var hins vegar mjög bratt og árið 2013 fer út úr 5 ára meðaltalinu verður mikil lækkun á því. Segir Einar að ef þetta fimm ára meðalverð væri það sem fengist í dag, þá væri staðan vel áætlanleg.

„Ef það rætist ekki úr þessu á næstu mánuðum þá er ansi hætt við að bankar og bændur líka fari að verða þreyttir á afkomuleysisinu. Það getur enginn unnið að þessu kauplaust til lengdar og ekki átt fyrir nema hluta rekstrarkostnaðarins. Þar sem öll skinn seldust á síðasta uppboði og hækkun var á heimsmarkaðsverðinu, þá lífa menn enn í voninni um að úr rætist. Sagan segir okkur líka að verðið mun fara upp, en menn hafa bara verið lengi að bita úr nálinni með offramboðið sem varð á markaðnum 2014 eftir samfellda aukningu í framleiðslu árin þar á undan“, segir Einar.

Yfir 80 milljónir voru framleidd í heiminum árið 2013 en árið 2010 voru það um 50 milljónir skinna. Nú er gert ráð fyrir að ekki komi „nema“ 45 milljónir skinna til sölu á yfirstandandi ári en eitthvað meira er samt framleitt. Einar segir að mat á framboði sé þó háð tveim óvissuþáttum. Það eru tölur um skinnframboð í Kína sem eru



Skinnauppboð hjá Kopenhagen Fur í Danmörku.

Mynd / HKr.



Þegar best lét voru framleidd yfir 80 milljónir skinna og öll seldust á mjög háu verði. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir 45 milljónum skinna inn á markaðinn. Hér er búið að taka til stóra skinnasendinu fyrir Kinverja hjá Kopenhagen Fur í Danmörku eftir uppboð í febrúar 2014.

Mynd / HKr.

mjög á reiki og síðan birgðir sem spákaupmenn kunna að hafa keypt og komi þá inn á markað þegar verð fer að hækka. Það kunni mögulega að teyja viðsnúning á markaðnum.

Það verður að taka á háum vöxtum á Íslandi

„Áð þessum óvissuþáttum frátöldum þá er ljóst að mikill samdráttur hefur orðið í framleiðslu skinna sem kemur til sölu í uppboðshúsum. Það gefur manni tilefni til bjartsýni.“

Stóra málið er að við verðum að gera okkar grein, líkt og aðrar greinar í íslenskum landbúnaði, sem mest samkeppnishæfar í framleiðslukostnaði við þær lönd

sem við erum að keppa við. Þar skiptir t.d. miklu máli að við erum að borga hærri vexti hér á landi en landbúnaður í öðrum löndum þarf að kljást við.

Þetta er heimatilbúið vandamál sem á að vera hegt að leysa, ekki sist þar sem bankarnir eru að stærstum hluta í höndum ríkisins. Eins eru þessar miklu sveiflur í íslensku krónunni mjög erfiðar fyrir útflutningsgreinarnar í landinu ásamt því að hafa verulega truflandi og neikvæð áhrif á rekstrarmhverfið hér á landi. Það verður að taka á þessu og jafna betur rekstrarmhverfi íslenskra fyrirtækja og þar með landbúnaðarins“, segir Einar E. Einarsson. /HKr.

Af hverju nota kanínur ekki gleraugu?

Nokkur atriði um jákvæð áhrif gulróta, meðal annars á sjón og húð.

Mýkir áferð húðar —

— Skortur á A-vítamíni getur leitt til verri sjónar og því er sagt að þeir sem borða gulrætur sjái betur

Er mjög rík af beta-karótíni sem líkaminn geymir og breytir í A-vítamín eftir þörfum —

— Var fyrst ræktuð í Afghanistan í kringum 900 e. kr.

Efnið sem gerir grænmeti appelsínugult —
heitir karótín og dregur nafn sitt af erlendu heiti gulrótar

— Er svo rík af A-vítamíni að neysla örfárra gulróta uppfyllir ráðlagðan dagskammt

Er 87% vatn —

islenskt.is



FRÉTTIR



Landgræðslan:

Gamlir lúpínuakrar til leigu

Áhugi fyrir að brjóta nýtt land til ræktunar hefur aukist hér á landi. Í eigu Landgræðslu Íslands er land sem hæglega er hægt að nota í þessum tilgangi og því hefur Landgræðslan ákveðið að leigja óbrotið land til ræktunar í Gunnarsholti í Rangárhingi ytra.

Reynir Þorsteinsson, deildarstjóri framkvæmdadeildar Landgræðslunnar, segir á heimasíðu Landgræðslunnar að auðvelt sé að koma við stórum vinnuvélum á þessum svæðum sem eru slétt og víðfeðm. „Um er að ræða gamla

lúpínuakra sem hettir eru að þjóna tilgangi sínum en eru hengtugir til annars konar ræktunar svo sem fyrir korn eða tún. Í Gunnarsholti eru tugir hektara, þar sem áður voru lúpínuakrar, komnir í korn eða túnrækt.“

Leiguverð er samkvæmt gjaldskrá Landgræðslunnar. Umsóknir skal senda á netfangið reynir@land.is og er umsóknarfrestur til 10. apríl næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir Reynir í síma 892-1347. Einnig getur fólk sent fyrirspurnir á netfangið reynir@land.is. /VH

Verðskrár afurðastöðvanna:

Leiðrétt verð hjá Fjallalambi

Í umfjöllunum hér í blaðinu að undanförunu, um verðskrár afurðastöðvanna, hefur heildar meðalverð fyrir dillakjötskilóíð ekki verið rétt hjá Fjallalambi.

Rangar tölur bárust fyrir

samantekt blaðsins og var verðið sem birtist, 347,69 krónur á kílóíð, heildar meðalverð til bændna á öllu kjöti. Rétt meðalverð dilla hjá Fjallalambi var 374,63 krónur á kílóíð. /smh

Vöruviðskipti Íslands óhagstæð í febrúar

Vöruviðskipti Íslands í febrúar, reiknuð á fob verðmæti, voru óhagstæð um 5,3 milljarða króna.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands fyrir febrúar 2018 nam fob verðmæti vöruútflutnings 48,4 milljörðum króna og fob verðmæti vöruinnflutnings 53,7 milljörðum króna.

Í febrúar 2018 var verðmæti

vöruútflutnings 16,9 milljörðum króna herra en í febrúar 2017 eða 53% á gengi hvors árs. Hækkun var í öllum flokkum milli ára en mestu munar um sjávarafurðir.

Verðmæti vöruinnflutnings í febrúar var 9,4 milljörðum króna herra en í febrúar 2017 eða 21% á gengi hvors árs. Mestu munar þar um hrá- og rekstrarvörur og eldsneyti og smurliur. /VH

Hækkun á sérstöku innvigtunargjaldi á umframmiðjól

Stjórn Auðhumlu hefur ákveðið að hækka gjald fyrir innvigtun á umframmiðjól frá 1. apríl 2018 vegna aukinnar framleiðslu. Viðleitni til að draga úr umframframleiðslu á mjólk, segir formaður LK.

Í frétt á vef Auðhumlu segir að mjólkurframleiðslan hafi verið nokkuð meiri nú í byrjun árs en 2015 og 2016.

Í því ljósi hefur stjórn Auðhumlu, á fundi sínum 28. febrúar 2018, ákveðið að sérstakt

innvigtunargjald á umframmiðjól verði hækkað í 52 krónur á lítrann frá 1. apríl 2018.

Arnar Arnason, formaður Landssambands kúabænda, segir að líklegustu áhrif hækkanar á innvigtunargjaldi á umframmiðjól munu vera að slá á framleiðsluvilja þeirra sem ekki hafa greiðslumark fyrir allri framleiðslunni.

„Að minnu mati er hækkun gjaldsins viðleitni til að draga úr hvata til umframframleiðslu á mjólk.“ /VH

Orlofsíbúðir Bí

Bændasamtökin eiga og reka parhús á Hólum í Hjalatald og íbúð í Þorrasölum í Kópavogi. Félögum í Bí býðst að leigja þær til orlofsíðvalar í lengri eða skemmri tíma allt árið um kring. Yfir smartmann er svo einnig mögulegt að fá aðgengi að íbúð á Flúðum.

Félagsmenn í Bí eru hvattir til að tryggja sér pláss sem fyrst. Umsóknareyðublað á pdf-formi má finna á vefsíðunni bondi.is þar sem hægt er að fylla út umsókn. Eins er hægt að fylla út auglýsingu sem er á bls. 44 í blaðinu í dag.

Auk parhússins á Hólum eiga Bændasamtökin íbúð í fjölbýlishúsi í Þorrasölum 13–15 í Kópavogi og rúmar hún auðveldlega fjóra gesti. Leigutími getur verið frá einum sólarhring og upp í viku (hugsanlega lengur við sérstakar aðstæður). Skiptidagar eru alla daga nema laugardag og sunnudaga. Sengur og sængurver eru í íbúðinni.

Þeim sem hug hafa á að taka orlofsíbúð á leigu hjá Bí er bent á að hafa samband við Halldóru Ólafsdóttur hjá Bændasamtökum Íslands í síma 563-0300 eða í netfangið ho@bondi.is.

Fyrirkomulag greiðslna til sauðfjárbænda í samræmi við reglur

— segir framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar

Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar, segir að drátturinn á greiðslum til sauðfjárbænda eigi sér sínar skýringar, en fyrirkomulagið hafi verið í samræmi við reglur.

Svo virðist vera að einhverjir sauðfjárbændur hafi gert ráð fyrir að fyrstu stuðningsgreiðslur ársins vegna búvörusamninga kæmu þann 1. febrúar. Búnaðarstofa Matvælastofnunar gaf út tilkynningu þann dag um að vonast væri til að hægt yrði að ganga frá ársuppgjöri beingreiðslna 2017 síðar þann dag og fyrstu beingreiðslum ársins daginn eftir. Það dróst hins vegar til 5. febrúar.

„Í fyrri búvörusamningi var fyrirkomulag með öðrum hetti sem kann að hafa valdið misskilningi. Samkvæmt samstarfssamningi um sauðfjárrækt milli ríkis og bænda sem tók gildi 1. janúar 2017 skal Matvælastofnun gera ársáætlun eigi síðar en 15. febrúar um heildargreiðslur allra framleiðenda.“ segir Jón Baldur.

Fyrsta greiðsla í febrúar

„Fyrsta greiðsla ársins skal fara fram í febrúar þegar búíð er að ganga frá framsali greiðslumarks, en bændur höfðu frest til 15. janúar til að gera það. Enn fremur þarf ársáætlun og uppgjör síðastliðins árs að liggja fyrir svo hægt sé að greiða bændum. Ársuppgjör, ársáætlun og fyrsta greiðsla þriggja styrkjaflokka af fimm var tilbúin innan tímamarka, en vinna við útreikning og greiðslu á sérstökum stuðningi stjórnvalda í janúar vegna kjaraskerðingar olli töfum á frágangi á svæðisbundnum stuðningi og býlisstuðningi. Heildarársáætlun fyrir allar stuðningsgreiðslur var birt undir rafrænum skjólum á Bændatorginu 28. febrúar, og hafa bændur 20 daga frá birtingu hennar



Jón Baldur Lorange framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar.

Mynd / smh

til að gera athugasemdir við hana,“ segir Jón Baldur.

Jón Baldur segist skilja það að sauðfjárbændur hafi viljað fá fyrstu stuðningsgreiðslur ársins fyrr. „Við lögðum mikla áherslu á að koma fyrstu greiðslu ársins sem allra fyrst til sauðfjárbænda. Verkefni okkar fyrstu daga ársins eru hins vegar einfaldlega það mörg og þetta verður allt að vinnast í réttari röð.“

Ég tek þó fram að fyrirkomulag greiðslna nú er í fullu samræmi við reglur, sem kveða á um að greiðslurnar berist í febrúar.“

Miklar annir hjá Búnaðarstofu

„Skýringarnar á því að ekki náðist að greiða 2. febrúar, eins og við stefndum að, eru nokkrar. Övenju margar tilkynningar um framsal á greiðslumarki í sauðfé vegna komandi árs bárust okkur, vinna við fyrsta innlausnardag greiðslumarks mjólkur, þar sem um 100 kúabændur óskuðu eftir kaupum á greiðslumarki, tók sinn tíma og að síðustu fölst mikil vinna við umsýslu vegna aðgerða stjórnvalda

til handa sauðfjárbændum vegna kjaraskerðingar. Sú vinna varð að vera í forgangi en reglugerð var sett um þær 16. janúar og við greiddum fyrsta hluta stuðningsins til bænda 19. janúar og síðari hluta þann 26. janúar.

Það breytir ekki því að við höfum fullan skilning á því að sauðfjárbændur vilja fá fyrstu greiðslu ársins fyrr, en til þess að það sé hægt þarf að búa svo um hnútana að okkur sé það mögulegt. Það er rétt að halda því til haga að árangur okkar í fyrra, á fyrsta ári nýrri búvörusamninga, verður að teljast áætlanlegur, þegar haft er í huga að allar greiðslur komu til bænda á réttum tíma í samræmi við búvörusamninga og reglugerðir stjórnvalda.

Matvælastofnun hefur lagt metnað okkar á að byggja upp rafræna stjórnsýslu til að tryggja fagmennsku, gegnsæi og traust við framkvæmd búvörusamninga. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur staðið dyggilega við bakkið á okkur í þessum verkefnum sem hefur skipt sköpum,“ segir Jón Baldur. /smh

Heimsmarkaðsverð á korni hækkar

Verð á korni og mjólkurvörum á heimsmarkaði hækkaði lítillega í febrúar síðastliðnum en verð á jurtaliur er enn lágt. Verðhækkun á korni ræðst af spám um minni uppskeru á þessu ári en því síðasta vegna óhagstæðra veðurskilyrða.

Verð á kjóti stóð nánast í stað milli mánaða að því undanskildu að verð á fuglakjöti féll fjórða mánuðinn í röð. Verð á jurtaliur hefur haldið áfram að falla og er núna það lægsta í 19 mánuði. Pálmaolla féll mest og er verðhækkunin rakin til aukinnar birgðasöfnunar í Malasíu og Indónesíu.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu FAO er verð á sykri þar lægsta í tvö ár vegna aukinnar framleiðslu á sykurfófum. /VH



Ófriður og veðrabreytingar ógna fæðuöryggi þjóða

Fæðuöryggi íbúa Austur-Afríku er víða ótryggt. Verðhækkun á korni og ófriður á svæðinu er helsti ástæða þessa. Stór hluti íbúa landa eins og Búrúndí, Úganda og Sómalíu þarf mataraðstoð til að halda lífi.

Ófriður í fjölda landa í austanverðri Afríku er þess valdandi að

milljónir hafa misst heimili sín og möguleika á að stunda búskap sér til lífsvildurværis. Vegna skorts á mat hefur verð á honum víða margfaldast og svartamarkaðsbrask með matvöru er mikið.

Ræningjahópar ráðast á matvælaflutningalest hvort sem þær eru á vegum innlendra aðila

eða erlendra hjálparstofnana. Minni úrkoma vegna veðrabreytinga hefur einnig leitt til uppskeruinnunkunar og uppskerubrests. Á sama tíma og uppskerubrestur á korni leiðir til verðhækkunar dregur hann úr möguleikum fólks í Austur-Afríku til að afla sér matar.

/VH



DEUTZ-FAHR 5125

Alhliðavél sem skortir ekkert

DEUTZ-FAHR 5125 er einstaklega skemmtileg vél sem við teljum að henti vel á hvert bú við íslenskar aðstæður. Hún er einstaklega vel búin, en meðal búnaðar má nefna:

3,6 l DEUTZ mótur - 126 hð	Stop&Go - hægt að kúpla með bremsu	Vökvastýrð handbremsa
Fjaðrandi framhásing	Stillanlegt átak á vengigír	Rafstýrt beisli
Dempun á húsi	2-földun á stýrisdælu sem fækkar stýrissnúningum um helming.	3 tvöföld vökvaúrtök með stillanlegu flæði
Lofthæling	5 gíra kassi með 3 milligírur og kúplingsrofa í gírstöng	Dekkjastaerð 440/65R28 að framan og 540/65R38 að aftan
90 l/mín vökvadæla	Hægt er að skipta milligírur á ámoksturstækjastöng	4 hraða aflúrtak (540/540E/1000/1000E)

Við bjóðum nú þessar fyrstu vélar á sérstöku kynningarverði:

DEUTZ-FAHR 5125 með ofangreindum búnaði ásamt STOLL FX20 samlitum ámoksturstækjum með 3ja sviði, rafstýrðum dempara, vökvaskóflulás og 2,2m Heavy Duty skóflu

Kr. 9.950.000,-
án VSK

Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts og miðast við gengi á Evru = 121 IKR.



PÓR F

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Harður heimur

Íslenskir bændur standa frammi fyrir fjölmörgum áskorunum, en á nýafstöðnu Búnaðarþingi var ekki að heyra neina uppgjöf heldur þvert á móti. Það sem meira er, að ályktanir þingsins eru um margt ákveðnar og lausnamiðaðar en oft áður.

Það er alveg ljóst að íslenskir bændur eru ekki eftirbátar kollega sinna um allan heim þegar kemur að því að framleiða hágæða matvöru og vilja til að tryggja samlondum sínum fæðuöryggi. Í heimi frjálsra viðskipta milli landa þá hafa ýmsir hagsmunaaðilar samt oft gert lítið úr hugtakinu fæðuöryggi. Það væri eitthvað sem tilheyrði fortíðinni og ætti ekkert erindi í heimi frjálsra milliríkjavíðskipta þar sem unnið væri hörðum höndum að því að brjóta niður alla tollmúra. Gallinn við þessa hugmyndafræði viðskiptagæra er að hún gengur bara ekki upp í raunheimi venjulegs fólks. Á áttasvæðum víða um heim og þar sem breytingar á veðurfari eru að hafa mikil áhrif á landbúnað og þar með matvælaframleiðslu, er upplifunin því miður ekki glæsileg. Milljónir manna upplifa hungur á hverjum einasta degi og lífsbarátta þess snýst ekki um glæskerrur, hátæknihúsbúnað eða nýjustu fátalinutiskuna, heldur einfaldlega mat og vatn.

Í Bændablaðinu í dag má sjá frétt sem greinir frá því að fæðuöryggi íbúa Austur-Afríku sé víða ótryggt. Verðhækkun á korni og öfribur á svæðinu er helsta ástæða þess. Stór hluti íbúa landa eins og Búrúndi, Úganda og Sómalíu þarf mataraðstoð til þess einfaldlega að halda lífi. Milljónir manna hafa misst heimili sín og möguleika á að stunda búskap sér til lífsviðurveris. Vegna skorts á mat hefur verið á honum víða margfaldað og svartamarkaðsbrask með matvöru er mikið. Niðurfellingar á tollum hjálpa þessu fólki ekki neitt, þar sem markaðurinn er hvort sem er í rúst. Hins vegar geta tollaniðurfellingar eyðilagt þann litla sjálfsbjargarvott sem illa staddur landbúnaður í þessum ríkjum býr þó enn yfir. Hann getur ekki á nokkurn hátt keppt við fjöldaframleiðara afurðir iðnríkanna. Þetta er sá iskaldi veruleiki sem almennungur í þessum hrjáu löndum býr við. Það mættu þeir sem búa í vellystingum alla daga hafa í huga þegar af glannaskap er vaðið áfram í samningum er snerta samkeppnismöguleika innlendrar framleiðslu gagnvart innflutningi.

Það eru þó ekki bara tollar sem skipta máli þegar rætt er um samkeppni á jafnréttisgrunni. Varðandi Ísland ætti málið að vera nokkuð augljóst en virðist samt ekki hafa verið það í skilningi þeirra sem ráðið hafa ferðinni. Íslendingar gera miklar kröfur um heilnæmi matvæla og heilbrigði þeirra dýrastofna og jurta sem nýtt eru til matvælaframleiðslu. Af hverju í ósköpunum gerum við þá ekki sömu kröfur til framleiðsluhátta í þeim löndum sem verið er að kaupa frá kjöt, grænmeti, ávexti og korn? Er bara allt í lagi að erlendir framleiðendur geti notað eitrefni og sýklalyf eins og þeim sýnist til að auka uppskeru nýttjurta og vöxt dýra á sama tíma og við krefjum íslenska bændur um að gera þetta ekki?

Á nýafstöðnu Búnaðarþingi kom m.a. fram að íslenskir bændur ætla ekki að láta hanka sig á að þeir standi ekki sína plikt varðandi litla sem enga notkun eitrefna og sýklalyfja. Þeir undirbúa nú að setja af stað vinnu þar sem allir geti sannreynt að hreinleiki íslenskra landbúnaðarafurða sé ekki bara innantóm orð. Fáum við einhvern tíma að sjá slíkt varðandi matvæli sem hingað eru flutt?

/HKr.

Beittar tillögur frá Búnaðarþingi 2018

Sindri Sigurgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is



Búnaðarþingi er nýlengið og búnaðarþingsfulltrúar komnir til síns heima eftir tvo þingdaga í Bændahöllinni í Reykjavík. Þingið var styttra nú en áður og jafnframt var sú ákvörðun tekin að hafa það pappírslaut. Í aðdraganda hafði ég á orði við samstarfsfólk mitt að nýtt fyrirkomulag væri áhættuatriði. Þær áhyggjur voru tilefnislausar því þingstjórnin hafa sjaldan gengið jafn vel og hindrunarlaust fyrir sig. Pappírslautið kom ekki að sök og það var tímanna tákna að horfa yfir tæplega 50 manna hóp bænda með fartölvur fyrir framan sig.

Um 200 manns voru viðstaddir þingsetningu í Súlusal á mánudaginn. Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, heiðraði bændur með nærveru sinni ásamt ráðherrum, þingmönnum og öðrum góðum gestum. Fulltrúar norrænna bænda hafa aldrei verið jafn margir við setningu Búnaðarþings. Það er full ástæða til að þakka þeim fjölmörgu vinum bænda sem sýndu okkur þann heiður að mæta við setningu Búnaðarþings 2018.

Stór hagsmunamál

Á dagskrá Búnaðarþings voru að venju fjölbreytt mál sem varða hagsmuni bænda og íslensks landbúnaðar. Í ályktun þingsins um endurskoðun búvörusamninga er þess krafist að henni verði flýtt vegna forsendubrests. Jafnframt krefst Búnaðarþing þess að stjórnvöld lögleiði nú þegar heimild til landbúnaðarráðherra til tímabundinnar íhlutunar í lambakjötsmarkaðinn vegna bráðavanda sauðfjárbænda og afurðastöðva. Það er ljóst að þær vonir sem gerðar voru við þróun afurðaverðis í sauðfjárræktinni hafa ekki staðist. Kúabændur vilja flýta ákvörðunum um framtíðarfyrirkomulag framleiðslustýringar og þess vegna leggur Búnaðarþing til að kosning um kvótakerfið fari fram í ársþingun 2019. Þá leggur þingið til að stöðningur verði aukinn í garðyrkjunni svo markmið um niðurgreiðslu dreifingarkostnaðar raforuku náist. Tollvernd á kartöflum og útírektuðum grænmeti verði færð í eðlilegt horf og að tryggðir verði fjármunir til að bæta afurðatjón vegna alvarlegra plöntusjúkdóma. Jafnframt er farið fram á að

eftirlit með innflutningi á plöntum og grænmeti verði stóraukið.

Bændur hafa um langt skeið gagnrýnt þverrandi virkni tollverndar fyrir íslenskan landbúnað. Í ályktun um tollamál er ætlast til að ríkisstjórn Íslands og Alþingi taki stöðu með innlendri matvælaframleiðslu með því að styrkja tollvernd íslensks landbúnaðar. Svo fast er kveðið að orði að samningum við ESB um tollfrjálsa kvóta fyrir landbúnaðarafurðir frá árunum 2007 og 2015 verði sagt upp með vísan til breyttra forsendna.

Búnaðarþing ályktaði líka um aðgerðir vegna dóms EFTA-dómstólsins um innflutning á hráu kjöti, eggjum og ógerilsneyddri mjólk. Þar leggja bændur höfuðáherslu á að íslensk löggjöf tryggji áfram vernd heilsu manna og dýra með bestu mögulegu aðferðum til að vernda innlenda búfjárfstofna, koma í veg fyrir fjölgun matarsýkinga og aukningu á sýkingum af völdum sýklalyfjaónæmra baktería. Við förum einfaldlega fram á að niðurstaða EFTA-dómstólsins í málum E-2/17 og E-3/17 frá 14. nóvember 2017 verði ekki innleidd óbreytt. Það verði gert með samningaviðræðum við Evrópusambandið.

Fleiri mál voru í deigluinni sem of langt mál er að telja upp hér. Vísað er í nánari umfjöllun í blaðinu og á vefnum bondi.is.

Veljum íslenskt

Merkileg ályktun var gerð á þinginu um innkaupastefnu opinberra aðila. Því er beint til fjármálaráðuneytis að endurskoða innkaupastefnu ríkisins og lög um opinber innkaup með það að markmiði að opinberar stofnanir skuli velja innlend matvæli þar sem því er við komið. Það gæti skipt verulegu máli fyrir innlenda matvælaframleiðslu ef hér verður hugarfarsbreyting. Áætlað er að opinberar stofnanir íslenska ríkisins noti um 150 milljarða króna í innkaup á hverju ári og 300 milljarða ef sveitarfélög eru meðtalin. Með aukinni áherslu á innlend matvæli í innkaupastefnu ríkisins yrði samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar styrkt. Landbúnaðarráðherra kom inn á þetta í ræðu sinni við setningu þingsins og greindi frá því að nú þegar hefði ríkisstjórnin skipað starfshóp til að vinna málinu brautargengi. Við sama tækifæri sagði ráðherra frá því að vinna væri að hefjast í ráðuneytinu um mótn heildstæðrar matvælastefnu fyrir Ísland. Það voru góðar fréttir.

Ekki einkamála sauðfjárbænda

Ekki voru allir bændur jafn ánægðir með orð Kristjáns Þórs Júlíussonar við setningu Búnaðarþings þegar hann vék tali sínu að rekstrarvanda sauðfjárbænda. Þar orðaði hann það sem svo að laus vandans ætti ekki að koma eingöngu frá stjórnvöldum. Bændur yrðu að taka frumkvæði að því að greiða úr stöðunni og spyrja hvernig þeir gætu styrkt tekjurgrundvöll greinarnar og náð jafnvægi í framleiðslu. Það er mikill misskilningur nýs landbúnaðarráðherra að bændur hafi ekki haft frumkvæði að því að leita lausna. Allir sem fylgst hafa með þessu máli vita að þar hefur ekki staðið á bændum. Staðreyndin er sú að stjórnvöld drógu lappirnar alltof lengi og höfðu ekki dug til þess að ráðast að rótum vandans í samvinnu og sátt við bændur. Kosningar og ríkisstjórnarskipti settu svo strík í reikninginn. Vonandi ber nýjum ráðherra gæfa til að finna leiðir út úr vandanum í samvinnu við bændur. Hann er ekki einkamála sauðfjárbænda og ráðuneyti landbúnaðarmála getur aldrei orðið stíkkfrí í jafn viðamiklu máli.

Ný stjórn og fleiri félög í BÍ

Stjórn Bændasamtakanna er kjörin til tveggja ára á hverju Búnaðarþingi. Guðný Helga Björnsdóttir, bóndi á Bessastöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, gaf ekki kost á sér til endurkjöris en það gerðu aðrir stjórnarmenn sem allir hlutu góða kosningu. Guðnýju Helgu er þakkað ákaflega gott samstarf og framlag sitt í félagsstjórnun fyrir bændastéttina. Um leið fögnum við nýrri stjórnarkonu, Guðrúnu Tryggvadóttur, bónda í Svartárkoti í Bárðardal.

Tvö ný félög gengu til liðs við Bændasamtök Íslands á þinginu. Það eru Beint frá býli og VOR-verndun og ræktun, félög framleiðenda í lífrænum búskap. Sannarlega góður líðstýrkur og eru félögin boðin velkomin í samtökin.

Það var góður andi í búnaðarþingssalnum þegar þinginu var slitið síðla þriðjudags. Samstaða og samhljómur voru einkennandi fyrir þingið. Fulltrúar komu vel undirbúnir og úr nefundunum komu beittar tillögur og vel unnar. Erfið mál hafa þjappað okkur saman og allir eru einbeittir í því að vinna að auknum hag stéttarinnar. Fram undan eru spennandi tímar og við þurfum ekki að kvíða framtíðinni. Við erum á rétttri leið.

ÍSLAND ER LAND PITT



Héðinsfjörður er tæplega 6 km langur eyðifjörður nyrst á Tröllaskaga, á milli Hestfjalls að vestan og Hvanndalabyrðu að austan. Fyrir botni fjardarinn er ágætt veiðivatn, Héðinsfjarðarvatn, og er útréttisli úr því um Héðinsfjarðarás út í fjörðinn. Við vatnið og inn af því voru áður fáeinir bæir. Næsta byggð til vesturs er í Siglufirði og voru fyrrum fjölfarnar leiðir þangað úr Héðinsfirði um bæði Hestskarð og Hólsskarð. Til austurs var mest farið um Fossabrekku til Ólafsfjarðar. Árið 2006 hófst vinna við Héðinsfjarðargöng, sem liggja á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Héðinsfjörð, og voru þau opnuð 2. október 2010.



Það vafðist ekki fyrir nemunum, undir styrkri handleiðslu Hallgríms F. Sigurðssonar, að útfæra hinn vinsæla en árstíðabundna rétt, saltkjöt og baunir, á nýstárlegan hátt. Myndir / Óskar Þór.

Nemar í matreiðslu í VMA:

Nýmóðins hjónabandssæla og vellukkuð útfærsla á saltkjöti og baunum

Nemendur í öðrum bekk í matreiðslu í Verkefnaskólanum á Akureyri glíma við margvísleg og áhugaverð verkefni í sínu námi. Eitt þeirra var að útfæra hinn vinsæla en árstíðabundna rétt, saltkjöt og baunir, á nýstárlegan hátt. Og spreyta sig síðan á gömsætum eftirrétti, sem var hjónabandssæla.

Hallgrímur F. Sigurðsson, matreiðslumeistari á Akureyri, var gestakokkur dagsins, en hann rekur tvo veitingastaði í Menningarhúsinu Höfi, 1862 Nordic Bistro og Nönnu Seafood, auk þess barinn R5 við Ráðhústorg.

Útkoman þótti einstaklega vel heppnuð og staðfestu nemendur með vinnu sinni að saltkjöt er miklu meira en saltkjöt sem er soðið á sprennidaginn með baunasúpunni. Úr því er nefnilega hægt að gera dýrindis rétti sem myndu sóma sér vel á matseðlum veitingahúsa.

Miðlaði kunnáttu en lærði í leiðinni

Hallgrímur segist hafa ánægju af því að prófa sig áfram með óhefðbundið hráefni eins og



Hallgrímur F. Sigurðsson, matreiðslumeistari á Akureyri, var gestakokkur dagsins.

saltkjöt og meðlæti sem passar með því. Hann útbjó sína útfærslu af saltkjötsréttinum og hjónabandssælu eftirréttinum og miðlaði kunnáttu sinni til verðandi matreiðslumanna.

„Ég lærði gríðarlega mikið og reyndi að gefa af mér eitthvað af því sem dottið hefur inn í reynslubanka minn síðustu 25 árin, eða svo,“ segir Hallgrímur. /MPÞ

Hjónabandssæla, glæný útgáfa.

Læjartún í Ásahreppi:

Opið hús í Uppspuna helgina 17. og 18. mars

Hjónin Tyrtingur Sveinsson og Hulda Brynjólfssdóttir, sem reka fyrirtækið Uppspuna í Lækjartúni í Ásahreppi, hafa ákveðið að vera með opið hús laugardaginn 17. mars frá kl. 13.00 og 11.00 til 16.00 á sunnudeginum 18. mars.

Þar ætla þau að kynna nýju smáspunaverksmiðjuna sína, allir eru velkomnir. Í Uppspuna er verið að framleiða band, æfa ýmsar útfærslur, prófa sig áfram, læra nýja hluti og þróa vörur. „Æfingarnar hafa skilað það góðu að við erum kominn með fjórar tegundir af garni í sölu. Við höfum líka komist að því að hægt er að vinna 100% hreina ull í vélunum og garnið er heldur mýkra en hingað til hefur þekkt.

Í samstæðunni er vél sem skilur að tog og þel og gefur það marga nýja möguleika. Markmið okkar er að vinna með sauðalitinna eins og þeir koma af kindinni og eykur það fjölbreytnina, því mjög margir litir leynast í íslenska fjárstofninum,“ segir Hulda, sem hvetur fólk til að koma og sjá vélarnar og sjá hvað þær geta gert en þær voru keyptar í Kanada hjá fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir ullarvinnsluvélur fyrir lítill fyrirtæki og kalla þær „Mini Mill“. /MHH



Allir eru boðnir velkomnir til að líta inn til að skoða vélasamstöðu þeirra Huldu og Tyrfrings og vörur sem framleiddar eru hjá Uppspuna. Mynd / Hulda Brynjólfssdóttir.

MÆLT AF MUNNI FRAM

197

Fátt er dýrmætara en glöggir lesendur ritaðs máls, svo ekki sé nú talað um visur sem birtar eru á prenti. Oftlega fæ ég líka athugasemdir við birtar visur og eða óskir um leiðréttingu. Í síðasta vísnaþætti birtist brot úr rímu **Höskuldar Einarssonar** frá Vatnshorni ortri til Sigurðar frá Brún. Þar tókst mér að misfara með tvær visur. **Sigríður Höskuldsdóttir** á Kagaðarhóli vakir yfir verkum mínum, og þó sérlega vísum föður síns, enda á hún þessa rímu föður síns ritaða hans eigin hendi. Því birti ég hér þær tvær visur úr rímu Höskuldar sem ekki reyndust rétt skráðar:

*Feyskist víðir, fölna tún,
fjölgar hríðum stærri,
alltaf síðan Siggí Brún
sást ei ríða nærri.*

*Veðra um gnúinn fjallaflad
ferð hann snúa kunni,
við að búa upp tösku og tjald
talaði drjúgum munni.*

Síðan rennur ríma **Höskuldar** áfram:

*Valda augum ofsýni,
óró taugum góðum,
þokuhaugar þreifandi
þar á draugaslóðum.*

*Veðrin þeysa voðadans,
veldið geysa fanna.
Auðnuleysi útlagans
eyðihreysin sanna.*

*Freðið hauður, fátt um skjól
ferill nauðum skráður,
þar hefir dauðinn búið ból
bjargarsnauðum dður.*

*Eiga brall við ófarir
eggjar snjalla guma.
Töfrar fjalla tálðrægir
trylla og kalla á suma.*

*Vorið breytir veðrunum,
vermast leiti og hjallar,
tíbrá heit þá titrar um
tröllasveitir allar.*

*Sindrar glóð um sendinn hól,
seytlur hljóðar glitra,
fjallagróður fer á ról,
fjölur rjóðar titra.*

*Hæðir reika í hillungum,
hefst leikur víða,
hvar úr bleikum hverunum
hvítir reykir líða.*

*Mera barna er misjöfn gerð,
margt er skarni bundið.
Oft hefur barna einn á ferð
í þeim kjarna fundið.*

*Stundir langar þurfi þó,
þóf við angargapann,
uns lét ganga ærsla jó
upp í fangi spakan.*

Í þriðja hluta rímunnar breytir um bragarhátt. (hringhent og samhent):

*Nóttin svalar sárþreyttum,
setur kala af jöklunum,
hestaval á hagblettum
hafa skal í áningum.*

*Þá er vært í verunum,
vatmið tært í stóránun,
Sigga fært á sandinum,
sumblið kært úr pelanum.*

*Viða er grýtt með vörðunum,
vegað lítt á öræfum,
þó er frítt á fjöllumun,
frelsið vítt í hreinviðrum.*

*Væri svöl um veðraskil
vikudvölin hérumbil,
yfir Kjöl og Kiðagil
kastar föli af og til.*

*Sporagreiðum hestum hann
hottaði á leið er dagur rann,
kaldur reið í kontrosann
kuldinn sveið hann hēlaðan.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabygg01@gmail.com

FRÉTTIR

MAST hvetur ræktendur til að þrifa og sótthreinsa gróðurhús

Síðastliðið haust greindust tveir plöntusjúkdómar í tómatrækt hérlandis og einn í agúrkurækt. Um er að ræða pepino mosaic virus (PepMV) og spólunhnyðilsýkingu (Potato Spindle Tuber Viroid) í tómatrækt og cucumber green mottle mosaic virus (CGMMV) í agúrkurækt.

Í kjölfarið birti atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið reglugerð um aðgerðir til varnar útbreiðslu plöntusjúkdóma og Matvælastofnun birti leiðbeiningar um smitvarnir við garðyrkjurækt. Einnig var ráðgerð sýnataka í tómatrækt, agúrkurækt og kartöflurækt.

Eins og fram kemur í reglugerð 933/2017 um aðgerðir til varnar útbreiðslu plöntusjúkdóma er ræktendum garðyrkjuafurða gert að taka upp smitvarnir til þess að takmarka útbreiðslu plöntusjúkdóma.

Í leiðbeiningum um almennar smitvarnir fyrir ræktendur garðyrkjuafurða sem Mast hefur birt á heimasíðu sinni, <http://www.mast.is/frettaflakkar/frett/2018/03/01/Leiðbeiningar-um-smitvarnir-thrif-og-sotthreinsun-a-grodurhusum/>, segir meðal annars:

Ræktendur þurfa að greina umfang eigin rekstrar og taka smitvarnir föstum tökum til þess að fyrirbyggja að smit berist til og frá ræktunarsvæðum. Birtar hafa verið lágmarks smitvarnir sem miða að þrífætti nálgun smitvarna:

1. Smitvarnir við inn- og útganga
2. Svæðaskipting og skipulag húsnæðis
3. Staðlað verklag starfsmanna.



Síðastliðið haust greindust tveir plöntusjúkdómar í tómatrækt hérlandis og einn í agúrkurækt.

/Mynd Odd Stefán.

Mikilvægt er að ræktendur taki upp eins viðtækar smitvarnir og kostur er.

Matvælastofnun beinir því enn fremur til ræktenda sem ákveða að þrifa og sótthreinsa hús hjá sér að kynna sér aðferðir og efnaotkun vandlega áður en tekist er á við verkefnið. Við slík þríf er mikið undir og afar mikilvægt að þríf og sótthreinsun beri árangur. Reglubundin þríf á gróðurhúsi eru mikilvæg fyrir gott plöntuheilbrigði. Birtar hafa verið leiðbeiningar um þríf og sótthreinsun gróðurhúsa sem verða uppfærðar eftir því sem við á.

/VH



Í heildina báru þátttakendur í verkefninu Bændur græða landið á 1063,9 tonn af áburði og sáðu 7.170 kíló af fræi árið 2017.

Bændur græða landið:

Rúm sjö tonn af fræi

Nýlega kom út ársskýrsla um samstarfsverkefnið Bændur græða landið, fyrir árið 2017. Bændur græða landið er samstarfsverkefni Landgræðslunnar og landeigenda um stöðvun rofs og uppgæðslu heimalanda.

Á árinu 2017 voru skráðir þátttakendur 548, af þeim voru á árinu 499 virkir þátttakendur. Í skýrslunni segir að þátttakendur í verkefninu hafi í heildina borið á 1063,9 tonn af áburði og sáð 7.170 kíló af fræi.

Samstarfsverkefni bænda og Landgræðslunnar

Bændur græða landið er samstarfsverkefni bænda og Landgræðslunnar um uppgæðslu heimalanda. Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum árið 1994 en fyrirrennarinn var óformlegur samstarf bænda og Landgræðslunnar um uppgæðslu á heimalöndum.

Markmið verkefnisins er einkum uppgæðsla heimalanda og skilyrði fyrir þátttöku í verkefninu er að á landinu séu lítt eða ógróin svæði og að beitarálag þar sé hóflegt. Starfsmenn Landgræðslunnar sjá um faglega ráðgjöf og eftirlit með verkefninu en þátttakendur

sjá um beina vinnu við verkefnið, s.s. pöntun á áburði, áburðargjöf og sáningu. Landgræðsla ríkisins styrkir bændur um 85% af verði uppgæðsluáburðar og lætur þeim í té fræ ef þess gerist þörf.

Kostnaður

Sértekjur verkefnisins voru framflög sveitarfélaga sem námu ríflega 3,5 milljónum króna. Kostnaður vegna verkefnisins var rúmar 68 milljónir króna.

Í lokaorðum skýrslunnar segir að verkefnið eigi upphaf sitt í svokölluðu heimalandaverkefnis sem hófst árið 1990 og hefur því verið rekið með nær óbreyttu sniði í 27 ár. Frá upphafi hefur BGL verið eitt af mikilvægustu verkefnum Landgræðslunnar og fyllilega sannað gildi sitt.

Í gegnum verkefnið hefur fjölmörgum hekturum ógróins eða illa farins lands verið umbreytt í gróid land, jarðvegsrof hefur verið stöðvað, auk þess sem verkefnið er grundvöllur öflugs og náins samstarfs Landgræðslunnar við bændur og aðra landeigendur um allt land.

Með verkefninu hefur skilningur bænda á landnotkun og landgræðslu aukist og einnig hefur bæst verulega í þekkingarbrunn Landgræðslunnar.

/VH



Bólusetning gegn galtarlykt er stórt skref fram á við hvað dýravelferð varðar og aðferðin er hvergi jafn útbreidd og hér á landi.

Bætt dýravelferð í svínaeldi á Íslandi og hefðbundnum geldingum hætt:

Um 99% galtargrísa eru nú bólusettir gegn galtarlykt

Hefðbundin gelding á galtargrísu þekkist varla lengur hér á landi og er það mikil breyting á stuttum tíma til bættrar dýravelferðar og sennilega sú hraðasta sem þekkist í heiminum.

Vigdís Tryggvadóttir, sérgreina-dýralæknir svinasjúkdóma og súna hjá Matvælastofnun, segir að mikil breyting hafi orðið á hvað varðar geldingu á galtargrísu í svínaeldi hér á landi á stuttum tíma. „Í dag er afar sjaldgæft að galtargrísir séu geltir á hefðbundinn hátt með skurðaðgerð en þá eru eistun fjarlægð. Aðgerðin er framkvæmd undir staðdefyngi og verkjastillingu.“

Upplýsingar um bólusetningu galtargrísa byggja á seldum skömmtum bólufernis, eftirliti Mast og upplýsingum frá bændum.

Bændur ánægðir með bólusetninguna

„Til 2014 voru galtargrísir geltir án deyfingar en eftir mikla fjölmöðlaumræðu og tilkomu nýrra laga um velferð dýra ákváðu svínabændur að fá dýralækna til að gelda galtargrísina með staðdefyngi og verkjastillingu.“

Strax í kjölfarið var farið að skoða aðrar og betri leiðir til að koma í veg fyrir galtarlykt og galtarbragð með því að bólusetja. Aðferðin reyndist vel og fleiri bændur fóru að bólusetja og er sú aðferð allsráðandi í dag,“ segir Vigdís.

Galtarlykt og bragð

Gelding grisagalta er framkvæmd vegna þess að galtarlykt og eða galtarbragð í kjöti galta eftir kynproska veldur mörgum óþægindum og óþægð við eldun á svínakjöti.

Stór hluti neytenda er næmur fyrir lyktinni, sem er neytendum hættulaus, og til að hindra að svínakjöt með galtarlykt fari á markað eru galtargrísir geltir. Lyktin og sprautaðir tvisvar með fjögurra vikna millibili með próteini sem Vigdís segir að tvennt valdi galtarlykt. „Annars vegar kynhormónið androstenone og hins vegar lifræna efnasambandið skatole. Skatole myndast í þörmum allra svína, jafnt gyltum sem og göltum, en þar sem lifur svína brýtur niður skatole veldur það venjulega ekki galtarlykt. Androstenone



Vigdís Tryggvadóttir, sérgreina-dýralæknir svinasjúkdóma og súna hjá Matvælastofnun.



Gyltur eiga 8 til 12 grísi í goti sem eru frá 400 til 800 grömm að þyngd við got.

myndast í eistum galtargrísa við kynproska. Androstenone veldur galtarlykt eitt og sér en það dregur líka úr niðurbroti skatole í lifrinni sem safnast þá upp og veldur þá enn frekar galtarlykt hjá kynproska göltum.“

Bóluefnið stuðlar að myndun mótefna

„Bóluefnið gegn galtarlykt, Improvac, er ekki hormón eins og margir halda og hefur ekki bein áhrif á hormónakerfið. Galtargrísir eru sprautaðir tvisvar með fjögurra vikna millibili með próteini sem myndar mótefni.“

Mótefni hefur þau áhrif að eistu galtargrísa fá ekki skilaboð að mynda androstenone. Þannig dregur það úr galtarlykt hjá galtargrísu, bæði beint með að hindra myndun androstenone og óbeint með að lifrin vinnur án áhrifa frá androstenone

og brýtur skatole niður líkt og í gyltum.“

Íslensk svínabú í fararbroddi

„Bóluefni gegn galtarlykt kom á markað fyrst árið 1998 í Ástralíu og hefur verið notað þar síðan. Lyfið fékk síðan markaðsleyfi hjá Lyfjastofnun Evrópu árið 2009, en til að fá markaðsleyfi þurfa að liggja fyrir ítarlegar rannsóknir um öryggi þess.“

Ég tel aðferðina tvímælaust stórt skref fram á við hvað dýravelferð varðar og aðferðin er hvergi jafn útbreidd og hér á landi. Vítað er að verði er að bólusetja að hluta í sumum Evrópulöndum, svo sem Belgíu, Svíþjóð og Noregi, en víðast hvar annars staðar er hefðbundin gelding algengust og jafnvel án deyfingar.“

Hefð fyrir galtarkjöti til staðar erlendis

„Í sumum löndum er geldingu sleppt og framleitt svínakjöt með galtarlykt. Hefð fyrir þess konar kjöti er algeng í Bretlandi, Spáni og Ítalíu og það er algengt á markaði þar. Í öðrum löndum er galtargrísu einfaldlega slátrað áður en þeir ná kynproska og þannig komið í veg fyrir galtarbragðið,“ segir Vigdís.

Hættulaut neytendum

Vigdís segir að svínakjöt frá bólusettum svinum sé hættulaust neytendum og engin hætt á að efnið berist áfram upp fæðukeðjuna. „Bóluefnið hefur enga virkni við inntöku þar sem meltingaransím eyðileggja byggingu þess og þar með virkni. Bóluefnið er uppbyggt af próteinum og líkt og önnur prótein, brotnar það niður í aminosýrur í meltingarkerfinu.“

Bóluefnið er aftur á móti ekki hættulaust í meðhöndlun líkt og mörg önnur lyf sem notast er við. Notaðar eru sérstakar öryggisinnngjafsprautur og haldin hafa verið námskeið fyrir dýralækna um notkun og meðferð á inngjafasprautunum og lyfinu. Dýralæknar hafa síðan þjálfað þá starfsmenn svínabúa sem sinna bólusetningum.

Strangar öryggiskröfur gilda um meðferð lyfsins og möguleg slys, svo sem stunguslys.“

/VH

Hótel Fljótshlíð nær frábærum árangri í betri nýtingu matvæla:

Matarsóun minnkaði um 57% á milli ára

Í samræmi við sjálfbærnisstefnu Hótel Fljótshlíðar þá hafa starfsmenn mælt lífrænan úrgang í nokkur tíma, sett sér markmið og innleitt verklag til að draga úr matarsóun hótelsins.

„Já, við settum okkur það markmið fyrir árið 2017 að draga úr matarsóun um 25% á milli ára. Niðurstöður liggja nú fyrir og það kom okkur ánægjulega á óvart að þær aðgerðir sem við gripum til leiddu til þess að matarsóun fyrir hvern gest var hvorki meira né minna en 57% minni árið 2017 miðað við árið á undan,“ segir Arndís Soffía Sigurðardóttir hótelsstjóri, hæstánægð með árangurinn.



Arndís Soffía Sigurðardóttir, hótelsstjóri og einn eigenda hótelsins.

Sofna ekki á verðinum

Arndís Soffía segir að margt hafi verið gert á hótelinu til að draga úr matarsóuninni. „Fyrst þurftum við að komast að því hvar við stæðum með mælingum. Þá tók við markmiðssetning, fræðsla til starfsfólks og hvatning til gesta til að draga úr sóun. Við tókum innkaupin okkar í gegn og framsetningu hlaðborða.

Margs konar verklag í eldhúsi var innleitt til að sporna við sóun. Þá er stór þáttur í þessum árangri nýtt skipulag á kælum og birgðum sem veitti betri yfirsýn. Fyrst og fremst er mikilvægt að hafa markmið til að keppa að og vera sífellt að leita nýrra leiða til að draga úr sóuninni, reyna að sofna ekki á verðinum,“ segir Arndís Soffía og leggur áherslu á að allir starfsmenn voru tilbúnir að vinna að verkefninu og ná tilsettu markmiði sem tókst. /MHH



Umferð á Hringvegi: Tæplega 3% samdráttur í febrúar

Umferðin í nýliðnum febrúar á Hringveginum dróst saman um 2,6 prósent sé tekið mið af sama mánuði fyrir ári síðan. Samdráttinn má líklega rekja til tíðarfarsins sem var óvenju erfitt í mánuðinum.

Mest dróst umferðin saman á Vesturlandi, eða um rúm 7 prósent, en umferð jókst mest um teljarasnið á Austurlandi, um ríflega 9%. Hvað einstaka teljarasnið varðar þá dróst umferðin mest saman um Hringveg undir Hafnarfjalli, eða um 10,6%, aftur á móti varð mesta aukningin um teljarasnið á Fagradal á Austurlandi, eða um 10,8%.

Þrátt fyrir samdrátt miðað við síðasta ár mældist umferðin, í nýliðnum febrúar, sú næstmesta í febrúarmánuði frá upphafi samantektar, að því er fram kemur á vef Vegagerðarinnar. /MPÞ



Sérstök sjálfbærnisstefna er rekin á Hótel Fljótshlíð sem hefur virkað mjög vel.

– GÓÐIR HÁLSAR –

NÚ ER LAG

Um 200 íslenskir karlmenn greinast árlega með krabbamein í blöðruhálskirtli. Með því að kaupa Mottumarssockkana leggur þú baráttunni gegn krabbameini í blöðruhálskirtli lið.

Pantaðu þitt par í vefverslun okkar á mottumars.is

Krabbameinsfélagið

f i g t v

#mottumars

Síðan 2008

MOTTUMARS

FRÉTTIR



Þorgrímur Einar Guðbjartsson, þak við búðarborðið á Erpsstöðum.

Beint frá býli semur við Matís:

Hagkvæmari efna- og örverumælingar

Beint frá býli, félag heima-vinnsluaðila, hefur samið við Matís um að sinna efna- og örverumælingum fyrir félagsmenn sína, samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru til smærri aðila í heimavinnslu matvæla.

Þorgrímur Einar Guðbjartsson, formaður Beint frá býli, segir að ekki sé verið að herða reglurnar um þessar mælingar. „Þetta snýst um að freista þess að fá þessa þjónustu á betra verði þar sem umfang framleiðslunnar er svo lítil að hún ber ekki endilega mikinn aukakostnað.“

Það þarf að senda inn talsvert af sýnum úr hverri vöru og oft á tíðum er magn framleiðslunnar mjög lítið.

Að sögn Þorgríms þarf að fylgjast með nokkrum þáttum framleiðslunnar. Það þarf að taka vatnssýni, gera þrifapróf, mæla magn næringarefna og síðan athuga hvort óeðlilega mikið sé af sýklum eins og E.coli og listeria, eða öðru sem ekki á að vera í vörum. Þetta er bara partur af gæðastjórnun,“ segir Þorgrímur.

/smh



Metanbílar í eigu Akureyrarbæjar og Norðurlorku.

Akureyri:

Metanstrætó reynist vel

Ingibjörg Ólöf Ísakson, formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs, segir á heimasíðu Akureyrarbæjar að stigið hafi verið stórt skref í þá átt að gera allan strætóflotann umhverfisvæn.

„Í umhverfis- og samgöngustefnu bæjarins segir að stefnt skuli að því

að allir strætisvagnar bæjarins noti umhverfisvæna orkugjafa fyrir árið 2020 og það er alls ekki óraunhæft að svo verði. Hins vegar er ómögulegt að segja hvort fjórði vagninn verði metanvagn eða eitthvað annað því þróunin er svo ör í þessum málum,“ segir Ingibjörg.

/MPD



Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra:

Sjötíu milljónir í styrki

Styrkir voru veittir úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra við athöfn í félagsheimilinu Húnaveri í Húnavatnshreppi. Alls bárust 107 umsóknir þar sem óskað var eftir 200 milljónum króna í styrki. Sjötíu styrkir voru veittir til 54 aðila að upphæð tæpar 55,6 milljónir króna.

Við sama tækifæri voru einnig veittir styrkir úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Norðurlands vestra. Níu umsóknir bárust þar sem óskað var eftir 73 milljónum króna í styrki. Styrkir voru veittir

til þriggja aðila, samtals að upphæð 14,6 milljónir króna.

Umsóknir um styrki voru fjölbreyttar og mörg áhugaverð verkefni. Styrkuppheðir eru frá 150 þúsund krónum til 6,8 millj. kr. Alls var úthlutað 32 milljónum króna í menningarhluta Uppbyggingarsjóðs og 38 milljónum króna til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna. Fjármagn beggja sjóðanna er hluti af samningi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra við stjórnmálum um framkvæmd Sóknaráætlunar Norðurlands vestra 2015 til 2019.

/MPD



Þeir sem hafa fengið að smakka rjómalíkjörinn hjá Pétri segja hann ótrúlega góðan enda er hann vinsælasti starfsmaðurinn í MS Selfossi þessar vikurnar því prófanir á drykknum fara m.a. þar fram. Drykkurinn er 18% af styrkleika. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Áfengur rjómadrykkur úr íslenskri mjólk

– Framleiddur með ethanol úr íslenskri ostamysu

„Verkefnið gengur ótrúlega vel, allar tilraunir og allt sem fylgir svona nýjung hefur komið ótrúlega vel út. Ef allt gengur að óskum þá vonast ég til að drykkurinn geti farið á markað eftir nokkra mánuði,“ segir Pétur Pétursson mjólkurfræðingur.

Hann er að þróa 18% rjómalíkjör

úr íslenskri mjólk með ethanol úr íslenskri ostamysu á markað. Pétur fékk styrk frá verkefninu „Mjólk í mörgum myndum“ á síðasta ári við að vinna að hugmynd sinni. Verkefnið er á vegum Auðumlu og Matís sem veitir nýsköpunarstyrki til að þróa nýjar vörur úr mjólk. Drykkur Péturs heitir Jökla sem yrið fyrsti íslenski rjómalíkjörinn

unninn úr íslenskri mjólk og með ethanol úr íslenskri ostamysu frá Heilsuprótein chf.

„Jökla er alfaríð hugmynd mín þar sem hann nýtir sérþekkingu mína á svíði mjólkurframleiðslu og áratuga reynslu af sölu á landbúnaðarvörum til bændna,“ segir Pétur stoltur og ánægður með nýja rjómalíkjörinn. /MH



Verið er að rannsaka hvort kjöt af sýktum og sjálfdaudum dýrum hafi verið selt til manneldis frá írskum eyðingarstöðvum.

Rannsókn hafin á Írlandi á meintu kjötsvindli:

Ótti við að kjöt af sýktum og sjálfdaudum skepnum hafi verið selt til manneldis

Ráðuneyti landbúnaðar, matvæla og sjávarútvegs á Írlandi hefur hafið rannsókn til að komast til botns í áskökunum um að fölsuð hafi verið vottorð á miklu magni af kjöti af sjúkum og sjálfdaudum skepnum sem hafi verið unnið í ónefndri eyðingarstöð (knackery) á Írlandi og sagt selt til manneldis.

Breska blaðið Sunday Times greindi frá þessu í fyrri viku. Þar kemur fram að kjöt af dýrum sem ekki var hæft til manneldis var ekki údað með sérstöku litarefni til að tryggja að það færi ekki til manneldis. Talið er að þess í stað hafi þetta kjöt verið eldað, hakkað og pakkað í mismunandi umbúðir og selt til neyslu. Sérstakt rannsóknarteymi á vegum ráðuneytisins mun hafa verið sett í málið.

Í gegnum tíðina hafa fjölmargar rannsóknir verið gerðar á því hvort kjöt sem óhæft var til neyslu hafi verið selt á milli manna á svörtum markaði og inn á veitingastaði. Hingað til hefur ekki tekist að staðfesta slíkt. Er nú reynt að rekja feril á öllu kjöti sem borist hefur í eyðingarstöðina.

Ónothæft kjöt í gegnum „kjöðhvotti“ til manneldis

Í Sunday Times er vísað í rannsakendur sem telji að í sumum eyðingarstöðvum sem meðhöndla sjálfdauda og sýkta gripi og annað kjöt af dýrum sem ekki má nýta til manneldis, hafi einnig verið unnið kjöt af dýrum sem eynamerki hafa verið skorin af og eru talin stólin. Það hafi þannig verið „hreipveggið“ í stöðvunum, líkt og þekktist í peningabvætti, og sent þaðan inn á kjötmarkaðinn. Einnig er rannsakað hvort slíkt kjöt hafi verið selt í beinni sölu hús úr húsi. Á vefsíðu Farm Ireland, var greint frá málinu 26. febrúar og þar var bent á að írskar eyðingarstöðvar eru ekki undir beinu eftirliti opinberra dýralækna ólíkt því sem gerist með kjötvinnslustöðvar. Matvælaöryggisyriföld á Írlandi (Food Safety Authority of Ireland - FSAI) hafi í fyrra greint frá áhyggjum sínum yfir gæðamálum sumra írskra eyðingarstöðva. Hafi FSAI bent á að ekkert reglverk

væri til að koma í veg fyrir að dýr sem drepist höfðu af völdum sjúkdóma rítuðu til manneldis eða í fôður dýra.

Einnig kom í ljós að dýr höfðu verið skotin á færi af óreyndu starfsfólki og miklir annmarkar væru á að það staðist kröfur um meðferð dýra til matvælaframleiðslu. Í einu vinnslufyrirtæki fannst verulegt magn af dýrafurðum þökkvöldum í plastpoka og geyndar í frystigámum. Voru þær án nokkurra merkinga um hvaðan kjötið var upprunnið.

Engin úttekt af hálfu ESB í fjölda ára

Landbúnaðarráðuneyti Írlands gefur út vinnsluleyfi fyrir eyðingarstöðvar. Það hefur staðfest að engin úttekt eða endurskoðun hafi farið fram á írskum eyðingarstöðvum af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða nokkurra annarra ESB-stofnana í fjölda ára. /HKr.

JÖKLAR

Upplifun á Íslandi

ÍSLENSK HÚS - SÉRHOÑNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU

Forsniðin einingahús Fljótleg í uppsetningu



EINFALT AÐ STÆKKA OG BREYTA

Hægt er að lengja húsin að vild með því að bæta við einingum í miðju þess ásamt sperrum og gólfbitum.



Stórsýningin
Verk og vit

2018 Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð

Laugardalshöll 8.-11. mars

Verið velkomin á sýningarbás okkar á sýningunni
Verk og vit í Laugardagshöllinni 8.-11. mars.

Íslensk hönnun fyrir íslenskar aðstæður
Húsin standast 100% íslenska byggingareglugerð

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is



LANDSHÚS



Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Vortilboð á rúlluplasti

- **15% afsláttur** af rúlluplasti og neti til 30. apríl.
- Hágæða rúlluplast frá Trioplast; Triowrap, Trioplus og TrioBaleCompressor.
- Við verðum áfram með til sölu **blátt** og **bleikt** rúlluplast. Í samstarfi við Trioplast renna 425 kr af hverri seldir rúllu til styrktar Krabbameinsfélags Íslands.



Bústólpi ehf. · fóður og áburður · 600 Akureyri · bustolpi@bustolpi.is · www.bustolpi.is · Sími 460 3350

FRÉTTIR



Vegagerðin biðlar til ökumanna að sýna sérstaka aðgæslu við aksturinn.

Slitlag á vegum landsins er víða mjög illa farið

– Vegfarendur hvattir til að aka með gát

Slitlag á vegum landsins er víða mjög illa farið eftir veturinn og umhleyppinga undanfarið.

Umfangið er það mikið að ekki verður unnt að laga allt samstundis, segir í frétt á vef Vegagerðarinnar og því eru vegfarendur beðnir að aka með gát, vera viðbúin hugsanlegum skemmdum, hvort heldur er á malbiki eða klæðningu. Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa eftirlit með vegum og gripa til aðgerða um leið og þeir verða varir við eða fá tilkynningar um holur á vegum.

Fjárveitingar til viðhalds lægri en þörf er á

Vegakerfið, sem er í umsjón Vegagerðarinnar, er tæplega 13.000 kílómetra langt og þar af eru um 5.500 kílómetrar með bundnu slitlagi. Fjárveitingar til viðhalds hafa mörg undanfarin ár verið lægri en Vegagerðin telur þörf fyrir til að sinna viðhaldi sem þýðir að að einhverju marki verða skemmdir í slitlagi heldur meiri eftir umhleyppingatið en ella.

Við þær veðurastæður sem ríkja hér á landi verður þó aldrei hægt að



Væn hola við Gílfúrá.



Kjöraðstæður til að eyðileggja bæði dekk og felgur.



Vegur númer 35, ofan Múla, lítur ekki sérlega vel út.

koma alveg í veg fyrir að skemmdir í malbiki eða klæðningu komi í ljós þegar vorar.

Aðstæður eru heldur ekki alltaf til að lagfæra vegaskemmdir um leið og þeirra verður vart en í slíkum tilvikum er brugðist við með merkingum þegar þörf er á.

Starfsmenn Vegagerðarinnar vinna hörðum höndum við að laga allra verstu vegaskemmdirnar en Vegagerðin biðlar til ökumanna að sýna sérstaka aðgæslu við aksturinn.

/MPP



Þrír efstu. Þorsteinn Geir Kristinsson, Garðar Kári Garðarsson og Sigurjón Bragi Geirsson. Myndir / Sigurjón Ragnar

Garðar Kári er Kokkur ársins 2018

Garðar Kári Garðarsson, matreiðslumeistari hjá Eleven Experience - Deplar Farm, bar sigur úr þýtum í keppninni um nafnbótina Kokkur ársins 2018, sem haldin var 24. febrúar síðastliðinn.

Kepp var í Hörpu þar sem gestir gátu fylgst með keppendum að störfum. Yfirdómari í 11 manna dómnefnd var Christopher W. Davidsen frá Noregi. Hann er margverðlaunaður í keppnismatreiðslu og hefur meðal annars unnið til silfurverðlauna í hinni kunnú keppni Bocuse d'Or.

Þátttökuréttur í Nordic Chef

Garðar Kári öðlast þátttökurétt í Nordic Chef-keppninni á næsta ári, sem verður haldin á Íslandi.

Í fyrra var það Hafsteinn Ólafsson á Sumac Grill + Drinks sem bar sigur úr þýtum.

Garðar heillaði stjórnuðómarann

Í tilkynningu frá mótshöldurum er



Björn Bragi Bragason, forseti Klúbbs matreiðslumeistara, Harpa Sigríður Óskarsdóttir, sem aðstoðaði Garðar Kára, Garðar Kári Garðarsson og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

haft eftir Christopher að keppendur hafi komið vel undirbúin til leiks og að keppnin hafi verið hörð. „... ég verð að hrósa þessum ungu íslensku kokkum fyrir þeirra framlag og er sérstaklega hrifinn af Garðari Kára, sem kom og heillaði

dómnefndina með sínum flotta mat og faglegu vinnubrögðum. Ísland er hágræða matarland og íslenskir kokkar standa sig afar vel í alþjóðlegum samanburði svo sem í alþjóðlegum matreiðslukeppnum,“ sagði Christopher. /smh

Ný umbótaáætlun í fráveitumálum í Skútustaðahreppi:

Næringarefni verða endurnýtt til uppgræðslu á Hólasandi

Ný umbótaáætlun í fráveitumálum fyrir Skútustaðahrepp og 13 rekstraraðila hefur verið samþykkt. Umbótaáætlunin var gerð vegna krafna frá Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

Um er að ræða tímasetta og fjármagnaða áætlun um úrbætur þar sem fram kemur hvernig og fyrir hvaða tíma sveitarfélagið og rekstraraðilar muni fullnægja kröfum um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa þar sem við á.

Helstu breytingar frá fyrri áætlun, sem skilað var inn 15. júní í fyrra, er að nýja umbótaáætlunin byggist á nýrri lausn sem felst í aðskilnaði svartvatns (frá salernum) og grávatns, söfnun svartvatns í lokaðan tank og endurnýtingu næringarefna til uppgræðslu á Hólasandi í samstarfi við Landgræðsluna.

Fram kemur í pistli Þorsteins Gunnarssonar sveitarstjóra að umbótaáætlunin er fjármögnuð að fullu og meginmarkmiðum skipt upp í áfanga til næstu fjögurra ára.

„Umbótaáætlun er í raun orðin að umhverfissvænu stórverkefni í Mývatnssveit þar sem á sjálfbærán hátt




Liður í vinnu Mývetninga við nýja umbótaáætlun í fráveitumálum var að heimsækja Hrunamannahrepp og kynna sér samstarfsverkefni sveitarfélaganna í uppsveitum Arnessýslu og Landgræðslunnar sem gengur út á söfnun seyyru og dreifingu á uppgræðslulandi á Hrunamannafrétt. Myndin var tekin í þeirri heimsókn: Jóhanna Katrín, Helgi, Yngvi Ragnar, Reynir frá verkfræðistofunni Eflu og Þorsteinn. Myndi / Skútustaðahreppur

er verið að nýta seyyru til uppgræðslu á stað þar sem næringarefni skortir. Verkefnið nýtist sveitarfélaginu og fyrirtækjum sem vilja draga úr kolefnisspori sínu með því að græða upp land. Landgræðslan dregur með þessu móti úr notkun á tilbúnum áburði til uppgræðslu ár hvert og með innkaupum sveitarfélagsins og rekstraraðila á vatnssparandi

salernum sparast mikið magn af vatni,“ segir Þorsteinn í pistli sínum. Sveitarstjórn hefur samþykkt umbótaáætlunina samhljóða og var sveitarstjóra falið að senda hana inn til heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra. Umbótaáætlunin verður kynnt opinberlega á næstunni þegar búið er að hnýta alla lausa enda.

/MPP



ALLT UM RÆKTUN MATJURTA

Lífgaðu upp á heimilið með plöntum sem gefa af sér allan ársins hring

Lærðu að nýta birtu og rými sem best

Myndræn og einföld framsetning



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-19 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is

NJARÐARNES 4



STEINSMIÐJA
AKUREYRAR
MINNISMERKI.IS

NJARÐARNES 4

MARSTILBOÐ - FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND

113

41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull

GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

103

76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull

GRÁR - 219 þúsund með grafskrift með lugt og vasa - 289 þúsund

103M

68x47 cm frá sökkli



80 cm sökkull

GRÁR - 165 þúsund með grafskrift

111

41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull

GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

110

100x57 frá sökkli



130 cm sökkull

GRÁR - 270 þúsund með grafskrift

252

br 60 x h 50 frá sökkli



80 cm sökkull

Grár - 159 þúsund með grafskrift Pláss fyrir 2 nöfn

s: 466 2800 / 899 9370

Nýuppfærð heimasíða sala@minnismarki.is - mikið úrval og góð verð

FRÉTTIR

Barnamenningarverkefnið List fyrir alla:

Rúmlega 13 þúsund börn í 123 skólum víðs vegar um landið hafa notið listviðburðanna

„Okkur tekst núna í ár að heimsækja alla grunnskóla landsins utan Reykjavíkur með skemmtilega listviðburði í farteskinu. Við erum mjög ánægð með þann árangur, viðtökur hafa verið góðar og börnin hafa notið listviðburða af ýmsu tagi,“ segir Elfa Lilja Gísladóttir, verkefnastjóri verkefnisins List fyrir alla, sem er barnamenningarverkefni á vegum mennta- og menningar-málaráðuneytis.

Þessu verkefni er ætlað að velja og miðla listviðburðum um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag.

Elfa Lilja segir að höfuðáherslan sé lögð á menningu fyrir börn og með börnum, með það markmið að leiðarljósi að öll grunnskólabörn á Íslandi eigi þess kost að njóta reglulegra heimsóknna listafólks. „Við setjum stefnuna á að yfir tíu ára grunnskólagöngu fái börnin að kynna fjölbreytileika listanna, íslenskum menningararfi og list frá ólíkum menningarheimum,“ segir hún.

Rúmlega 13.000 börn í samtals 123 grunnskólum njóta listviðburða skólaveturinn 2017–2018. Alls hafa 14 viðburðir af ýmsu tagi verið í boði. „Við höfum ekki náð að sýna hverju einasta barni alls staðar á landinu þessa viðburði, sumir þeirra eru ætlaðir börnum á yngsta stigi, aðrir eru fyrir mið- eða unglingastig, en við höfum náð því að bjóða öllum skólum upp á listviðburð,“ segir Elfa Lilja.

Í liðinni viku komu góðir gestir norður yfir heiðar og buðu börnum á yngsta stigi grunnskólans, frá Akureyri og nærsveitum, upp á hljóðsöguna Heyrðu Villuhrafninn mig með Dúó Stemma. Þau Herdis Anna Jónsdóttir fjölsuleikari og Steef van Oosterhout slagverksleikari



Að lokinni sýningu á verkinu Skuggamynd stúlku sem sýnt var fyrir nemendur í 7. til 10. bekk á Fáskrúðsfríri. Hreindis Ylva Garðarsdóttir Holm leikur í sýningunni, leikstjóri er Agnes Wild.



Nemendur í Vallaskóla á Selfossi nutu þess að horfa á söngleikinn Björt í Sumarhúsi. Valgerður Guðnadóttir sér um sönginn og Hrönn Þráinsdóttir leikur á piano.

skipa Dúó Stemma, bæði starfa sem hljóðfæraleikarar í Sinfóníu-hljómsveit Íslands.

Umgjörð eins og best verður á kosið

„Það er virkilega gaman þegar við

getum boðið upp á okkar listviðburði í menningarhúsum, eins og í Hofi, þar sem öll umgjörð er eins og best verður á kosið,“ segir Elfa Lilja. Hún bætir við að hvarvetna megi finna fyrir velvilja innan menningarhúsanna að fá grunnskólanemendur inn í húsin, en samstarf þar um er m.a. við Menningarfélag Akureyrar, Menningarmiðstöð Fljótssaldshéraðs, Salinn í Kópavogi, Listasafn Árnesinga, Listasafn Íslands, Þjóðleikshúsið, Edinborgarhúsið á Ísafirði og Bæjarbíó í Hafnarfirði. „Við fögnum þessu samstarfi mjög,“ segir hún. A Akureyri, Húsavík og nágrennasveitarfélögum mættu tæplega 1.500 börn úr fyrsta til fjórða bekk úr alls 19 grunnskólum.

Í lok febrúar upplifu allir nemendur í 7.–10. bekk í Fjarðabyggð og Fljótssaldshéraði leikritið Skuggamynd stúlku. Það fjallar um Brynju sem verður vitni að alvarlegu einelti sem gengur allt of langt. Hreindis Ylva Garðarsdóttir Hólm leikkona fer með hlutverk Brynju í leikstjórn Agnesar Wild sem jafnframt sá um tæknihlið verksins. Nú í byrjun mars fá nemendur á Austurlandi í heimsókn brúðugæðarkonuna Greta Clough og læra af henni að hanna brúður. Greta Clough rekur Brúðuleikhús á Hvammsganga. „Við fögnum samstarfi við alla þessa ólíku listamenn og listhópa,“ segir Elfa Lilja og bendir á að áhugasamir geti kynnt sér öll þau verkefni sem í boði eru á heimasíðu verkefnisins, listfyriralla.is.

Auk þess sem markmið með verkefninu List fyrir alla er að bjóða grunnskólabörnum upp á vandaðan listviðburð óháð búsetu og efnahag og jafna þannig aðgang barna að slíkum viðburðum, segir Elfa Lilja að með því náist einnig að tengja saman hóp listamanna og skólanna sem taka höndum saman og miðla skemmtilegum viðburðum til barnanna. Viðburðirnir eru af



Nemendur í Grunnskólanum í Hrisey tóku ferjuna í landi til að horfa á sýninguna í Hofi og gerðu úr deginum menningarreisnu í höfuðstað Norðurlands.



Steef van Oosterhout slagverksleikari, Elfa Lilja Gísladóttir, verkefnastjóri verkefnisins List fyrir alla, og Herdis Anna Jónsdóttir fjölsuleikari að lokinni vel heppnaðri sýningu í Hofi.

ýmsu tagi og snerta flest svið, en leitast er við að gera allar listgreinar sýnilegar sem kostur er. Í öllum tilvikum eru viðburðir unnir af fagfólki.

Börn eiga aðeins það besta skilið

„Það er langt í frá sama hvernig við kynnum listviðburð fyrir börnum. Stundum höfum við fullorðna fólkið tilhneigingu til að afgreiða barnamenningu sem léttvæga afþreyingu í samanburði við hinn djúpa og flókna menningarheim fjölsýnninn. Það er hættulega röng ályktun því dæmið snýr öftugt. Það er dauðans alvara að börn lesi bækur, hlusti og horfi á leikrit, upplifi litríkar sýningar, njóti tónlistar, dans, læri að syngja, semji ljóð og spili á hljóðfæri. Það er lykillinn að framtíð mildi og mannúðar. Þannig búum við til betra fólks til framtíðar lítið og um leið mannlegri samfélög og tilvist. Börn eru um 25% þjóðarinnar, þau eru nú þegar neytendur þegar að listinni kemur, ekki bara hugsanlegir neytendur þegar til framtíðar er lítið og eiga því jafnan rétt á við fullorðna að njóta metnaðarfullrar menningar

við bestu aðstæður. Gæðin verða ávallt að vera í fyrirrúmi og hvergi má slaka á kröfum,“ segir Elfa Lilja.

Snertum ekki hvert einasta hjarta, en ...

Hún bætir við að börn líkt og fullorðnir hafi ólíkan smekk, sum taki eitt fram yfir annað, leikrit fram yfir tónleika eða öfugt. „Við leggjum því áherslu á að bjóða fjölbreytt úrval listviðburða. Okkar hlutverk er að örva skapandi hugsun, hlúa að mennskunni og virkja kraft og gera fjölbreytileikann sýnilegan. Við viljum gefa börnum tækifæri á að njóta lista og skapandi upplifunar, þannig þurfum við að flytja listina til þeirra.

Við gerum okkur grein fyrir að við snertum ekki hvert einasta hjarta, en vonandi vaknar áhugi hjá mörgum úr hópi áhorfenda sem jafnvel sjá færi á að vettvangur listarinnar gæti orðið framtíðarstarfsvettvangur. Börnum leyfist að hafa skoðun á verkum, við viljum þjálfa þau í að rýna til gagns, vekja þau til umhugsunar, og hreyfa við tilfinningum. Þá er tilgangnum náð,“ segir Elfa Lilja. /MPP

KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



KLEFAR

Kæli- & frystiklefar í miklu úrvali.

Vottaðir gæðaklefar með mikla reynslu á Íslandi. Einfaldir í uppsetningu.

HILLUR

fyrir kæli- & frystiklefa.

Mikið úrval og auðvelt að setja saman. Sérhannaðar fyrir matvæli.



Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIDANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

List fyrir alla auglýsir eftir umsóknum um listviðburði eða verkefni á svið barnamenningar fyrir grunnskólabörn

List fyrir alla er barnmenningarverkefni á vegum mennta- og menningar- málaráðuneytis, sem ætlað er að miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag.

Starfandi listamenn sem og stofnanir og aðrir lögaðilar er sinna barna- menningu á einhvern hátt geta sótt um. Umsóknarfrestur er til 19. mars 2018.

MAT Á UMSÓKNUM

Valnefnd metur umsóknir og gildi þeirra með hliðsjón af því hvernig þær falla að markmiðum verkefnisins List fyrir alla. Listviðburðir og verkefni skulu í öllum tilvikum unnin af metnaði og af fagfólki. Við mat á umsóknum er valnefnd heimilt að leita umsagnar, gerist þess þörf.

Akvörðun úthlutunar mun liggja fyrir eigi síðar en 4. maí 2018.

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu List fyrir alla, www.listfyriralla.is



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 22. mars

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA
FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA
K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA
K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA
K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA
DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð
og kjarnaborar



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verstun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is



**NILFISK VINNUR
VERKIÐ Á
METHRAÐA**

Nilfisk fæst í Rekstrarlandi, Vatnagörðum 10. Þetta danska vörumerki þekkja flestir enda gæðaryksugur sem hafa þjónað íslenskum heimilum dyggilega í áratugi. Komdu og skoðuðu Nilfisk ryksugurnar og úrvalið af fylgihlutum, hausum, börkum og ryksugupokum.

Nilfisk fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.



OPIÐ ALLA
VIRKA DAGA
KL. 8-17.



STEEKUR

Stærst og mest í plöntuheimi

Plöntur eru merkilegar lífverur og ýmislegt merkt sem rekur á fjórum manns þegar þær eru skoðaðar nánar.

Hraðasti vöxtur

Bambusa oldhamii er bambustegund sem vex í Kína. Vöxtur bambussins er sá hraðasti sem mælt hefur í plöntu en hann getur verið allt að einn metri og tuttugu sentimetrar á dag. Plantan verður sjaldan hærra en átján metrar og nær þeirri hæð á tveimur mánuðum.

Hægasti vöxtur

Talið er að plöntur af ættinni Dioon vaxi hægast allra plantna í heiminum. Elsti runni sem vitað er um af ættinni er um þúsund ára gamall en aðeins tæpir tveir metrar á hæð.

Seinvaxnasta brönuhrasíð

Orkidea sem heitir Cypripedium calceolus vex hægast allra brönuhrasa, það tekur hana um sautján ár að blómstra.

Hundrað og fimmtíu ár að blómstra

Sjaldgæf planta í Bólivíu, Puya raimondii, gefur sér lengsta tímann til að mynda blóm. Plantan er eitt hundrað og fimmtíu ár að ná fullum þroska, blómstrar einu sinni og deyr. Blómkransinn er einstaklega tilkominur með allt að átta þúsund litlum blómum í sveip sem verður allt að 2,4 metrar í þvermál á tæplega ellefu metra háum stilk.

Elsta trjátegundin

Ginkgo biloba er elsta trjátegundin sem vitað er um. Trén komu fyrst fram fyrir hundrað og átta tíu milljónum ára.

Stærsti brúðarvöndurinn

Samkvæmt heimsmetalist Guinness voru 1.500 blóm í stærsta blómvendi sem settur hefur verið saman til þessa. Í vöndur voru 500 rósir, 400 nellikur, 60 liljur, 200 fagurflílar og 340 slækublóm. Vöndurinn vó 92 kíló.

Hátt tré

Hæsta tré sem vitað er um er rauðviður af tegundinni Sequoia sempervirens, tréð sem er í Humboldt-þjóðgarðinum í Kaliforníu var um 117 metrar á hæð í síðustu mælingu.

Mesta breidd

Breðasti trjábolur sem mælt hefur er á heslihnættur, Castanea sativa, við rætur eldfjallsins Etna á Sikiley. Ummál bolsins er 51 metri, þrátt fyrir að hann hafi orðið fyrir miklum skemmdum í gegnum tíðina af völdum eldinga og annarra náttúruhamfara.

Stærsta blómkróna

Planta sem heitir Rafflesia á latínu státar af stærsta blómi í heimi. Ummál blómsins nær allt að 91 sentimetrar og getur orðið sjö kíló á þyngd. Rafflesia vex í Suður-Ameríku og gengur undir nafninu rotnandi lilja vegna megnrar ýldulyktarinnar sem leggur af blóminu. Flugur laðast að lyktinni og frjóvga plöntuna.

Minnsta blómíð

Wolffia arrhiza blómstrar minnsta blómi sem vitað er um. Plantan er af ættinni Lemnaceae en blómurinn er frá 0,5–1,2 millimetrar að ummáli.

/VH

HLUNNINDI & VEIÐI



Norðmenn fluttu út 1 milljón tonna af eldisfiski fyrir 67,7 milljarða norskra króna á árinu 2017, eða sem samsvarar rúmum 870 milljörðum íslenskum.

Enn eitt metárið í Noregi



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Tæplega sex sinnum lægri útlutningstekjur

Á síðasta ári var slegið met í útlutningi sjávarafurða frá Noregi. Útlutningurinn nam sem samsvarar rúmum 1,2 þúsund milljörðum íslenskra króna, sem er tæplega sex sinnum hærra upphæð en fékkst fyrir útluttar sjávarafurðir og eldisfisk frá Íslandi á árinu.

Norðmenn eru mikil fiskveiðipjóð og veiða þeir rúmlega tvöfalt meira en Íslendingar, eins og áður hefur verið víkið að í sjávarútvegspistli hér í Bændablaðinu. Munurinn á löndunum er þó ennþá meiri þegar kemur að útlutningi sjávarafurða. Skýrist það af því að Norðmenn eru stærsta laxeldisþjóð í heimi og þeir flokka afurðir fiskeldis með sjávarafurðum í útlutningstölum sínum.

Norðmenn reka gríðarlega öflugan sameiginlega sölustarfsemi fyrir sjávarútveg á mörkuðum erlendis á vegum opinbers félags, Norges sjomatråd (norska sjávarafurðaráðið), sem er fjármagnað með gjöldum á greinina sjálfa. Norges sjomatråd heldur utan um tölur um útlutning norskra sjávarafurða og á heimasíðu ráðsins er því slegið upp í ítarlegri samantekt að á árinu 2017 hafi verið sett enn eitt metið í útlutningsverðmæti. Þá voru flutt út 2,6 milljónir tonna af sjávarafurðum fyrir 94,5 milljarða norskra króna, sem samsvarar rúmum 1,2 þúsund milljörðum íslenskum. Þetta er um 3% aukning verðmæta og 7% aukning í magni frá metárinu 2016. Um 72% af þessum verðmætum koma frá fiskeldi, en 28% eru afurðir úr sjávarfangi. Sé litið á magnatölur þá eru 40% útlutningsins eldisfiskur en 60% vegna veiða.

Norðmenn hafa reiknað út að útluttar norskar sjávarafurðir dugi til að matreiða hvorki meira né minna en 36 milljónir máltíða hvern einasta dag allt árið um kring.

Mælingar á loðnu við Ísland:

Ráðgjöf um loðnuveiðar óbreytt

Undanfarin ár hafa orðið breytingar á göngumynstri loðnu við landið. Í febrúar á síðasta ári fannst töluvert af loðnu út af Norðurlandi sem leiddi til aukningar í aflamarki á þeirri vertíð. Mælingar í ár gefa ekki tilefni til aukningar á aflamarki að svo stöddu.

Loðnan á síðasta ári virtist hafa komið seint inn á hefðbundna gönguslóð og því verið utan mælingasvæðis leiðangurs sem farinn var í janúar 2017. Því var ákveðið að halda að nýju til mælinga nú í febrúar.

Ekki liggja fyrir endanlega opinberar tölur um útluttar sjávarafurðir frá Íslandi árið 2017 en í bráðabirgðatölum Hagstofnunar um vöruútlutning í fyrra kemur fram að tekjur af sjávarafurðum hafi verið 197 milljarða króna. Það er um 15% samdráttur frá árinu 2016. Mestur samdráttur varð í útlutningi á frystum flökum og ferskum fiski. Þess má geta að sjávarafurðir eru um 38% alls vöruútlutnings frá Íslandi.

Hagstofnan hefur ekki fískeldi með í heildaryfirliti um útluttar sjávarafurðir. Til að unnt sé að bera saman tölur frá Íslandi og Noregi er nauðsynlegt að taka fískeldið með í reikninginn. Samkvæmt upplýsingum sem fengust frá Landssambandi fískeldisstöðva má áætla að seld hafi verið rúm 20 þúsund tonn af íslenskum eldisfiski, aðallega laxi, fyrir um 15 milljarða á síðasta ári. Alinn fiskur og villt sjávarfang skila því væntanlega samanlagt um 212 milljörðum í útlutningstekjur sem er tæplega sex sinnum lægri upphæð en Norðmenn fá fyrir sinn útlutning.

Athygli vekur hvað eldisfiskur er farinn að vega þungt í útlutningi hér á landi og stefnir eldislaxinn öðfluga í að verða sá fiskur sem kemur næst á eftir þorskinu að verðmætum.

Eldisfiskur fyrir 870 milljarða

Vikjum aftur að Noregi en Norðmenn fluttu út nánar tiltekið 1 milljón tonna af eldisfiski fyrir 67,7 milljarða norskra króna á árinu 2017, eða sem samsvarar rúmum 870 milljörðum íslenskum. Útlutningurinn jókst um 2,3 milljarða norskra króna frá árinu 2016 en magnið er svipað.

Útluttar fiskafurðir í fyrra (þ.e. hvítiskur, uppsjávafiskur og skel- og krabbadýr) námu 1,6 milljónum tonna að verðmæti 26,8 milljarða norskra króna, eða um 345 milljarða íslenskrar. Þetta er 2,4% aukning í verðmætum en 12% aukning í magni.

Laxinn er að sjálfsögðu lang-



Laxinn er að sjálfsögðu langmikilvægasti fiskurinn í norskum sjávarútvegi og gefur um 68% af heildarverðmætum sjávarafurða. Þorskur kemur þar á eftir með tæp 10% verðmætanna og makrill er í þriðja sæti með 4,4%.

mikilvægasti fiskurinn í norskum sjávarútvegi og gefur um 68% af heildarverðmætum sjávarafurða. Þorskur kemur þar á eftir með tæp 10% verðmætanna og makrill er í þriðja sæti með 4,4%.

Hvítiskur og uppsjávafiskur

Norskur hvítiskur gaf í heild um 15 milljarða norskra króna í útlutningstekjur, um 193 milljarða íslenskra. Skipting eftir afurðaflokkum er þannig að frýstar afurðir skiluðu 5,3 milljörðum norskum, þurrkaður saltfiskur (klippfisk) gaf rúma 4 milljarða, ferskar afurðir 3,4 milljarða og blautverkaður saltfiskur um 1,3 milljarða.

Uppsávafiskurinn skilaði 7,7 milljörðum norskra króna, rétt um 100 milljörðum íslenskum. Þar af gaf makrillinn rúma 4 milljarða og sild um 2,8 milljarða.

Mest til ESB

Norðmenn fóru mjög illa út úr innflutningsbanni Rússa á matvælum á sínum tíma en þeir hafa náð vopnum sínum og herja nú grimmt á aðra markaði. Helstu markaðir fyrir norskar sjávarafurðir eru í Evrópusambandslöndunum en þangað fóru afurðir fyrir 61 milljarð

norskun, eða 786 milljarða íslenskra. Til Asíu fóru sjávarafurðir fyrir 18,7 milljarða norska.

Þólland er það land sem kaupir mest af norskum sjávarafurðum en mestur vöxtur í útlutningi var til Bandaríkjanna.

Lágt hlutfall af unnum fiski

Norska sjávarafurðaráðið vekur sérstaka athygli á því í samantekt sinni hvað óunninn fiskur er hátt hlutfall af útlutnum sjávarafurðum. Árið 2017 var óunninn heill fiskur um 69% af öllum útlutningi sjávarafurða, jafnt hvítiskur, uppsjávafiskur og eldisfiskur.

Þetta skiptist þannig að aðeins 17% af útlutnum eldislaxi eru unnir í Noregi en restin er seld sem heill lax, annaðhvort ferskur eða frystur. Þess má geta að frændur okkar Danir eru duglegir að kaupa heilan lax frá Noregi og vinna úr honum verðmæta útlutningsvöru.

Hærra hlutfall af villtum fiski er tekið til vinnslu ýmissa afurða heima fyrir í Noregi. Engu að síður er tæplega helmingur af þorskinu fluttur út sem heill fiskur, frosinn eða ferskur, svo dæmi sé tekið. Aðeins um 53% af þeim þorski sem Norðmenn veiða fara í vinnslu á sérstökum þorskaufurðum svo sem saltfiski eða flökum.

Ekki vísbandingar um nýjar göngur

Umtalsvert magn af loðnu fannst yfir grunnum út af Norðurlandi, meðal annars á svæðum í kringum Grimsey, við Skjálfandadýp og Öxarfjardardýp. Talsverður fjöldi norskra veiðiskipa var að loðnuveiðum á svæðinu, fyrst við Þistillfjardardýp og síðar í Öxarfirði og Skjálfanda og gáfu þau upplýsingar um dreifingu og göngur á svæðinu.

Alls mældust rúm 200 þúsund



tonn vestan línu sem dregin er norður úr Fonti á Langanesi, en í janúar síðastliðnum höfðu mælst rúm 300 þúsund tonn á því svæði. Magn og dreifing loðunnar fyrir Norðurlandi ásamt aldurs- og stærðarsamsetningu hennar gefa ekki ákveðnar vísbandingar um að nýjar loðnugöngur hafi þæst við það sem áður var mælt.

/VH

HELLUR.com
...í einum grænum

Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum

Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta

Smiðjuvegur 30, 200 Kópavogur



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

biður upp á alhliða lausn fyrir hótélherbergið eða gistiheimilið.








Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504

STRÚKTÚR

Yleiningar - Límtré - Stálgrindarhús



Við finnum lausn sem hentar þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Mosfellsbæ | sími: 588 6640 |

AVANT 760i

**FRÁBÆR VÉL FYRIR
BÆJARFÉLÖG**

**STÆRSTA OG AFLMESTA
AVANT VÉLIN**

Avant 760i er meðal annars í notkun hjá Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, Norðurþing, Borgarbyggð, Skútustaða-hreppi og víðar.



Sjá nánar á ÍSLENSKU AVANT síðunni:
www.avanttecno.com/www/is

Leitið upplýsinga hjá sölumönnum okkar




Kohler KDI 1903, 57 hð, dieselmotor
80 l/min vökvæðu, 225 bar, vatnskæld
Lyftigeta: 1400 kg
Lyftihæð: 310 cm
Þyngd: 2100 kg
Lengd: 306 cm
Breidd: 145 cm
Hæð: 211 cm
Fáanlegur með L, LX eða DLX húsi

Verð miðast við gengi EUR 125

VB
LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Polycarbonate gróðurhúsaklæðning

dott.gallina

- ✓ Einangrandi
- ✓ Reyklúgur
- ✓ Birtuop
- ✓ Sterkar



p.p. & CO **P. PORGRÍMSSON & CO**

Ármúli 29 • 103 Rvk • 512-3360 • korkur.is

Verk: Gróðrarstöð Lambhaga
Reykjavík
4000m²

MAXAM
ENGINEERED IN EUROPE

**HAGKVÆM DEKK FYRIR
ALVÖRU KRÖFUR**

Pegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli. Maxam dekkinn eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.

Gerðu kröfur — hafðu samband við sölumenn okkar í síma 590 5280 og kynntu þér kosti Maxam dekkjanna.



KLETTUR

SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK / 590 5280 / klettur.is

Áhrif skeiðgensins á ganghæfni íslenskra hrossa

Þorvaldur Kristjánsson
ábyrgðarmaður í
hrossarékt
thk@rml.is



Erfðavísirinn DMRT3 hefur mikil áhrif á hreyfingar og ganglag hrossa en mögulega geta hross borið tvær útgáfur af þessum erfðavisi; A og C. Sýnt hefur verið fram á að við erum á leiðinni að tapa C erfðavísinum úr íslenska hrossastofninum en hann getur skapað verðmæta hestgerð og er því mikilvægt að sporna gegn þessari þróun.

Þekking á áhrifum þessa erfðavísis er mjög áhugaverð fyrir hrossaréktendur, nýttist þeim afar vel í ræktunarstarfinu og sýnir fram á að afar spennandi er að arfgerðargreina klárhross með tölti.

Í DMRT3 erfðavísinum geta verið tvær svokallaðar samsætur, A og C, sem eru í raun tvær útgáfur af þessum erfðavisi og geta hross því borið þrjár mögulegar arfgerðir: AA, CA og CC. Vegna tengsla við skeiðgetu hefur A samsætan verið kölluð skeiðgenið í daglegu tali. Til að kanna áhrif breytileika í DMRT3 erfðavísinum á ganghæfni íslenskra hrossa fór fram rannsókn á Íslandi árið 2014. Þar voru 667 hross, sem öll voru dæmd í kynbótadóm, arfgerðargreind. Einkunnir þessara hrossa voru skoðaðar og kannað hvort marktækur munur væri á einkunnum eftir arfgerð. Einnig voru athugasemdir dómara skoðaðar sem lýsa eiginleikum gangtegundanna, s.s. takti, mykt, svifi og rými.

Áhrif á tölt og skeið

AA arfgerðin er skilyrði fyrir skeiðgetu og þurfa hross því að vera arfhrein fyrir skeiðgeninu til að geta skeiðað. Þessi arfgerð hefur ekki áhrif á gæði skeiðsins og ekki eru öll AA hross sýnd með skeiði en 25% af hrossunum í gagnasafninu sem voru með AA arfgerðina voru sýnd sem klárhross. Einnig var sýnt fram á að AA arfgerðin hefur jákvæð áhrif á einkunnir fyrir tölt þar sem AA hrossin voru með marktækt hærri einkunnir fyrir tölt samanborið við C- (CA eða CC) hrossin.

Þetta skýrist að hluta af meiri mykt og rými hjá AA hrossum. Einnig eru AA hross eðlisgengari, þurfa styttri tíma til gangsetningar og eru í miklum meirihluta þeirra hrossa sem hljóta háar einkunnir fyrir tölt á unga aldri. Af þeim hrossum í gagnasafninu sem voru með 9.0 eða 9.5 fyrir tölt fjögurra vetra gömul var yfir 90% með AA arfgerðina.


Áhrif á grunngangtegundirnar

Hross sem voru arfbleindin, CA, voru aftur á móti með marktækt hærri einkunnir fyrir grunn gangtegundirnar; fet, brokk, hægt stökk og stökk. Sérstaklega var munurinn mikill í hægu stökki og CA hross voru í miklum meirihluta hrossa sem voru með 9.0 eða hærri í einkunni fyrir hægt stökk í kynbótadóm. Einnig var sýnt fram á að CA hrossin voru oftast svifmikil og takthreini á brokki og stökki. Þetta skýrir að mörgu leyti þann mun sem hestafólk þekkir á ganglagi allhliðahesta og klárhesta; gengu, mjúku allhliða hrossin sem eru ekki svifmikil á hægu stökki, samanborið við klárhrossin sem þurfa lengri tíma í gangsetningu en hafa þetta takthreina svifmikla brokk sem stundum er ekki rúmt) og hreina svifmikla hæga stökk.

Þessar niðurstöður bentu til þess að AA arfgerðin styrki samhefningu hliðstæðra fóta og það sé ástæða þess að AA hross geti skeiðað og hafi eðlislægari getu til þess að tölta, hafi þetta jafnvægi á



Arfgerðargreining á klárhrossum ætti að vera venjubundinn hluti af starfi ræktenda; Loki frá Selfossi er dæmi um úrvals CA hest.



Þróun í tíðni A (rauða línan) og C (græna línan) erfðavísanna í íslenska hrossastofninum frá 1980 til 2012.

gangi samanborið við C- hross og séu auðveldari í gangsetningu. Niðurstöðurnar bentu einnig til þess að AA arfgerðin hafi neikvæð áhrif á samstilltar hreyfingar skástæðra fóta. Þess vegna séu AA hross oftast fjórtökuð á brokki og C- hross takthreini á brokki og með þetta takthreina hæga stökk sem krefst samstilltra hreyfinga skástæðra fóta.

Úrvals keppnishross í fjörgangi

Nú er hægt að meta líkur margra hrossa á DMRT3 arfgerð, útfra ætterni og dómum á skeiði og brokki. Við vitum með miklu öryggi að ef hrossið er með 7.0 eða hærri fyrir skeið eða undan allhliða hrossum þá er hrossið arfhreit fyrir skeiðgeninu (AA). Þorvaldur Arnason hefur reiknað líkur allra hross í WorldFeng á DMRT3 arfgerðinni og birtist arfgerð þeirra hrossa sem hægt er að meta með 100% öryggi í WorldFeng (Logo á grunnsíðu hvers hests – hægt er að smella á logo-ið og fá frekari upplýsingar).

Ljóst er að mörg klárhross þarf að arfgerðargreina til að vera viss um arfgerðina, þar sem þau eru blandaður hópur af AA og C-hrossum. Þetta er mjög áhugavert að gera og arfgerðargreining á klárhrossum ætti í raun að verða

venjubundinn hluti af starfi ræktenda.

Í fyrsta lagi getur verið áhugavert að nota CA hross í ræktun ef ætlunin er t.d. að skapa úrvals keppnishross í fjörgangi, í ljósi hinna jákvæðu áhrifa CA arfgerðarinnar á grunn gangtegundirnar.

Í öðru lagi vilja væntanlega flestir forðast að para saman tvö CA hross, vegna þess að þá eru 25% líkur á CC hrossi sem er dýrara í framleiðslu vegna þess tíma sem það tekur að gangsetja það.

Ef ræktendur eru með klárhryssur í ræktun er afar áhugavert fyrir þá að vita með vissu arfgerð hryssnanna og mun það leiða til nákvæmari paranna. Einnig er áhugavert fyrir eigendur stöðhesta sem eru klárhestar að upplýsa ræktendur um arfgerð þeirra.

Þróun í tíðni samsætanna

Þróun í tíðni A og C erfðavísanna var metin í rannsókninni. Niðurstöðurnar sýndu að tíðni A samsætunnar hefur aukist í stofninum síðustu áratugi á kostnað C samsætunnar (sjá mynd). Áætluð tíðni A samsætunnar í íslenska hrossastofninum árið 2012 var 94% og haldi fram sem horfir mun C samsætan hverfa úr stofninum innan fárra ára.

Ætla má að áhersla á tölt og skeið í ræktunarmarkmiðinu hafi stuðlað að þessari breytingu og einnig vilji ræktenda til að rækta hross sem eru fljóti til að koma með tölt. Nú er hægt að bæta grunn gangtegundir AA hrossa með úrvali og til eru allhliða hross með úrvals klárgang og keppnishestar í fjörgangi sem eru AA hestar. Enda hafa átt sér stað erfðafamfarir í t.d. brokki á sama tíma og tíðni A samsætunnar hefur aukist í stofninum. Þetta skýrist af því að fleiri erfðavísar en DMRT3 hafa áhrif á hreyfingar hrossa, þó DMRT3 hafi mun meiri áhrif en aðrir erfðavísar. Engu að síður er mikilvægt að C erfðavísirinn tapist ekki úr stofninum. Við viljum hafa möguleika á að sækja í þennan erfðabreytileika áfram þar sem C erfðavísirinn hefur jákvæð áhrif á grunn gangtegundirnar og mun það einnig styrkja fjölbreytta notkun á hestinum til framtíðar.

Tvær aðaleinkunnir

Hvernig við förum að því að halda í C erfðavísinn ræðst náttúrulega fyrst og fremst af áhuga ræktenda á því að nota hross til ræktunar sem bera þennan erfðavisi. Töltgeta CA hrossa er mjög misjöfn, sum tölta afar vel og málið er að nota bestu

CA hrossin til ræktunar. Einnig tel ég að ræktunarkerfið geti komið meira til móts við klárhrossin en gert er. Úrvals klárhross eru verðmæt hross til ræktunar og í sölu.

Ein hugmynd er að reikna tvær aðaleinkunnir fyrir hvern hest. Í dag erum við að bera öll hross saman sem allhliða hross en einnig er áhugavert að bera öll hross saman sem klárhross og reikna aðra aðaleinkunn þar sem vægi á skeiði er dreift yfir á hinar gangtegundirnar. Þetta býður upp á áhugaverðan samanburð og gæti einnig haft jákvæð áhrif á mætingu hrossa til dóms.

Klárhross með 8.0 í einkunni fyrir alla eiginleika hæfileika nema skeið fær í dag 7.50 í aðaleinkunni hæfileika en fengi einnig samkvæmt „fjörgangs aðaleinkun“ einfaldlega 8.00 í aðaleinkunni hæfileika. Okkar bestu allhliða hross koma afar vel út úr þessum samanburði. Eitt dæmi er Hranar frá Flugumýri sem er með í sínum hesta dómi 9.16 í aðaleinkunni hæfileika en fengi samkvæmt „fjörgangs aðaleinkun“ 9.19. Þessi breyting mun ýta undir klárhross með tölti sem mæta til dóms og vekja meiri athygli á þeim.

Samantekið eru þetta afar áhugaverðar niðurstöður og uppgötvin skeiðgensins sýnir okkur hvaða upplýsingar nútíma erfðatekni getur fært okkur. Ennfremur vekja þessar niðurstöður ýmsar spurningar um ræktunarmarkmiðid sem áhugavert verður að takast á við til framtíðar. Markmiðið er að sjálfsöðgu að bæta allar gangtegundir íslenska hestsins þar sem áherslan verður fyrst og fremst á hest sem beitir sér rétt á hverri gangtegund í jafnvægi og framkvæmir þær í réttum takti og af mykt og léttleika.

Grein um þetta efni birtist í *Journal of Animal Breeding and Genetics* árið 2014 og höfundar að henni voru ásamt undirrituðum: Sigríður Björnsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Lisa Andersson, Gabriella Lindgren, Sarah Helyar, Alexandra Klonowski og Þorvaldur Arnason. Linkur á greinina er hér: <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/jbg.12112/pdf>

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Sækjum frítt á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðvesturlandi, austur í Eyjaförð.

Greiðum verulega hækkað verð á meðan pláss leyfir.

- » Afhending í febrúar 20.000,- án vsk.
- » Afhending í mars 26.000,- án vsk.
- » Afhending í apríl og maí* 34.000,- án vsk.

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma 581 4138.

Geymið auglýsinguna!

*Seinasti mögulegi móttökudagur er sunnudagurinn 20. maí.
Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.



Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB lyftara



Leikdeild Umf. Skallagríms sýnir gamanleikinn:

39 1/2 vika

Eftir Hrefnu Friðriksdóttur. Leikstjóri er Hrunn Ólafsdóttir.
Sýnt er í Lyngbrekku



- 5. sýning - 25. febrúar kl. 20:30
- 6. sýning - 1. mars kl. 20:30
- 7. sýning - 2. mars kl. 20:30
- 8. sýning - 4. mars kl. 20:30
- 9. sýning - 9. mars kl. 20:30
- 10. sýning - 10. mars kl. 20:30

ATH! SIÐUSTU SÝNINGAR!

Miðapantanir í síma 846 2293 og leikdeildskalla@gmail.com
Miðaverð 3.000 kr.

Veitingasala á sýningum - posi á staðnum

**Klæddu
þig vel!**



Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is

DYNDJANDI
allt fyrir öryggið

Bændablaðið – Næsta blað kemur út 22. mars



Beltone Trust™ Enn snjallari heyrnartæki

Nýju Beltone Trust™ heyrnartækin tengjast þráðlaust í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.



HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is



FRÉTTASKÝRING

Plast finnst nú í í öllum heimshöfum og þá hverfa tiskurisarnir frá notkun náttúrulegra efna á borð við minkaskinn: Hanna tiskufatnað úr plastefnum „til að vernda náttúruna“

– Helstu viðskiptavinir sagðir „mjög umhverfisvænir og meðvitaðir um náttúruna“

Höður Kristjánsson
hk@bondi.is



Vaxandi umræður eru um þá ógn sem hafinu og lífríki þess stafar af mengun af mannavöldum og þá ekki síst af plastmengun. Er svo komið að plast í ýmsu formi finnst nú um öll heimsins höf og finnst það einnig sem örplast sem svífdýr, skeldýr og aðrar lífverur innbyrða.

Fram til þessa hafa menn ekki viljað gera mikið úr plastmengun í hafinu og greinilegt að langlíf er sú hugmynd að lengi taki sjórinn við. Það er helst að sýnilegt plast sem rekið hefur á fjörum hafi verið að pirra fólk, eins og í friðlandi Hornstranda og víðar. Nú virðast menn þó vera að vakna við þann vonda draum að mengunin sé mögulega komin á mun alvarlegra stig en menn héldu. Örplast er nú farið að finnst í drykkjarvatni manna víða um heim, ekki síst þar sem vatn er hreinsað í vatnshreinsistöðvum. Þá er örplast farið að menga grunnvatn eins og komið hefur í ljós í Bandaríkjunum. Nú eru vísindamenn farnir að óttast áhrif örplasts á heilsu manna, m.a. við neyslu á plastmengaðri fæðu og vatni. Jafnvel hafsinna á norðurslóðum er ekki lengur laus við plastmengun.

Kannski er þetta ekki skrítið. Þetta undraefni sem plastið annars er hefur leitt til mikillar þróunar og framfara í margs konar iðnaði, því er framleiðslan á því orðin gríðarleg.

Það skýtur því mjög skökku við í þessari umræðu að fólk sem kallar sig umhverfissinna skuli nú ganga í fararbroddi fyrir því að nota fatnað úr gerviefnum, fremur en að nýta skinn og önnur náttúruleg efni. Um leið afneitar það reynslu og þekkingu sem nýst hefur án mikils skaða fyrir náttúruna allt frá því mannskepnan fór að hafa vit á að klæða af sér kuldann.

Firring þessara flispeysuðuðu íbúa borgarsamfélagsins, sem afneita náttúrulegum gildum og reynsluheimi fortíðar í nafni náttúruverndar, er því greinilega komin á ansi stórt raunveruleikastig.

Um 7 milljarðar tonna af plasti í ruslið


Á árinu 1950 var heimsbyggðin að nota um 1,5 milljónir tonna af plasti í ýmsu formi. Árið 2016 var verið að



Hér er því sem kallað er „Vegan tiskubylting“ stillt upp gegn framleiðslu á ullar- og leðurfatnaði. Nokkur tiskuhús og tiskuhönnuðir hafa lýst því yfir að þau hyggjast verða við kröfum aðgerðarhópa eins og PETA samtakanna og hætta að nota náttúrulegt loðskinn í sínar vörur. Þess í stað hyggjast þau nota það sem á finu máli er kallað „Faux fur“, en er að öllu jöfnu einfaldlega kallað falskt skinn eða grinskin. (Fake fur eða Fun fur) og er framleitt úr plastefnum. Segjast þau gera þetta vegna þess að stór hluti viðskiptavina þeirra sé mjög umhverfisvænir og meðvitaðir um náttúruna. Ekki er þar þó minnst einu orði á stórvaxandi plastmengun, sem stafar m.a. af gerviefnafatnaði og hefur skilað sér í stórum stíl í öll heimsins höf, drykkjarvatn og út í umhverfi manna og dýra sem þetta sama fólk þykist bera svo mjög hag fyrir brjósti.

nota yfir 300 milljón tonn af plasti í heiminum. Samkvæmt skýrslu sem birt var í Science Asvance í júlí 2017

var búið að nota 9 milljarða tonna af plasti frá árinu 1950 til 2015. Sú framleiðsla er því væntanlega komin



Ekki er hafsveiði er óhult fyrir plasti. Sterkir hafstraumar sjá til þess.

vel yfir 10 milljarða tonna í dag. Sumt af þessu plasti er vissulega endurnýtt en á árinu 2015 var það þó ekki talið vera nema um 9% af heildarumfanginu. Síðan er um 12% eytt með bruna eða með öðrum hætti. Eftir stendur um 79% af öllu plasti sem framleitt hefur verið, eða um 7 milljarðar tonna. Því plasti hefur verið hent með öðru sorpi frá 1950 og hefur endað í landfyllingum eða annars staðar úti í umhverfinu. Oftar en ekki endar stór hluti af því plasti svo hafinu.

Allt að 13 milljónir tonna af plasti í hafinu á hverju ári

Rannsóknarteymið sem vann skýrsluna áætlaði árið 2015 að á milli 5 og 13 milljónir tonna af plasti endi í hafinu á hverju ári. Nú væri plast að finna í öllum heimshöfum.

Skýrslan var unnin af rannsóknarteymi skipuðum fulltrúum úr Kaliforníuháskóla, Háskólanum í Santa Barbara og Georgíuháskóla í Bandaríkjunum. Einnig rannsakendum frá Sea Education Association.

Við úttekt á þessum tölum nýttu skýrsluhöfundar sér gögn um framleiðslu á hreinu polymer grunnefni (resin) sem úr er framleitt margvísleg afbrigði af plasti. Byggt var á framleiðslutölum frá 1950 til 2015 sem gefnar voru út af Plastics Europe Market Research Group og gögnum um

framleiðslutölur á plastrefjum frá 1970 til 2015 sem birtar voru af The Fiber Year and Tecnon OrbiChem. Tölur um plast sem hent er eru frá Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna, Plastics Europe, Alþjóðabankanum og árbók um hagfélur í Kína.

Örplastíð var ekki talið ýkja hættulegt fyrir örfáum árum

Það er ekki ýkja langt síðan menn fóru að hafa verulegar áhyggjur af þessu. Sem dæmi þá var opinberuð rannsókn á vegum Alfred-Wegener stofnunarinnar í Þýskalandi og Helmholtz Centre for Polar and Marine Research (AWI) í desember 2014. Þar kom fram að þótt örplast fyndist í lífverum hafsins þá væri það líklega ekki að hafa áhrif á meltingu og innri líffæri dýra. Þar greindi dr. Lars Gutow frá því að vísindamenn hafi einnig sýnt fram á að svífdýr (isopods) yrðu ekki fyrir langtíma skaða þótt þau væru fóðruð í sex til sjö vikur með fæðu sem innihélt örplast úr polyethylene og polycryl. Engar breytingar hafi verið sjáanlegar á viðkomu og vöxt svífdýranna í samanburði við þau sem fengu fæðu sem ekki innihélt neitt örplast.

Gæti þó verið slæmt fyrir dýrin ofar í fæðukeðjunni

Í umfjöllun um rannsóknina er þó bent á að í fyrri rannsóknum sem framkvæmdar voru af dr. Angela Köhler, að skeldýr sýndu greinileg viðbrögð ef þau innbyrtu örplast í miklum mæli. Dr. Lars Gutow taldi því að örplast hefði mismunandi áhrif á mismunandi stærðir sjávardýra.

Hafrannsóknastofnun ekki með skipulagðar rannsóknir á örplasti

Hjá Hafrannsóknastofnun fengust þær upplýsingar að þar er ekki byrjað að gera beinar rannsóknir á því hvort örplast sé farið að hafa áhrif á lífríki hafsins. Vísindamenn stofnunarinnar hafa þó skráð og mælt þá og önnur efni sem fundist hafa í maga fiska og annarra sjávardýra í rannsóknarleiððingum við landið. Stofnunin hefur hins vegar ekki yfir að ráða tækjábúnaði til að rannsaka örplast í lífverum hafsins.

Þar á bæ eru menn þó að reyna að átta sig á því með hvað hætti slíkar rannsóknir verði best gerðar þannig að þær séu samanburðarhæfar við rannsóknir sem aðrar þjóðir í kringum okkur kunna að gera.

Nú er búið að sameina ferskvatnssviðið eða gömlu Veidimálastofnun við starfsemi Hafrannsóknastofnunar svo plastmengun sem mögulega fer í ár og vötn er komin undir sama rannsóknarhatt.



Samkvæmt skýrslu sem birt var í Science Asvance í júlí 2017 var búið að nota 9 milljarða tonna af plasti frá árinu 1950 til 2015. Sú framleiðsla er því væntanlega komin vel yfir 10 milljarða tonna í dag.



Áætlað er að frá 1950 hafi 7 milljarðar tonna af plasti farið í ruslið og að um 5 til 13 milljónir tonna af plasti endi í hafinu á hverju einasta ári.

Fatnaður úr gerviefnum til að „vernda“ náttúruna!

Það skýtur mjög skökku við að mitt í þessari umræðu um plastmengun í höfum heimsins og drykkjarvatni skuli rekinn gegndarlaus áróður fyrir notkun gerviefna m.a. úr polyethelene og polyacryl í nafni umhverfis- og dýravefndar. Þetta eru efni sem yfirleitt eru framleidd úr jarðefnaolíu.

Nýlega tilkynnti tiskuhús Gucci til dæmis að þeir ætluðu að hætta að framleiða fatnað úr dýrafeldi og það sama gegnir um tiskuhús Ralph Lauren, Armani og Hugo Boss.

Síðasti feldurinn sem Gucci framleiddi var í haustlinunni þeirra 2017, en frá og með vorinu 2018 mun Gucci eingöngu selja gerviefnafeldi. Forsvarsmenn Gucci segja að það sé ekki lengur þörf fyrir alvöru feld því að eftirlitgangarnar séu lúxusvara sem kemur fyllilega í staðinn.

Þá er tiskudrottningin Stella McCartney nú þegar sögð vera byrjuð að framleiða fatnað og fylgihluti úr gerviefldi.

Greint var frá þessu á vefsíðunni TÍSKA.is nýverið og þar sagt að „helstu viðskiptavinir tiskurisanna í dag séu „mjög umhverfisvænnir og meðvitaðir um náttúruna“!

Það er einmitt það. Fólk sem klæðist fötum úr gerviefnum er þá væntanlega umhverfisvænna og meðvitaðra um náttúruna en fólk sem íklæðist lummulegum fatnaði úr náttúrulegum efnum eins og ull, bómull eða dýraskinn. Svo þykir fólk skrítíð í þessu ljósi að plastmengun á jörðinni sé komin á þann stað sem hún er nú.

Ekki er þó vitað til að nokkur vísindarannsókn hafi sýnt fram á að agnir eða leifar úr náttúrulegum efnum, séu, eða hafi valdið skaða í lífríki jarðar í allri sögu mannkyns á jörðinni. Svo öllu sé haldið til haga þá er samt vitað að stundum hefur verið gengið nærri einstaka sjaldgæfum dýrastofnum vegna ofveiði og þá einkum vegna sportveiði. Það er samt alls ekki tilfellið varðandi framleiðslu minka- og refaskinna í dag. Þar setja uppboðshúsin löðyrabændum mjög strangar reglur, m.a. um dýravelferð.


Örplast úr gerviefnafatnaði finnst í kræklingi við Norður-Noreg

Samkvæmt gögnum Umhverfisstofnunar Noregs og Vatnarrannsóknarstofnunar Noregs (Norsk institutt for vannforskning – NIVA), voru gerðar mælingar á örplasti í kræklingi á 13 stöðum meðfram strönd Noregs. Örplast, eða „microplastics“, er skilgreint sem

Testing of methodology for measuring microplastics in blue mussels (*Mytilus* spp) and sediments, and recommendations for future monitoring of microplastics (R & D-project)



Tvöfalt meira af örplasti fannst í kræklingi við eyjuna Vardø, nyrst í Noregi, en fannst í kræklingi í höfninni í Ósló.



Plastefni af ýmsum toga sem fannst í kræklingi við Noreg.



Þráður úr plastgerviefni í norskum skelfiski.

agnir sem eru minni en 5 millimetrar í þvermál. Örplast getur líka verið svo smátt að það sést varð með berum augum og er þá líka nefnt nano-plast.

Haft er eftir Oddbjørn Jerijærvi, sem aðstoðaði rannsóknarteymi NIVA, að sífellt meira af plastilátum reki nú á fjörur í Varangerfjörð sem liggur nærri norðvestur landamærum Rússlands og Rússar nefna Варангер-фьорд. Fjörðurinn er 100 km að lengd og um 70 km breidd þar sem hann er breiðastur.

Mun meira örplast nyrst í Noregi en í höfninni í Ósló

Mest reyndist af örplasti í skelfiski

við Vardø á Skallnes í Finnörku við Barenstaf, nyrst í Noregi. Á gamalli norsku hét eyjan Vargøy eða Vargseya, en vargur var algengt nafn á úlf. Þetta er á 70° norður, nálægt rússnesku lögsögunni. Að meðaltali mældust þar 4,3 plastagnir í hverjum kræklingi sem skoðaður var, sem er tvöfalt meira af örplasti en fannst í kræklingi í höfninni í Ósló. Það er því ekki úlfurinn sem er lengur vargurinn á Vargseyyu heldur plast nútímasamfélagsins.

Plastþreðir úr gerviefnafatnaði

Amy Lusher, vísindamaður hjá NIVA, lýsir þessari rannsókn. Þar kemur fram að plastagnirnar hafi

í 39% tilvika verið bláar að lit sem voru agnir úr plastþráðum sem finna má í gerviefnafatnaði.

Líklegt er talið að örplast úr fatnaði skili sér í töluverðu magni í hafið með skolvatni frá þvottavélum.

Engar fregnir eru hins vegar af því að skaðlegar öragnir úr náttúrulegum efnum í fatnaði, hvorki ofnum, þrjónuðum eða úr skinnuðum dýra, hafi fundist í skelfiski við slíkar rannsóknir.

Öryggi matvæla talið ógnað

Matvælaöryggisvirkvöld í Evrópu hafa (European Food Safety Authority) lýst miklum áhyggjum af þessum plastmengunarmálum. Einkum hafa menn þar horft til háslutfalls af mengandi efnum eins og polychlorinated biphenyls (PCS) og polycyclic aromatic hydrocarbons (PHAs). Matvælaeftirlitstofnanir ESB hafa bent á að ostrur og kræklingur séu í fæðukeðju manna og örplast og nanoplast geti því auðveldlega borist í menn við neyslu á slíkri fæðu. Er örplast nú skilgreint sem einn af helstu áhættuþáttum í matvælaöryggi framtíðarinnar.

Plastmengun í heimskautasjó við Kanada

Á vefsíðu Ocean Conservancy er fjallað um rannsókn á örplasti í

hafinu við norðurströnd Kanada sem liggur að Norðurljónum. Einkum í austanverðu hafinu næst grænlenku lögsögunni og í Hudson flóa. Er byrjað að skoða þetta eftir fregnir af því að örplast hafi fundist í is og yfirborðssjó í kringum Grænland og Noreg.

Hafa Kanadamennt verið að gera rannsóknir á þessu á ísbrjótnum og rannsóknaskipinu CCGS Amundsen sem gerður er út af kanadísku strandgæslunni. Þetta merkilega skip prýðir m.a. kanadísku 50 dollara peningaseðilinn.

Dr. Chelsea Rochma, sem er aðstoðarprófessor í vistfræði og þróunarlíffræði við Toronto-háskóla, lýsir þessum leiðangri í bloggi sínu á veraldarvefnum. Hún stýrði einmitt rannsóknarteymi sem var að skoða örplast í norðurhöfum, eða á fyrnæfndu hafsvæði við Kanada.

Leiðangurinn hófst í hinu tæplega 800 manna inúítaþorpi Kuujuaupur í Kanada þann 7. júlí 2017. Markmiðið var að leita að örplasti í yfirborðssjó, snjó, botnseti og í þörungum. Vonuðust leiðangursmenn til að út frá þessu gætu þeir áætlað útbreiðslu örplasts og magn þess á svæðinu sem og hvaðan það væri upprunnin. Tekin voru sýni á tíu stöðum í sjó daga leiðangri skipsins. Komið var við í bænum Iqaluit sem er með um 8.000 íbúa og m.a. skoðaðar fjörur við bæinn. Þar mátti finna talsvert af plastusli, enda benti Rochma á að í bænum væri engin endurvinnslustöð og innviðir hvað sorphreinsun varðaði væru ekki góðir. Rúsl er þar m.a. urðað í landfyllingu.

Hún segir að eftir veruna í bænum hafi hún flogið til síns heima í Toronto. Hún hafi hugleitt það á leiðinni að þetta væri nú ekki hennar fyrsti rannsóknarleiðangur. Munurinn á fyrri leiðangrum og nú væri öll þessi plastmengun sem hún varð vör við. Í heimskautasjónum við strendur Kanada varð hún vör við mikið af plasti, bæði í litlum og stórum stykkjum á svæðum þar sem fátt var um fólk. Sagðist hún vonast til að sýnin sem náðust í leiðangrinum gæfu betri mynd af því hvernig plast berist á afskekkt hafsvæði á norðurljóðum.

Atlas rafsúðu- og öryggisskór

Atlas 45900 Flash 4005 XP ESD S1P
EN ISO 20345 S1P SRC • XP** málfrí naglavörn í sóla • alu-tec** tæknir úr 3D-dempun í sóla • aktiv-X föður • Styking úr kolefnistrefjum á ták • MPU tækni, léttur sóli • Moskvar í ytra lagi • Innbyggð hitajöfnun • Endurskinsborði. Stærðir: 36-49

Atlas 8300 S3 Rafsúðuskór Duo Soft 765 H1 HRO
Vatnsheilt leður • Távörn • 3D-púða kerfi • aktiv-X föður • Rafsúðuskór með sylgi • Hitapolinn sóli • Hitaefnangrun • DUOSOF™ Sóli
Stærðir: 39-48

Verð Flash: kr. 20.596,-
Verð Duo Soft: kr. 20.596,-

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnu-

Gámurinn er þarfapening



Til leigu eða sölu:

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



Stólpigámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

www.stolpigamar.is

Landsýn – ráðstefna um aukið virði landafurða:

Gera þarf stuðningskerfið sveigjanlegra

– Bændur valdalitlir í verðmyndunarferlinu

Á ráðstefnunni Landsýn, aukið virði landafurða, sem haldin var í Salnum í Kópavogi föstudaginn 23. febrúar, flutti Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands, erindi þar sem tekist var á við spurninguna um hvert virði landbúnaðarafurðanna væri og hvað yrði um það.

Hann greindi opinbera stuðninginn og það sem tölur liggja fyrir um, en einnig verðmætin sem liggja undir yfirborði umræðu og opinberra gagna.

Heildar framleiðsluvirði landbúnaðarins 66 milljarðar

Jóhannes byrjaði á að sýna glæru þar sem fram kom hvert framleiðsluvirði landbúnaðarins væri eftir greinum. Heildar grunnverð árið 2016 var 66 milljarðar króna og var hlutur nautgriparektarinnar mestur, eða 34 prósent. Inn í þeim hluta eru allar greiðslur til bændra reiknaðar með – til að mynda beingreiðslur – en framleiðslutengdir skattar dregnir frá. Samanlagður jarðargróði til fódurs annars vegar (19 prósent) og mannelis hins vegar (8 prósent) var næststærstur með 27 prósent og sauðfjárræktin var með 16 prósent.

Því næst braut Jóhannes niður ráðstöfun framleiðsluvirðisins, en samkvæmt Jóhannesi er í heimildum Hagstofu Íslands einungis til yfirlit yfir þetta hjá öllum greinum til samans. Þar kemur í ljós að mestur hluti fer í fódur og fóduröflun, eða 38 prósent. Liðurinn „önnur aðföng“ fær 29 prósent og 14 prósent fer í liðinn „tekjur af atvinnurekstri“.

Gögn vantar um raunverulega verðmyndun


Að sögn Jóhannesar er aðeins hálf sagan sögð – og varla það – um virðisdeðjuna þegar þarna er komið sögu. Lítið sé til af opinberum gögnum um verðmyndun íslenskra landbúnaðarafurða frá haga til maga. Hann tók þó dæmi af verðmyndun lambakjöts árið




Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands, flytur erindi sitt í Salnum.

Mynd / smh

Framleiðsluvirði landbúnaðarins (grunnverð) var 66,0 ma. kr. árið 2016 og skiptist þannig eftir greinum:



Ráðstöfun framleiðsluvirðisins 2016



2012, sem Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri vann upp úr gögnum Hagstofu Íslands – og var framreiknað til ársins 2014. Bændur fengu í því dæmi 41 prósent afurðavirðisins, 24 prósent kom í hlut kjötvinnslu, verslunin 15 prósent og slátruhúsin fengu 14 prósent. Sex prósent kæmi svo í hlut ríkisins sem virðisaukaskattsgreiðslur. Inn í þetta dæmi þyrfti að taka til greina að frá árinu 2016 hefði lækkuð á afurðaverði til sauðfjárbænda orðið 35–40 prósent. Á sama tíma hefði heildsöluverð á lambakjöti ekki lækkað að ráði. Hann sagði að ljóst væri að bændur hefðu misst stjórn á hlut sínum í verðmynduninni. Hann sagði að það væri oftast þannig að bóndinn væri litli aðilinn í virðisdeðjunni, sérstaklega í þeim greinum þar sem margir bændur væru að framleiða eina vöru – eins og ætti við um sauðfjárræktina.

Kjötgreinar keppa innbyrðis á markaði

Jóhannes fór svo aðeins ofan í hlut bænda í verðmynduninni. Greinarnar stæðu misvel, til að mynda gagnvart því að laga framboð að eftirspurn hverju sinni. Hann tók dæmi af kjúklingarækt þar sem þetta væri nærtækt, þar sem framleiðsluferillinn væri stuttur, fáir framleiðendur og slátrað allt árið um kring. Hann benti á að fyrirkomulag opinbers stuðnings geti haft veruleg áhrif á jafnvægi varðandi framboð og eftirspurn á kjötmarkaði. Offramboð af einni

kjöttgund geti líka haft áhrif á aðrar, en kjötgreinarnar keppa innbyrðis á markaði.

Til að setja málin aðeins betur í samhengi ræddi Jóhannes næst um opinberan stuðning við landbúnað á Íslandi. Þar kom fram – í tölum frá 2016 – að beinn stuðningur við bændur væri um 13 milljarðar. Tollvernd, sem væri munurinn á ætluðu innflutningsverði og innlendu verði, væri metinn sex til átta milljarðar á ári. Heildarframleiðslustuðningur árið 2015, sem hlutfall af tekjum bænda, var 44 prósent á Íslandi. Til samanburðar var hann 58 prósent í Noregi en 18 prósent í Evrópusambandinu.

Af hverju eigum við að styðja við íslenskan landbúnað?

Jóhannes sagði það augljóst að það kosti meira að framleiða mat hér heima en að flytja hann inn. Menn verði því að spyrja sig í hverju virði íslensks landbúnaðar liggja og hverjar séu raunverulegar ástæður fyrir því að styðja við innlenda framleiðslu.

Nokkrar ástæður væru fyrir því sem kannski ekki nægjanlega oft væri haldið á lofti í almennt umræðu þótt þær kæmu gjarnan fram til dæmis við gerð búvörusamninga. Fæðuöryggi væri ein af þessum ástæðum; að Ísland sé sjálfstæðara í eigin fæðuöflun með innlendra framleiðslu en ef ódýrasta leiðin væri farin. Matvælaöryggi væri önnur ástæða en Íslendingar geta

Jensen 704 umgjörð
kr. 18.900,-


Frábært verð á glerjum

Einfokus gler
Verð frá kr. 16.900,-

Margskipt gler
Verð frá kr. 41.900,-

EYES LAND gler•augu

Eyesland · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is



Mynd 18. Skipting innanlands markabreytinga (1.380 kr./kg, 2012) á helstu atvinnagreinum. Byggt á tölum Hagstofu Íslands ársins 2012 framreiknað til 2014

Úr skýrslunni „Markmið og forsendur sauðfjársamnings“. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Vífill Karlsson o.fl., 2015

Landbúnaðarháskóli Íslands

haft meira eftirlit með heilbrigði og öryggi eigin matvælaframleiðslu en þeirri sem kemur að utan. Þá nefndi Jóhannes byggðamál sem mikilvægt atriði, sem þó væri oft illa skilgreint. Það hafi ekki verið verðmetið sérstaklega til dæmis í búvörusamningum, heldur blandað saman við annað. Þó séu flestir sammála um að þessi hlutur sé mjög mikilvægur. Menning og menningarlandslag er mikilvægur þáttur í verðmætasköpun – til dæmis ferðapjónustu – og loks nefndi Jóhannes hinn umhverfislega ávinning sem fælist í því að framleiða fæðuna hér á landi.

Þetta sýndi að virði landafurðanna snerist um margt annað en matinn sjálfan – sem oft væri ekki uppi á yfirborðinu – en opinberi stuðningurinn væri samt að mestu tengdur matvælaframleiðslunni sjálfri.

Stuðningsformið að breytast

Jóhannes sagði að beina stuðningsformið væri á vissan hátt að breytast, en það er ennþá að langmestu leyti bundið við sauðfjár- og nautgriparékt. Greiðslurnar væru almennt að mjakast frá framseljanlegum



Jóhannes Sveinbjörnsson telur að með því að huga meira að beinum stuðningi við ræktunarlandið yrði kerfið sveigjanlegra. Mynd / smh

stuðningi, bundnum í kvótakerfi, yfir í greiðslur á framleidda lítra mjólkur og kjöts, og einnig yfir í gripagreiðslur. Þetta væri til bóta vegna þess að framseljanlegi stuðningurinn endaði oft að drjúgum hluta hjá fyrrverandi bændum og fjármálastofnunum.

Í kjúklinga- og svínarékt er tollvernd notuð til stuðnings við greinarnar. Hún virkar allvel, að sögn Jóhannesar, vegna þess að erlent heildsöluverð er mun lægra en innlent.

Stuðningurinn enn of bundinn búgreinum

Jóhannes vék síðan talinu aftur að stuðningsgreiðslum í lambakjöts- og mjólkurframleiðslunni. Hann sagði að margt jákvætt væri við þróunina, en þó væru nokkur atriði við fyrirkomulagið sem væru bændum óhagkvæm. Greiðslurnar væru alltof bundnar búgreinum. Það gerði það að verkum að erfitt væri að sveigja framleiðsluna að eftirspurn. Bændur væru þannig valdalausir í verðmyndunarferlinu. Jóhannes tók dæmi af því ef sauðfjárbóndi vildi draga úr sinni ræktun og snúa sér til dæmis að hrossarékt, landgræðslu eða ferðapjónustu í einhverjum mæli – tapaði hann stuðningsgreiðslum sem næmi samdrættinum. Ekki sé metið til stuðnings að þessar greinar geta verið jafn hliðhollar byggð, menningu og umhverfi – eins og sauðfjárræktin – og að skipta yfir í þær dragi ekki úr matvæla- eða fæðuöryggi við þær aðstæður sem við böum í dag.

Beinn stuðningur við ræktunarlandið

Jóhannes sagði að það væru næg rök fyrir því að standa vörð um íslenskan landbúnað og íslenskar byggðir. Varðandi matvæla- og fæðuöryggi væri nokkuð markviss vinna í gangi en varðandi þætti eins og byggðamál, menningu og umhverfi væri fókussinn óskýrari.

Jóhannes telur að með því að huga meira að beinum stuðningi við ræktunarlandið yrði kerfið sveigjanlegra. Bygðastuðningurinn mætti vera til staðar sjálfssins vegna en ekki hengdur á ákveðnar greinar eins og til dæmis sauðfjárrækt. Hann gæti verið til staðar vegna ferðapjónustunnar, öryggismála og almennrar þjónustu. Það mætti setja verðmiða á tengsl menningar, matvælaframleiðslu og ferðapjónustu og sömuleiðis viðhald og uppbyggingu gróðurauðlindarinnar – sem bændur eru vel í stakk búnir til að halda utan um. Vegna þess að ef halda eigi í þessi verðmæti, verði að meta þau til verðs. /smh



Hrossabændur - hestamenn!

Vantar hross til slátrunar á næstu vikum.

Hækkað verð.

Forðist biðlista í haust.

Sláturpantanir í síma 480 4100.

Sláturfélag Suðurlands

Selfossi



RÚÐUR Í MIKLU ÚRVALI

EIGUM TIL Á LAGER RÚÐUR Í FLEST ALLAR GERÐIR DRÁTTARVÉLA – FRÁBÆR VERÐ

John Deere
Zetor
Case IH
McCormick
Steyr
Claas

Ford
Fiat
New Holland
Deutz-Fahr
Massey Ferguson

SÉRPÖNTUM RÚÐUR Í ALLAR GERÐIR DRÁTTARVÉLA MEÐ SKÖMMUM FYRIRVARA



www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Í kjúklinga- og svínarékt er tollvernd veruleg

- Hún virkar allvel sem stuðningur við þessar greinar vegna þess að erlent heildsöluverð er mun lægra en innlent

Tafla 1. Verð- og magnbreytingar á kjöti 1993-2013. Byggt á gögnum Hagstofu Íslands

	Verðbreytingar	Magnbreytingar (neysla á mann)
Svinakjöt	-50%	78%
Nautakjöt	-17%	14%
Alifuglakjöt	-54%	362%
Kindakjöt	0%	-33%

Landbúnaðarháskóli Íslands

Úr skýrslunni „Markmið og forsendur sauðfjársamnings“. RHA, Vífill Karlsson o.fl., 2015

15% AFSLÁTTUR AF DÚNSÆNGUM OG KODDUM

1 BIÓMIÐI Í SAMBÍÐIN FYLGIR EF VERSLAÐ ER FYRIR 15.000 KR EÐA MEIRA

Fermingartilboð

RÚMFÖT

FJALLA EYVINDUR OG HALLA **9.990** VERÐ ÁÐUR 11.990

DRAUMUR **9.990** VERÐ ÁÐUR 11.980

FIDRILDI **9.990** VERÐ ÁÐUR 12.490

LAMBAGRAS **9.990** VERÐ ÁÐUR 12.490

ÁTTABLAÐARÓS **9.990** VERÐ ÁÐUR 12.980

ÁTTABL.ÓS OG SÓLKROSS **9.990** VERÐ ÁÐUR 12.980

VERÐMÆTI 63.640 KR
VERÐ NÚ 43.900 KR

800 GR ANDADÚNSSÆNG
1 RÚMFÖT AÐ EIGIN VALI
KÖSYFÖT AÐ EIGIN VALI,
BUXUR OG BOLUR
*2 BIÓMIÐAR

MATVÆLI & MARKAÐSMÁL

Kristín Helga Ármannsdóttir, bóndi á sauðfjárbúinu á Ytra-Hólmi:

Nær auknum virðisauka með framleiðslu á bjúgum og öðru góðgæti úr ærkjötí

Kristín Helga Ármannsdóttir, bóndi á sauðfjárbúinu á Ytra-Hólmi, skammt austan við Akranes, segist vera búin að fíktu við fullvinnslu sauðfjárafurða í nokkur ár. Hún var að kynna afurðir sínar í Matarmarkaði Búsins í Hörpu um líðna helgi ásamt Láru Ottesen þegar tíðindamaður Bændablaðsins bar að garði.

Kristín segist hafa nýtt sér leyfisvarða aðstöðu utan búins til framleiðslunnar en sé nú að koma sér upp aðstöðu heima fyrir.

Eingöngu afurðir af eigin býli

„Hér er ég eingöngu með afurðir af okkar býli. Þar er ég aðallega með kofareykt sveitabjúgu, tvíreykt hangikjöt og grafinn ærvöðva. Svo er ég aðeins að fíktu við að vinna úr lambkjöti, en hingað til hef ég eingöngu verið með ærkjöt.“

Hún segir að hugsunin hafi verið sú að ná meiri verðmætum út úr ærkjötinu en þau fái hún í gegnum skilaverð frá sláturhúsum sem er mjög lágt. Segir hún ærkjötí líka henta mun betur í ýmsa framleiðslu en lambkjötíð og það hafi komið mjög vel út. Hún segist ekki skilja hvernig hægt sé að klúðra markaðssetningu á þessu kjöti.

Ærkjötíð er frábært

„Þetta er frábært hráefni og ekkert er betra en ærkjöt í bjúgu. Geymsluþolið er þó kannski ekki eins mikið.“



Kristín Helga Ármannsdóttir, bóndi á sauðfjárbúinu á Ytra-Hólmi, og Lára Ottesen.

Mynd / HKR.

Kristín segir að útlendingar séu svolítið að kaupa þessar afurðir úr ærkjötí þótt þeir fíti jafnvel upp á

nefíð þegar minnst er á lambkjöt. Hún hafi því alveg hætt að minnast á lambkjöt þegar hún spjallar við

ferðamaðnum og tali þess í stað bara um kindakjöt.

„Annars er þetta mín handavinna

og ég er ekki farin að þrjóna ennþá.“ segir sauðfjárbóndinn Kristín Ármannsdóttir.

/HKR.

Lyfjafræðingurinn Svava Hrönn Guðmundsdóttir gerir sænska hefð að íslenski:

Efnahagshrunið var kveikjan að framleiðslu á íslensku sinnepi

Svava Hrönn Guðmundsdóttir er upprunnin frá Akureyri, en amma hennar átti heima á Árskógssrönd. Hún er lyfjafræðingur að mennt og starfaði við þá grein bæði í Svipjóð og hér heima þar til hún missti vinnuna í hrúninu. Þá sneri hún við blaðinu og fór í skóla og hóf að framleiða sinnep.

Svava sýndi vörur sínar undir nafninu Sælkerasinnep Svövu, ásamt mörgum öðrum matvælaframleiðendum og bændum á matarmarkaði Búsins í Hörpu um helgina. En hver skyldi hafa verið kveikjan að því að íslenskur lyfjafræðingur ákveður að hefja framleiðslu á sinnepi sem sækir bragð í íslenska náttúru?

„Ég bjó í Svipjóð í mörg ár þar sem mikið hefð er fyrir að borða sinnep af ýmsum toga með öllu mögulegu. Þegar ég flutti heim vantaði mig sinnep, sem Svíarnir kalla Skánst sinnep, til að glassera hamborgarhrygginn og sænsku jólaskinkuna. Þá var ekki um annað að ræða en Dijon sinnep eða SS sinnep. Þar sem ég var búin með birgðirnar frá Svipjóð sagði bóndinn við mig, „getur þú ekki bara gert þetta sjálf?“

Nú, ég vann sem lyfjafræðingur í apóteki í Svipjóð og þar var búið til sinnep fyrir jólin. Ég fór því að fíktu og endaði með eina gerð af sinnepi sem er nú grunnurinn hjá mér. Þetta sinnep framleiddi ég í meira en 25

ár, einungis fyrir fjölskylduna mína. Þetta hlóð utan á sig og brátt var þetta stórfjölskyldan, sem og vinir, kunningjar og þeirra vinir.“

Missti vinnuna, fór í Hólastól og gerðist sinnepsframleiðandi

„Svo gerðist það að ég missti vinnuna í upphafi efnahagshrunsins. Þá var ég orðin svo gömul að það var ekki hlauðið að því að fá aðra vinnu. Ég ákvað því að fara í skóla og tók viðburðastjórnun í fjarnámi á Hólum. Þar gerði ég fyrstu rekstraráætlunina. Ég fór svo bara af stað með þessa framleiðslu á einni tegund 2014 og byrjaði að selja hana á jólamarkaðnum í Hörpu. Síðan fór ég að prófa mig áfram og reyna að gera sinnepið meira íslenskt, eins og að bæta við aðalbláberjum sem ég fæ af Vestfjörðum og blóðbergi. Bjór, sem ég nota í sinnepið, er Kaldi lager af Árskógssandi. Núna er ég svo komin með sinnep sem er með Flóka gini.

Þá er ég að gera sinneps-



Lyfjafræðingurinn Svava Hrönn Guðmundsdóttir kennir Íslendingum að meta sinnep að hætti Svía.

Mynd / HKR.

pestó. Þar skipti ég út parmesan ostinum og set sinnep í staðinn. Þeir sem einungis borða veganfæði

geta því einnig borðað þetta pestó. Þess ber að geta að ég nota í þetta repjuoliuna frá þeim á Vallarnesi. Það var reyndar ekki fyrir en ég fór að nota hana að þetta small almennilega saman.“

Takmarkið að gera sænska hefð að íslenski

„Mitt takmark er að nota allt af í minar vörur íblöndunarefni, kryddjurtir og annað sem ekki eru keypt af stóru fyrirtækjunum, heldur fengin frá heimafólki úr héraði vítt og breitt um landið. Það má eiginlega segja að ég taki sænska hefð með það að takmarki að gera hana íslenska. Um leið er ég að kenna Íslendingum að það er hægt að borða sinnep með ýmsu öðru en pylsum. Það er nefnilega hægt að borða sinnep nánast með öllu.“

Svava selur sínar vörur m.a. í Búrinu, hjá Frú Laugu, Melabúðinni, Hverfisbúðinni í Grafarvogi og Fiskkompaníinu á Akureyri. Hún segist ekki vera að selja sínar vörur á netinu sem stendur. Þar hafi hún prófað að selja í gegnum Reko en það virtist ekki virka.

Skilar ekki háum launum en er skemmtilegt

„Þetta hefur bara gengið bærilega,“ segir Svava. „Fyrirtækið borgar svo sem ekkert sérstaklega hátt kaup, þegar maður fær laun á annað borð. Þetta er hins vegar skemmtilegt, annars væri ég ekki að þessu. Til að láta þetta ganga upp vinn ég svo aðeins með þessu sem lyfjafræðingur, dag og dag eða viku og viku í apótekinu í Costco,“ segir Svava Hrönn Guðmundsdóttir. /HKR.



Veðrið getur haft áhrif á glókollinn

„Veðrið getur farið illa með smáflugla, eins og glókoll, auðnutittling og músarrindil. Stofnar þessara fugla sveiflast eftir veðri og hafa slæm vetrarveður verst áhrif á þá. En þeir virðast alltaf ná sér á strik aftur.“

Þetta er sérstaklega áberandi hjá hinum nýja landnema, glókoll. Stofninn hefur tvisvar hrúðið á þeim 20 árum sem þeir hafa orpið hér, en þeir hafa náð sér vel á strik aftur á þremur árum,“ segir Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndarfélags Íslands, þegar hann var spurður hvernig veðrið eins og það hefur verið eftir áramót hefur farið með fugla landsins. Meðfylgjandi mynd tók Jóhann Óli af glókoll í garðinum við Hallskot í Friðlandinu í Flóa en þessi fugl er minnsti fugl í Evrópu. /MHH



Sigursveinn Sigurðsson, sem sest í stóli skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands 1. ágúst í sumar.

Mynd / MHH

Yngsti skólameistari landsins


Sigursveinn Sigurðsson, kennari við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, hefur verið ráðinn skólameistari í eitt ár við skólann, frá 1. ágúst 2018 til 1. ágúst 2019.

Um er að ræða þann tíma sem Olga Lís Gardarsdóttir skólameistari tekur sér ársleyfi frá störfum. Sigursveinn er ekki nema 38 ára og þá mjög líklega yngsti skólameistari landsins. Hann á ekki langt að sækja skólameistaratítilinn því þabbi hans, Sigurður Sigurvinsson, var skólameistari Fjölbrautaskólans í 14 ár. „Starfið leggst mjög vel í mig, þetta er mikil og spennandi áskorun sem ég er að fara að takast á við,“ segir Sigursveinn. /MHH

Lágu afurða-verði mótmælt

Aðalfundur Fjárræktarfélags Sveinsstaðahrepps, var haldinn á Blönduósi nýverið.

Samþykkt var ályktun þar sem fundurinn mótmælti harðlega því verði sem SAH-Afurðir greiddu fyrir sauðfjárafurðir síðastliðið haust. Aðalfundurinn skorar á fyrirtækið að greiða sambærilegt verð og aðrar afurðastöðvar gera.



HUGMYNDA SAMKEPPNI

Orka náttúrunnar, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Nýsköpunarmiðstöð Íslands efna til hugmyndasamkeppni um nýtingu varmaorku á Suðurlandi.

Tilgangur samkeppninnar er að fá fram hugmyndir um nýtingu varmaorku sem finnst víða á Suðurlandi og býður upp á fleiri tækifæri en nýtt eru í dag. Markmiðið er að nýta betur verðmætin sem eru í orkunni, auka fjölbreytni í atvinnulífi með umhverfismál að leiðarljósi og vinna að nýsköpun í orkutengdri starfsemi.

Um er að ræða almenna hugmyndasamkeppni og hún er öllum opin. Hugmyndir verða áfram eign þeirra sem skila inn tillögum. Ekki er gerð krafa um að hugmyndir verði framkvæmdar.

Heildarupphæð verðlauna er 3.000.000 kr. og verða fyrstu verðlaun að lágmarki 1.500.000 kr.

Tillögum skal skila með tölvupósti á netfangið samkeppni@sass.is eigi síðar en þriðjudaginn 17. apríl 2018.

Ítarlegri upplýsingar má finna á slóðinni www.sass.is/hugmyndasamkeppni



Jóna Björg Hlöðversdóttir, nýr formaður Samtaka ungra bænda, heima á Björgum.

Mynd / Johannes Mair

Jóna Björg er nýr formaður Samtaka ungra bænda:

Vilja koma að stefnumótun fyrir íslenskan landbúnað

Jóna Björg Hlöðversdóttir var kjörin nýr formaður Samtaka ungra bænda á aðalfundi 24. febrúar síðastliðinn. Hún tekur við af Einarí Frey Elínarsyni, sem gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

Jóna Björg er fædd og uppalin á bænum Björgum, rétt vestan við Húsavík, stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri, með BS-gráðu í búvísindum frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og er fimmta kynslóð bænda á bænum.

Hefðbundin og nútímaleg hlunnindi

Að sögn Jónu Bjargar er á bænum, sem er ysta jörð í Kinn, rekið blandað bú; mjólkurframleiðsla og sauðfjárrækt. „Þar eru einnig talsverð hlunnindi eins og silungsveiði, dúntekja og reki. Einnig má nefna ísklifur, sem er nokkurs konar nútíma hlunnindi, en um fimm kílómetra klettaveggur út að sjó er með eftirsóttustu ísklifursvæðum í heiminum,“ segir Jóna Björg.

Kom inn í búreksturinn um áramótin

Jóna Björg og systir hennar, Þóra Magnea, ásamt manni hennar, Arnóri Orra, komu inn í búreksturinn um síðustu áramót við stofnun félagsbús en þær höfðu í fjölda ára starfað á búinu. Félagsbúið er nú rekið af þeim systur og foreldrum þeirra, Hlöðveri Pétri og Kornínu Björgu. „Fyrsta skrefið er alltaf erfiðast, að verða bóndi, að eignast hlut í búskap. Það hefur verið mesta sálhjálpin sem berst frá Samtökum ungra bænda, hitta annað ungt fólk sem stendur í sömu sporum eða hefur verið í sömu sporum og getur veitt góð ráð. Að því leyti hef ég alltaf verið þakklát fyrir að þessi samtök voru stofnuð á sínum tíma. Það er alltaf stór hópur fólks sem er í sömu stöðu og ég var búin að vera í í mörg ár, að starfa sem bóndi – eða vilja starfa við búskap – en eiga ekki innngönguleið í félagsskap eins og Bændasamtökin.

Það er svo gaman að vinna við það sem stendur manni næst, náttúruna sjálfa. Það er hlutverk okkar bænda að skila landinu betra af okkur en þegar við tókum við því.



Kýrin Skúta Kistudóttir og Ögöngufjall í bakgrunni.

Mynd / Jóna Björg

Það gerir nær alla daga skemmtilega í vinnunni.“

Hlutirnir gerast við morgunverðarborðið

„Þeir sem þekkjá okkur á Björgum vita að hlutirnir gerast við morgunverðarborðið, það er tíminn þar sem málin eru rædd, teknar ákvarðanir hvað sé fram undan. Það hafa ekki allir sömu skoðanir, yngri kynslóðin eða sú eldri. En við erum öll sammála um að efla búskapinn,

bæta vinnuáðstöðuna, bæði okkar og gripanna, efla skógrækt, endurheimta votlendi og græða upp landið,“ segir Jóna Björg um búskapinn á Björgum.

Rödd ungbænda þarf að heyrast

Samtök ungra bænda fagna 10 ára afmæli á næsta ári og segir Jóna Björg að samtökin hafi unnið að ýmsum málum frá stofnun samtakanna. „Þau mál sem hvað mestu máli hafa skipt fyrir samtökin er nýr nýliðunarstuðningur sem getur

breytt og eflt íslenskan landbúnað. Annað stórt mál er að koma rödd ungbænda að í umræðunni og að til þeirra sé leitað í málum sem snerta ungbændur – því málin eru mörg. Það hefur því valdið ungbændum miklum vonbrigðum þegar nýr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði nýjan samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga og gengið fram hjá ungbændum við skipun hópsins. Þar hafði orðið breyting frá fyrri ráðherrum sem töldu mikilvægt að rödd ungbænda heyrðist, enda ungrir bændur þeir sem hvað lengst munu starfa eftir nýjum búvörusamningum.

Margt sem brennur á ungunum bændum

„Það er margt sem brennur á ungunum bændum,“ segir Jóna Björg. „Þeir erfa landið og vilja vera sem best búnir fyrir það. Þar skiptir menntun og umgjörð hennar gríðarlega miklu máli. Ungir bændur vilja geta sótt sér öfluga menntun í öfluga stofnun. Landbúnaðarháskóli Íslands hefur verið í miklu fjárfelti undanfarin ár og nú er svo komið að hætt er við manneklum þar sem eðlileg endurnýjun hefur varla orðið á starfsfólki við

skólann. Jafnframt kom það skýrt fram á liðnum aðalfundi hversu mikilvægur búrekstur er við skólann, til verklegrar kennslu og rannsóknna.

Jafnframt var ályktað á fundinum að mikilvægt væri að ungrir bændur kæmu að framtíðarstefnumörkun fyrir íslenskan landbúnað með það að markmiði að gera hann umhverfisvænni, þar er horft til landnýtingar, breytingar á þeim og ekki síst skógrækt, sem eru stærstu þættirnir gagnvart losun gróðurhúsalofttegunda. Það er mikilvægt að íslenskir bændur taki þátt í að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og að uppfylla skyldur okkar í alþjóðlegum samningum. Ungum bændum stendur heldur ekki á sama um þá vö sem lýðheilsu landans og búfjárkynjum landsins gæti stafað af óheftum innflutningi á hráum vörum eins og kjöti og eggjum. Sýklalyfjaóæmi er vaxandi vandamál og það er skylda okkar að standa fast í fæturna gegn þessari vö.“

Betra samtal við neytendur

„Neytendur kalla eftir meira af lífrænum vörum og það er mikilvægt fyrir okkur bændur að svara því kalli og í framhaldi af því, að ná betra samtali við okkar neytendur, hvað þeir vilja og hvernig við getum svarað þeim óskum. Það er í raun eitt stærsta viðfangsefni okkar bænda í dag. Hvernig við náum betur sambandi við okkar neytendur sem hafa jafnvel aldrei komið í sveit. Við fundum það vel með snapchat-verkefni okkar (ungurbondi) að fólk hefur áhuga. Það er því undir okkur sjálfum komið að vinna betur að þessum málum. Það er nefnilega þannig að það mun enginn tala við neytendur fyrir okkar hönd, allra síst verslunin.

Það liggur fyrir að samtökin þurfa að móta sér stefnu um hvert þau vilji að verði stefnt í styrkjamálum í landbúnaði og hvernig skuli haga framleiðslustýringu, eða hvort hún eigi hreinlega rétt á sér. Það eru gríðarlega mörg verkefni sem liggja fyrir íslenskum landbúnaði, en ég er tilbúin að leggja mitt af mörkum, þar sem krafta ungra bænda er óskað,“ segir Jóna Björg ungrur bóndi á Björgum og nýkjörin formaður Samtaka ungra bænda.

/smh



Bjargir baðaðar í norðurljósum.

Mynd / Johannes Mair

Merkingar augnbrúna- og augnháralita ekki fullnægjandi

Umhverfisstofnun stóð nýverið fyrir eftirlitsverkefni með merkingum og innihaldsefnum augnbrúna- og augnháralita. Vörur til slíkrar notkunar innihalda oft en ekki efni sem gera kröfu um að tiltekin notkunarskýrði og varnaðarorð á íslensku fylgi þeim.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar segir að verkefnið hafi gengið út á að kanna hvort merkingar vara í úrtaki eftirlitsins væru í samræmi við gildandi kröfur hvað þetta varðar og einnig hvort öll innihaldsefni þeirra væru leyfileg.

Í úrtaki voru sex birgjar. Skoðaðar voru 22 vörur sem þeir

setja á markað, en af þeim voru tvær vörur án frávíka. Í 17 tilvikum vantaði alfaríð íslenskar merkingar eins og krafa er um. Lagfæra þurfti merkingar á þremur vörum. Engar vörur reyndust innihalda bönnuð efni. Birgjarnir fengu sendar niðurstöður eftirlitsins þar sem fram komu kröfur um úrbætur. Brugðust þeir almennt vel við og urðu við kröfum Umhverfisstofnunar, að einum undanskildum, sem brást ekki við innan tilskilins frests og fór mál hans því til eftirfylgni hjá stofnuninni.

Verkefni þetta sýnir að ekki er vanþörf á að fylgst sé með markaðssetningu á augnbrúna- og augnháralitum sem þurfa íslenskar



merkingar af því að þeir innihalda tiltekin innihaldsefni sem geta

valdið hættu. Þá þarf að leiðbeina um gildandi reglur og fylgja því

eftir að merkingar séu í samræmi við þær. /VH



Maðksmoginn víður. Lirfur barkarbjalla lifa á við og mynda svona för eftir því sem þær éta sig áfram.

Umhverfismál:

Bjöllur á undanhaldi

Samhliða því að trjategundum í Evrópu fækkar dregur það úr líffræðilegri fjölbreytni í álfunni. Nýjar rannsóknir sýna að pöddum af öllu tagi hefur einnig fækkað. Ekki síst bjöllum sem lifa á trjám.

Ymsum kann að þykja það kostur að pöddum og skorkvikindum fækki í nærumhverfi sínu en slíkt er verulega vanhugsað. Pöddur af öllu tagi eru nauðsynlegar til að frjóvga plöntur, ekki síst ávaxtatré, og pöddumar eru nauðsynleg fæða fugla og litilla spendýra.

Bjöllum fækkar

Bjöllum geta verið skaðræðis- kvikindi og valdið verulegum búsifjum á ökrum og í skógrækt og viðarvinnslu. Talinga á bjöllum í Evrópu sýnir að þeim hefur fækkað gríðarlega og eru þær taldar til þeirra pödduteunda sem fækkar hraðast. Á þetta sérstaklega við svokallaðar barkarbjöllur sem lifa á eða undir berki lifandi trjáa.

Bjöllufríðunarsinnar segja að allt að 18% trjábjöllumtegunda í Evrópu séu í alvarlegri útrýmingarhættu. Samkvæmt greiningum eru bjöllumtegundir í Evrópu hátt í 29 þúsund og um fjögur þúsund þeirra lifa á gömlum og rotnandi trjám.

Staða bjöllumnar er ekki viðkvæm fyrir þær sakir að margar þeirra eru sérhæfðar þegar kemur að kjörtlendi. Sumar halda sig við ákveðnar trjategundir, á ákveðnum svæðum og meira að segja trjategundum á ákveðnum aldri, ekki síst eldri tré. Vegna þess er ekki nóg að huga eingöngu að fríðun bjöllumnar því svo að slíkt sé mögulegt þarf að fríða tré og skóga.

Samhengi náttúrunnar

Skógaeyðing og einhæf útlöntun trjategunda fyrir eldri blandaða skóga er því ekki einungis slæmt fyrir tré heldur alla lífkeðjuna og rífur hið dásamlega samhengi alls í náttúrunni. /VH

Munið að panta fyrir

15

mars 2018

Dalton

Lambamerkin fást í tveimur útgáfum:

Tagomatic®

Verð kr. **27,-** án vsk.

TagoMatic eru einföld og ódýr merki. Þau eru í einu lagi og merkingin er laser-prentuð á merkið. Þessi merki eru úr lakara næloni en Rototag merkin, svokölluð sláturmerki og hönnuð til þess að endast í eitt ár og duga vel í það. Tölurnar eru stórar og greinilegar á merkinu. Þar sem merkið er í einu lagi er fljótlega að hláða ísetningar-töngina. - Einföld merki á frábæru verði.

Rototag®

Verð kr. **39,-** án vsk.

Rototag eru gömlu og góðu Dalton lambamerkin. Þau eru í tveimur hlutum, framleidd úr hágæða næloni. Merkingin er laser prentuð.

Athugið: Lágmarkspöntun á öllum merkjum er nú 50 stk og fjöldi merkja þarf að standa á heilum tugum. Sama töngin gengur ekki fyrir Tagomatic og Rototag. Helmingsafsláttur af ísetningartöngum með fyrstu pöntun.



PÓR F.

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

10 24-25 30

Bændablaðið

BÆNDABLAÐIÐ MÆLIST MEÐ 43,1% LESTUR Á LANDSBYGGÐINN

HEIMILD: Prentmiðlakönnun Gallup. Könnunartími október, 2017. Aldursþópur 12-80 ára.

BÆNDABLAÐIÐ ER LESIÐ UM ALLT LAND OG GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

SÍMI 563-0300 | BBL.IS

Björn Halldórsson, bóndi á Akri í Vopnafirði, hættur í loðdýrarækt eftir 33 ár og í stjórn SÍL:

Sjálfbærni í minkarækt er algjört lykilatriði í áframhaldandi uppbyggingu greinarinnar

– Segir náttúrulega skinnframleiðslu vera í harðri baráttu við firnasterk hagsmunaöfl í framleiðslu mengandi gerviefna

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Björn Halldórsson, bóndi á Akri í Vopnafirði, lét af störfum sem formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda (SÍL) á nýafstöðnum aðalfundi eftir tæplega 18 ára setu. Við hans stöðu tók þá Einar E. Einarsson á Skórðugili í Skagafirði.

Í stjórn SÍL er nú auk Einars, þeir Björn Harðarson í Holti í Arnessýslu, sem er ritari, en hann sat líka í fyrri stjórn og Þorbjörn Sigurðsson í Asgerði í Arnessýslu, sem er gjaldkeri.

Björn Halldórsson hefur rekið minkabú í Engihlíð frá árinu 1984. Hann hætti þeim rekstri og felldi öll dýrin sjáðstíðni haust, en heldur áfram kúabúskap á jörðinni sem hann rekur ásamt mágkonu sinni og bróður. Þar eru um 50 til 60 kýr og mjólkurframleiðsla um 400 þúsund kg af mjólk og dálítið nautaelði. Auk þess eru þau með um 90 kindur og stunda skógrækt að auki. Afkasturinn af góðu árunum í minkaelðinu var nýttur til að byggja upp kúabúð sem kemur nú að góðum notum.

Björn Halldórsson segist vonast til að ákveðið verði að spýta í lófana varðandi skógrækt á landsvisu enda orðin virkilega mikil þörf á slíku þar sem Íslandi ber að standa við skuldbindingar sínar í loftslagsmálum. Menn eigi nú að nýta peningana þar fyrst og fremst til að planta eins miklu og hægt er, því ein áhrifaríkasta leiðin til að binda kolefni sé að rækta fleiri tré.

Segir ekki alveg skilið við félaga sína í loðdýraræktinni

Björn sagði í samtali við Bændablaðið á þessum tímamótum að hann væri þó ekki alveg búinn að segja skilið við félaga sína í minkaræktinni, því hann var fulltrúi þeirra á nýafstöðnu búnaðarþingi og verður einnig fulltrúi minkabænda á ársþingi Bændasamtaka Íslands 2019.

„Ég er búinn að vera formaður Landssamtaka loðdýrabænda í tæp 18 ár, en þar byrjaði ég í september árið 2000. Kjörtímabilin eru því orðin sex, en kosið er í þessa stöðu á þriggja ára fresti.“

Björn segist aldrei hafa verið refabóndi en fyrstu afskipti hans af mink hafi verið þegar hann var í búvísindanámi.

„Þá var boðið upp á nám í loðdýrarækt sem valgrein sem Magnús Jónsson, fyrverandi rektor á Hvanneyri, kenndi ásamt Sigurjóni Bláfæld. Ég heillaðist alveg af þessu og þá sérstaklega minknum. Mér fannst það spennandi tilhugsun að vinna með þessi dýr og rækta. Síðan fór ég að kenna við Bændaskólann á Hólum í Hjaltaðal í þrjú ár. Þar kenndi ég bóklega hlutann af loðdýraræktinni, en Álfheiður Marinósdóttir sá um verklega hlutann. Þá var nýbúið að flytja inn mink og ref til Hóla.

Byrjaði í minkaræktinni 1984

Árið 1984 flytjum við austur á Vopnafjörð og þá byrja ég strax



Björn Halldórsson, bóndi á Akri í Vopnafirði, hefur látið af störfum sem formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda (SÍL) eftir nær 18 ára setu.

Mynd / HKR.



Horft yfir Selá heim að Akri í Vopnafirði. Íbúðarhús Björns og Else Møller er annað frá vinstri á myndinni. Mynd / HKR.

um haustið með mink og var síðan í minkarækt þar til haustið 2017. Þannig að árin í þessari grein urðu akkúrat 33.“

Stofninum skipt út vegna veirusýkingar

„Á þessum árum var verið að ljúka niðurskurði á sýktum stofni minka á Íslandi sem hafði verið

fluttur inn frá Noregi á árunum 1968 til 1969. Sá stofn var allur sýktur af plasmacytosis, sem er veirusjúkdómur sem skyldur er ríðuveiki og er ólæknandi. Árið 1982 var fluttur inn nýr ósýktur stofn frá Danmörku og síðan af og til þar til reglu var komið á innflutninginn 2002. Eftir það hafa verið flutt inn dýr á hverju ári.

Það tókst alveg ótrúlega vel að

hreinsa okkur af pestinni og skipta út stofninum. Síðan hafa ekki komið upp nema örfá tilvik og þá vegna smits frá villtum mink.

Það þurfti að taka allt í gegn á sýktu búnum. Þar var allt sóthreinsað, einhverju af innréttingum skipt út og skipt um jarðveg. Var þetta gríðarlega umfangsmikið verkefni, en lukkaðist vel. Ég held að það sé á engan logið þótt Eggert Gunnarssyni



Skinn af dýrum hafa frá örfó aldrei verið notuð til að búa til skjólfatnað af ýmsu tagi. Viðskipti með skinn hefur því löngum verið snar þáttur í tilveru manna eins og þessara skinnakaupmanna á slóðum indjána í Ameríku. Upphaflega var eingöngu um að ræða skinna af villtum dýrum, en síðustu hundrað árin eða svo hefur ræktun loðdýra tekið við og um leið komið í veg fyrir ofveiði ýmissa dýrastofna.

dýralækni sé þakkað fyrir hans þátt í því verkefni. Hann stýrði því meira og minna hvað faglegu hliðina snerti og gerði það afskaplega vel. Eggert á því heiður skilið fyrir baráttu sína við að útrýma þessum sjúkdómi og kenna bændum að verjast smiti,” segir Björn.

Erfiður veirusjúkdómur

Sjúkdómurinn mink plasmacytosis, sem stundum er líka nefndur „Aleutian disease“, barst til landsins með mink sem fluttur var til landsins frá Noregi. Hann veldur fösturláti hjá minkum og þekkist einnig í frettum og öðrum dýrum af marðarætt. Talið er að sjúkdómurinn hafi borist til Noregs með dýrum sem flutt voru frá Kanada, en Norðmenn voru upphafsmenn að minkarækt sem húsdýrarækt í Evrópu. Leitðu Norðmenn í smíðju Kanadamanna sem voru fyrstir í heiminum til að halda mink. Það var á Prince Edward eyju, í St Lawrenceflóa í austurhluta Kanada upp úr miðri nítjándu öld. Þar var minkurinn lokaður af á eyjunni og dýrin veidd á haustin vegna skinnanna.

Upp úr aldamótunum 1900 var fluttur minkur til Noregs og urðu norskir bændur fljótt mjög öflugir í ræktun á mink og ref. Þaðan breiddist loðdýraræktin svo út til annarra Evrópulanda.

Íslendingar hafa leitað í smíðju Dana

Bestum árangri í minkaræktinni hafa Danir þó náð og þangað hafa íslenskir minkabændur sótt sín eldisdýr í fjölda ára. Segir Björn að Danir hafi verið mjög skipulagðir í sinni rækt strax frá upphafi og séu nú öflugastir á heimsvísu hvað geðaframleiðslu varðar. Þá hafa þeir einnig verið í forystu með strangar aðbúnaðarreglur sem aðrar þjóðir eins og Íslendingar hafa verið að fylgja eftir. Nú standa íslenskir minkabændur einmitt á tímamótum hvað varðar innleiðingu á nýjum

og rýmri búrum í minkældinu að hætti Dana. Danir höfðu þegar fyrir nokkrum árum lokið að mestu við að skipta út gömlum galvaniseruðum virbúrum fyrir ný endingarbetri og stærri búr með ryðfriú stálneti. Það er mjög kostnaðarsöm aðgerð. Sú endurnýjun hittir nú á versta tíma fyrir íslenska loðýrarækt vegna mikils verðfalls á skinnnum samhliða hækkandi launakostnaði og háu gengi krónunnar. Það er samt yfirflýst stefna yfirvalda að standa við bakíð á loðýraræktinni hér á landi. Vonast Björn því til að minkabændur komist yfir þennan erfiða hjalla þótt fimm bændur hafi hætt í greininni í haust og þar á meðal hann sjálfur.

Aðeins þrjú uppboðshús eftir á heimsvísu

Björn segir að þegar best lét hafi verið fjögur skinnuppboðshús á Norðurlöndunum. Þau voru hjá København Fur í Danmörku, í Oslo í Noregi, í Stokkhólm í Svíþjóð og í Helsinki í Finnlandi. Þar að auki voru uppboðshús í Leningrad í Rússlandi, Seattle í Bandaríkjunum, Toronto í Kanada og stærsta uppboðshúsið var á sínum tíma Hudson Bay í London. Nú eru aðeins þrjú uppboðshús eftir í heiminum, þ.e. í Danmörku, í Finnlandi og í Toronto í Kanada. Af þessum húsum er København Fur langsamlega stærst og þar selja íslenskir loðýrabændur öll sín skinn.

Dýravelferð og sjálfbærni eru lykilatriði í evrópskri skinnframleiðslu

Þótt Danir séu leiðandi í loðýrarækt og sölu á skinnnum þá eru Kínverjar líka mikilvirkir minkaskinnframleiðendur. Þar er regluverkið þó ekki í samræmi við kröfur sem þekkjast í Evrópu, m.a. hvað varðar dýravelferð, og þess vegna selur ekkert uppboðshúsanna skinn frá kínverskum bændum. Kínverjar hafa aftur á móti verið öflugir kaupendur á gæðaskinnnum frá Evrópu en talið er að offramleiðsla á skinnnum á árunum 2013 og 2014 hafi leitt til ofmettunar á markaði sem enn sér ekki fyrir endann á.

„Frá árinu 2020 munu uppboðshúsin svo ekki selja neitt nema vottuð skinn hvað varðar dýravelferð og aðbúnað bíðanna samkvæmt evrópskum reglum. Það gildir bæði um ref og mink.“

– Nú hefur verð á skinnnum verið í lægð, er eitthvað í sjónmáli að úr því rætist á næstunni?

„Það er þó nokkuð í land ennþá að þau lönd sem eru með hæstan framleiðslukostnað séu að fá nægilega hátt verð. Það er hins vegar þannig að á undanförunum tæpum áratug hafa samkeppnisbreytingar versnað mikið í Norður- og Vestur-Evrópu í samanburði við Suður- og Austur-Evrópu. Það er að segja launakostnaður, orkukostnaður og fúðurkostnaður hefur hækkað mjög mikið sem og raunar allur annar framleiðslukostnaður. Verðið eins og það er fyrir skinn í dag hefur dagað okkur á Íslandi ágætlega fyrir tíu árum síðan. Jafnvel þótt við séum með þjálf fíflalega skráð gengi nú og raunar er þar sem það er um 20% of hátt. Nú vantar okkur talsvert upp á til að ná endum saman og þar vegna vinnulaunin á öllum stigum framleiðslunnar þýngst. Við þurfum að umreikna okkar kostnað í dollara þar sem tekjurnar eru í þeirri mynt. Þar erum við á síðustu þrem til fjórum árum að taka á okkur um 50% hækkun á launum.“

Sama lögmál í loðýrarækt og í sauðfjárrækt

„Þetta er nákvæmlega það sama og aðrar útlutningsgreinar og þar með matvælaframleiðendur á Íslandi eru að glíma við. Það er m.a. ein af skýringunum á því hvað sláturkostnaður hefur hækkað mikið í sauðfjárlátrun. Laun annarra sem vinna við þá framleiðslu hefur líka hækkað mikið. Neytendur vilja hins vegar borga sem minnst til að eiga



Björn Halldórsson að skoða skinn í uppboðshúsi København Fur í Danmörku 2014 ásamt þeim Karvel L. Karvelssyni, framkvæmdastjóra Ráðgjafarmíðstöðvar landbúnaðarsins og Sindra Sigurgeirssyni, formanni Bændasamtaka Íslands.

Mynd / HKR.



Það er oft mikið handapát og fjór á skinnuppboðum í Kaupmannahöfn. Þarna eru kínverskir kaupendur mjög áberandi.

Mynd / HKR.



Það er fleira matur en feitt kjöt og leður er heldur ekki bara framleitt úr skinnnum spendýra. Hér eru Árni V. Kristjánsson, framkvæmdastjóri Samtaka íslenskra loðýrabænda, Björn Halldórsson og Skarphéðinn Pétursson, loðýrabóndi úr Svarfaðabóli, að skoða grip úr laxaróði í hönnunarhúsi í Kaupmannahöfn. Þess má geta að Skarphéðinn lét af störfum í stjórni Síli um leið og Björn.

Mynd / HKR.

sem mestan afgang, m.a. til að eiga fyrir utanlandsferðum. Þeir geta svo líka fengið innflutta vöru fyrir sáralitinn pening vegna háðs gengis krónunnar. Sá eini sem ekki fær hagstæðari kjör er bóndinn, sem er neyddur til að taka á sig mikla tekjuskæringu til að mæta auknum kostnaði af launahækkunum annarra í virðisæðjunni. Þetta er sá veruleiki sem við þurfum líka að glíma við í loðýraræktinni.“

Skýringin á lágu skinnaverði er fyrst og fremst offramleiðsla

Björn segir að baráttu dýravernundarinnar gagnvart loðýraræktinni skýri ekki nema að mjög litlu leyti, ef nokkru, það lága verð sem nú er á skinnnum. Það sé fyrst og fremst heimsmarkaðsverð sem er lágt vegna langvarandi offramboðs.

Á árunum 2010, 2011, 2012 og 2013 var gríðarlega mikil offramleiðsla á skinnnum í heiminum. Á árinu 2012 komu rúmlega 80 milljónir skinna til sölu hjá

uppboðshúsum og 87 milljónir skinna árið 2013 en á árunum 2007 og 2008 var framleiðslan um 50 milljónir minkaskinna. Á þessum árum voru öll skinn seld fyrir mjög hátt verð. Það skýrðist helst af því að markaðurinn í Kína var að opnast. Þá var á hverju ári verið að opna fjölmargar verslunarmíðstöðvar í Kína með kannski 200–600 búðum sem seldu eingöngu pelsa. Ég man t.d. að á febrúaruppbóði 2013 voru seld um 7 milljónir skinna í Kaupmannahöfn en það var nokkurn veginn sá fjöldi skinna sem á sama tíma fór til að fylla lager í einu nýju vörðhúsi í Kína. Þetta leiddi til þess að mikið safnaðist upp af skinnavöru sem var nánast öll eins vegna þess að á þeim tíma var nær engin tiskupróf í gangi í skinnavöru í Kína. Þeir vildu einfaldlega eignast pelsa eins og þeir höfðu séð myndir af frá Evrópu. Mikið af þessum pelsum eru ennþá til sölu í kínverskum verslunum því Kínverjar vilja nú kaupa sér annars konar pelsa, þ.e. samkvæmt nýjustu tísku, sem oft eru til lituðum skinnnum. Jafnvel úr

skinnnum með rókuðum eða klipptum hárum. Í slíkri vöru er nú fin sala og ágætis afkoma hjá þeim sem stila inn á þann markað. Aftur á móti er sáralitil hreyfing á vörum úr skinnnum sem framleidd voru fyrir sex til sjö árum. Því er verkefnið nú að reyna að aðstoða verslanir við að koma þeirri vöru í verð. Því er nú hægt að fá í Kína flotta slíka pelsa fyrir um 5.000 danksar krónur sem þykir lítið.

Nú er gert ráð fyrir að á heimsmarkaði á þessu ári komi til sölu hjá uppboðshúsum um 45 milljónir skinna, eða um helmingur þess sem var þegar framleiðslan var í hámarki.“

Björn telur því að markaðurinn muni hægt og bitandi rétta úr kútnum og að skinnaverð fari að hækka. Því sé þetta spurning um hvort mönnum verði hjálpað til að þróa yfir þennan erfiða tíma til að verja þau verðmæti sem felast í greininni.

–En það heyrir samt utan úr heimi að mikill áróður sé fyrir að skipta úr náttúrulegum loðskinnum

yfir í skinn sem búin eru til úr gerviefnum, þ.e. plastefnum. Mun það ekki eyðileggja grunninn fyrir loðýraeldinu?

„Nei, það mun ekki gerast. Það verður alltaf munur á gerviefni og náttúrulegu efni sem framleitt er með sjálfbærum hætti. Það kemur fram í endingartíma, áferð og mengunarfótspori. Þeir sem kynnst hafa raunverulegum pels úr náttúrulegu skinni sjá auðveldlega muninn á gæðunum. Það fólk sættir sig ekki við gerviefni. Gerviefnin geta út af fyrir sig verið ágæt ef mönnum finnst það allt í lagi að nota jarðolíu til að framleiða fót utan á sig. Einnig ef fólk sættir sig við að skilja eftir það spor í vistkerfinu sem hlýst m.a. af örplasti sem nú dreifist um öll heimsins höf. Það er því mjög langt í það að gerviefnin geti komið í staðinn fyrir það besta í náttúrulegum afurðum.“

Nælon var efst á lista yfir sjálfbært hráefni til fatagerðar

Björn segir að mikið sé nú horft til þess að framleiðsla af öllu tagi sé sjálfbær gagnvart náttúrunni. Það eigi líka við varðandi framleiðslu á loðskinnnum. Nú sé í gangi mjög stórt evrópskt verkefni undir stjórn Evrópusamtaka loðýraframleiðenda. Þar er verið að reikna nákvæmlega út kolefnissporið við framleiðslu á loðskinnnum. Því er stjórnað af Hollendingi sem hefur verið að gera það sama varðandi lambaskinn.

Ég hitti þennan mann í fyrria og hann sagði mér að það hafi verið ótrúlegur slagur gegn því sem hann var að gera. Hann hafi verið að hitta stóra framleiðendur á íþrótt- og tiskuvörum sem voru farnir að hugsa mikið um sjálfbærni þeirra hráefna sem þeir notuðu. Þá hitti hann fólk sem var með lista um sjálfbærni ýmissa efna frá ráðgjafarfirmtekjum. Þar var hráefnum raðað eftir sjálfbærnimati ráðgjafarfirmtekjanna. Þessi maður komst í þessa lista og þar var nælon í efsta sæti hvað sjálfbærni varðaði og náttúruleg ull í næsta sæti.

Ég var svo á ráðstefnu í Ungverjalandi þar sem þetta var til umræðu og þar kom í ljós hvernig í pottinn var búið. Þar var kona frá Þýskalandi sem sýndi okkur tölvupóstsamskipti hennar við ráðgjafarfirmteki sem var að selja ráðgjöf til fataframleiðenda um hversu mikil sjálfbærni hráefnisins sem þeir notuðu væri. Þessi kona var að selja skinn og gat fengið það fært upp um þó nokkra flokka á listanum ef hún keypti bara auka ráðgjöf af þessu fyrirtæki.

Þetta dæmi sýnir að menn eru að kaupa stimplana sem til þarf. Manni fallast eiginlega hendur við að sjá þetta því maður veit að peningamáturinn er svo ofboðslega mikill hjá þessum stóra aðilum sem eru að framleiða og selja gerviefnin. Þeirra hagsmunir eru svo gríðarlegir að einhverjir örfáir milljarðar evra í sölu loðskinna segir ekki neitt miðað við þá gríðarlegu fjármuni sem eru í

– Framhald á næstu síðu.

olíu- og gerviefnaðnaðinum. Við þetta þurfum við að berjast og það er bratt fjall að klífa.“

Sjálfbær framleiðsla er algjört lyklatríði

„Það þýðir ekkert að gefast upp því sjálfbær framleiðsla er algjört lyklatríði ef við ætlum ekki að eyðileggja okkar náttúru.“

Þar verðum við líka að taka til hendi varðandi þætti eins og sýtun minkaskinna. Við verðum að horfast í augu við að hún hefur ekki verið sjálfbær fram á þessu frekar en önnur sýtun. Þar eru menn samt að þróa góða hluti. Nú telja menn sig sjá fram á að geta notað eingöngu til sýtunar hráefni sem ekki valda neinum umhverfisskaða. Þannig að sýtunin sem slík verði sjálfbær. Ég sá skinn sem voru sýtuð með þessari aðferð. Þar voru sérfræðingar sem sögðu að sýtun skinna með þessari aðferð gæti náð sömu gæðum og skinn sem sýtuð eru með kemiskum efnum. Þetta er því mjög stórt skref við að gera alla þætti varðandi skinnframleiðsluna sjálfbæra. Það er bara spurning um hversu langan tíma tekur að innleiða nýjar aðferðir. Það mun hjálpa þar til ef aðrir framleiðendur skinna og leðurs taka líka upp þessar aðferðir. Þetta er vissulega seinvirkara og þar af leiðandi dýrara vinnsluferli, en á móti kemur að það skaðar ekki náttúruna og jörðin endist mannkyninu því aðeins lengur.“

Sjálfbærni var ekki á dagskrá fyrir 15 árum

Björn segir að framleiðendur minkaskinna hafi lengi stefnt að aukinni sjálfbærni greinarinnar í sátt við náttúruna.

„Á þeim tíma sem ég hef starfað í þessu hefur gríðarlega mikið gerst í þessa átt. Fyrir 18 árum var enginn að tala um sjálfbærni af nokkru tagi. Ekki heldur fyrir 15 árum. Það var trúlega fyrst fyrir um 10 árum að þeir fyrstu fóru að tala af alvöru um sjálfbærni greinarinnar. Allavega að menn yrðu að fara að huga að þessum málum. Síðan hefur mikið gerst. Það er búið að gera mikið átak í meðferð og umgengni við dýrin. Hvernig farið er með úrgang frá dýrunum og nú er verið að sýna fram á að menn séu á réttri leið. Bæði að menn séu að stunda þessa grein með velferð dýranna í huga á eldistímanum og á vistvænni hátt.“

Stóru tiskuhúsin eru t.d. mjög ánægð með þetta velferðarkerfi sem er að fara í gang í loðdýræræktinni. Það kostar vissulega mikla fjármuni, m.a. vegna stækkunar á búrum. Ég tel nokkuð öruggt að margir muni hætta vegna aukins kostnaðar og að framleiðslan t.d. í Frakklandi leggist af vegna þess.

Hér á landi eru menn búnir að



Skin flokkuð hjá Köpenhagen Fur.

Myndir / HKr.



Búið er að byggja upp mikla fagmennsku og þekkingu í kringum skinnaiðnaðinn í heiminum og þar hafa danskir skinnframleiðendur og uppboðshúsið Köpenhagen Fur í Kaupmannahöfn verið í forystu.

gera áætlanir um hvernig að þessu verði staðið og hvernig framkvæmdir verði fjármagnaðar. Þetta kemur vissulega á versta tíma um leið og skinnaverð er lágt. Hefðum við fengið þetta verkefni 2013, þá

hefði þetta ekki verið mikið mál fyrir greinina. Núna er þetta mikið mál þar sem rekstraraðilar eru að fara inn í fimmta árið í röð með taprekstur.“

Stækkun búra er hrein pólitísk ákvörðun

– Af hverju þarf að stækka búrin, eru dýrin orðin svona mikið stærri, eða hvað?

„Á bak við þessa kröfu er ekkert annað en hrein pólitísk ákvörðun. Það viðurkenna allir sem að þessu koma að það eru samt engar rannsóknir sem styðja rökin fyrir þessari ákvörðun.“

Það er greinilegt að Björn veit mæta vel hvað er í raun á bak við þá pólitíska ákvörðun sem þarna hefur verið tekin. Hann er þó ekki tilbúinn að tjá sig um það opinberlega, en samt er alveg ljóst að danskir framleiðendur og danska uppboðshúsið eru afgerandi og ráðandi öfl í þessum heimi. Þeir geta því auðveldlega með harðri stefnumótun í greininni haft áhrif til að útiloka þá aðila sem ekki vilja fylgja almennum skilningi um dýravelferð og sinna t.d. ekki reglum um fjölda dýra í búrum. Það skiptir síðan augljóslega miklu máli gagnvart almenningssálinu að rekstrarsóðarnir fái ekki að komast upp með að eyðileggja orðspor greinarinnar í heild.

Eins og fram hefur komið, er vitað að danskir minkabændur eru flestir ef ekki allir þegar búnir

að stiga þessi dýravelferðarskrif fyrir nokkru. Þeir eru því komnir í afar sterka samkeppnisstöðu á heimsmarkaði gagnvart öðrum framleiðendum.

Ljóst er að skilyrðin sem sett hafa verið í greininni um dýravelferð og stærð búra munu ná til allra framleiðenda sem selja skinn hjá þeim fáu uppboðshúsum sem eftir eru. Því fleiri sem gefast upp vegna kostnaðar, þeim mun fljótar mun skinnmarkaðurinn líka ná jafnvægi. Þá munu þeir sem þegar hafa farið í gegnum kostnaðarsamar breytingar auðvitað standa með pálmann í höndunum.

Bjartsýnn á framtíð greinarinnar

Björn er þrátt fyrir allt bjartsýnn á framtíð minkaræktar á Íslandi.

„Ég er ekki í minnsta vafa um að þels verður áfram vinsell. Það er mörg þúsund ára hefð á bak við notkun skinna til að klæða fólk á norðurlandi jarðar, allt frá nyrstu byggðum og niður í Kákasusfjöll. Það er ekkert sem bendir til að það sé að breytast. Ég er sannferður um að skinnaverð mun rétta sig af, þar er bara spurning um að lifa af erfiða tíma.“

Ísland hefur alltaf verið hlynnt loðdýrærækt

Nú eru yfirvöld á Íslandi búnir að gefa út mjög skýr skilaboð og skýrari en í nokkru öðru landi

um að þeim hugnist að hafa hér loðdýrærækt. Það var samþykkt að setja peninga í að aðstoða menn við að komast í gegnum erfiðleika. Í framhaldi af því tók Bygðastofnun ákvörðun um að hjálpa bændum að fjármagna það sem upp á vantaði. Það eru líka mjög skýr skilaboð til bændu sem í þessari grein starfa. Ef bankarnir skilja ekki þau skilaboð, þá eru þeir sennilega á enn verri stað en ég hélt.

Það er bara eitt land í Evrópu sem er pólitískt grænt hvað varðar afstöðu pólitíkurinnar til loðdýræræktar og þannig hefur það alltaf verið. Allan þann tíma sem ég hef verið formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda, þá er Ísland eina landið sem hefur verið algjörlega grænt í pólitískri afstöðu til greinarinnar. Sennilega er Úkraína þó líka að komast á þennan stað núna. Þar er mikill vilji fyrir því að byggja upp loðdýrærækt.“

Pólitísk umrót í Noregi þjappar bændum saman

– Nú hafa stjórnvöld í Noregi lýst andstöðu við greinina, mun það ekki hafa áhrif hér?

„Það er því miður búið að vera mikið basl í greininni í Noregi í mörg ár. Loðdýræræktin hefur staðið svölitið ein í norskum landbúnaði. Þessar yfirlýsingar stjórnvalda, þ.e. eins lítills stjórnmálaflokks, hafa gert það að verkum að norskur landbúnaður hefur slegið skjaldborg um loðdýræræktina. Menn hafa áttað sig á því að ef loðdýræræktin verður slegin af þá er bara spurningin hvaða grein verður látin falla næst. Það er ljóst að ef „dýravæðingarsinnar“ innan stórra gæslalappa, vinna þennan slag, þá fá þeir vind í seglin til að ganga enn lengra. Norski landbúnaðurinn er búinn að átta sig á því og sameinaður er hann mjög sterkur. Þar, líkt og hér, byggist talsvert stór hluti hinna dreifðu byggða algjörlega á landbúnaði og sjávarútvegi.“

Ólíkt því sem hér hefur oft verið hefur ríkt meiri almennur og pólitískur skilningur fyrir því í Noregi að það þurfi að styðja landbúnaðinn kröftuglega út frá byggðasjónarmiðum. Án landbúnaðarins hrynja byggðirnar. Hér á landi vantar talsvert á að allir sem eru í landsmálapólitík skilji þetta samhengi hlutanna.“ segir Björn Halldórsson. /HKr.



„Ólíkt því sem hér hefur oft verið hefur ríkt meiri almennur og pólitískur skilningur fyrir því í Noregi að það þurfi að styðja landbúnaðinn kröftuglega út frá byggðasjónarmiðum. Án landbúnaðarins hrynja byggðirnar. Hér á landi vantar talsvert á að allir sem eru í landsmálapólitík skilji þetta samhengi hlutanna.“

BÚNAÐARÞING 2018

Fjöldi mála afgreidd



Setning Búnaðarþings 2018

Setningarathöfn Búnaðarþings 2018 var haldin mánudaginn 5. mars síðastliðinn í Súlnasal á Hótel Sögu. Búnaðarþing stóð yfir í tvo daga samkvæmt nýju fyrirkomulagi. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sagði í ræðu sinni að mótvægisáðgerðir væru nauðsynlegar vegna EFTA-dómsins.

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, flutti setningaræðu og ræddi þar meðal annars sanngjörn starfsskilyrði, sem væri málafni sem brynni á bændum um þessar mundir, og fór yfir möguleg viðbrögð við EFTA-dómnun frá því í nóvember síðastliðnum.

Tollvernd mikilvægur hluti af landbúnaðarstefnunni

Sindri sagði að staða tollverndar í landbúnaði tengdist sanngjörnum starfsskilyrðum. „Nú er hún með þeim hætti að stjórnvöld hafa felt niður tolla – stundum einhliða – á öllum vörum nema matvörum sem jafnframt eru framleiddar hér innanlands. Um ekkert annað er því að semja ef til stendur að gera fríverslunarsamninga við aðrar þjóðir.

Tollvernd er mikilvægur hluti af landbúnaðarstefnunni og gera verður kröfu til þess að hún skili árangri þar sem henni er beitt. Tollar eru að hluta til föst krónutala. Upphæðir hafa í mörgum tilvikum ekki breyst í meira en 20 ár og þar af leiðandi rýmað verulega að verðgildi. Hátt gengi krónunnar undanfarin misseri kemur síðan þar til viðbótar. Verndin er því bitlaus og nær ekki þeim markmiðum sem hún þarf að ná.

Vissulega taka sumir tollar einnig mið af innflutningsverði en þeir eru fjárir því almenn regla. Tollum er ætlað að jafna samkeppnisstöðu miðað við þær framleiðsluáðstæður sem eru fyrir hendi en nú er það ekki raunin. Fara þarf yfir álagningu tolla í heild og tryggja að þeir skili því sem þeim er ætlað.

Þá verður að nefna gildistöku tollasamnings við ESB sem undirritaður var í september 2015. Samningurinn tekur gildi 1. maí nk. en verður að fullu kominn til framkvæmda í byrjun árs 2021. Kvótar ESB fyrir tollfrjálsan innflutning hingað til lands munu fimmfaldað á tímabilinu, en kvótar Íslands á markað ESB munu á sama tíma ríflaga þrefaldað.

Stjórnvöld settu á fót starfshóp sem skilaði tillögum um viðbrögð við áhrifum samningsins, en þær tillögur virðast hafa stungist djúpt í skúffur ráðuneytisins. Þær hafa að minnsta kosti, lítt eða ekki komist til framkvæmda. Það verður að breytast. Það þarf að taka tillit til hagsmuna heildarinnar, ekki bara hagsmuna heildsala, sem æði oft eru dulbúðir sem hagsmunir neytenda,“ sagði Sindri.

Niðurstaða EFTA-dómstólsins veldur verulegum áhyggjum

Þá vék Sindri talinu að dómi EFTA-dómstólsins frá því í nóvember síðastliðnum, þar sem gildandi skilyrði fyrir innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddri mjólk og eggjum væri brot á EES-samningnum. „Þessi skilyrði voru tekin upp þegar íslensk stjórnvöld innleiddu matvælagöggjöf Evrópusambandsins



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og hjónin í Bakkakoti, Kristín Kristjánsdóttir og Sindri Sigurgeirsson, sem var endurkjörinn formaður Bændasamtaka Íslands á Búnaðarþingi 2018.

Myndir / HKR.



Björn H. Barkarson, sérfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Sveinn Margeirsson, forstjóri Matis, Sæmundur Sveinsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, Eyófinnur í Búðini frá Færeyjum, Meri Remes frá finnsku bændasamtökunum, MTK, Sigert Patterson, formaður Færeyska bóndafélagsins, Thomas Snellman frá Finnlandi, Guðrún Lárusdóttir búnaðarþingsfulltrúi og Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtaka Íslands.

árið 2009. Málið spratt upphaflega af kvörtun Samtaka verslunarinnar til ESA 2011. Við meðferð þess lögðu íslensk stjórnvöld fram margvísleg gögn þess efnis að takmarkanirnar sem deilt var um væru eðlilegar með vísan til 13. greinar EES-samningsins. Hún fjallar um heimild til takmörkunar á viðskiptafrelsi í því skyni að vernda heilsu manna og dýra.

Niðurstaða dómstólsins var eftir sem áður að taka með engu mið af 13. greininni í niðurstöðunni. Talið var að hún ætti ekki við.

Niðurstaða sem þessi veldur verulegum áhyggjum af því hvort

að EES-ríkin séu raunverulega á jafnréttisgrundvelli gagnvart Evrópusambandinu. Í sáttmála ESB eru sambærilegar heimildir og 13. grein EES-samningsins sem ekki hefur verið hnekt. Þessi staða er verulegt umhugsunarefni fyrir stjórnvöld og fyllsta ástæða til að ræða við Evrópusambandið um raunverulega þýðingu þessara varnagla. Að óbreyttu virðast þeir lítills virði.

Vísindamenn hafa bent á að afnám ofangreindra takmarkana muni þýða verulega aukna áhættu á ýmsum sviðum fyrir heilsu manna og dýra,“ sagði Sindri.

Hann sagði miklu máli skipta hver næstu skref stjórnsvalda yrðu í málinu og Bændasamtökin teldu besta kostinn í stöðunni að tafarlaust verði óskað eftir viðræðum við Evrópusambandið og látið á það reyna hvort hægt verði að halda nógildandi löggjöf áfram, með samningum þess efnis. Full rök stóðu til þess þó að EFTA-dómstóllinn hafi því miður ekki tekið tillit til þeirra.

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir að Ísland þurfi einhvers konar aðlögun að þeim breytingum sem EFTA-dómurinn mun hafa í för með sér.

Mótvægisáðgerðir nauðsynlegar vegna EFTA-dóms

Því næst flutti Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ræðu. Hann sagði það ljúft og skýlt að geta svarað nýlegum erindum frá Bændasamtökum Íslands við setningu Búnaðarþings. Vísandi Kristján þar til óska um aðgerðir vegna EFTA-dómsins áður nefndan og aðgerða vegna aukinna tollfrjálsra kvóta á búvörum frá Evrópusambandinu. Sagði Kristján að nauðsynlegt væri að gripa til mótvægisáðgerða við væntanlegar breytingar vegna EFTA-dómsins.

„Í ljósi þessa er undirbúningur mótvægisáðgerða á byrjunarstigi og ljóst að það mun taka tíma að koma þeim í framkvæmd. Því er augljóst í mínum huga að við getum ekki ráðist í þessar breytingar í dag eða á morgun – við þurfum einhvers konar aðlögun að þeim breytingum og er sú vinna farin af stað.

Þannig er í gangi vinna við að sækja til ESA svokallaðar viðbótartryggingar vegna salmonellu í kjöti af alifuglum og eggjum en þess má geta að Norurlöndin hafa fengið slíkar tryggingar. Einnig munum við leggja ríka áherslu á öryggi matvæla og að vernd búlfjárstofna sé tryggð. Þá hefur verið komið á samstarfi við þýsku áhættumatstofnunina BfR, Bundesinstitut für Risikobewertung, sem mun veita ráðgjöf um sýnatöku á markaði og aðgerðir til að koma í veg fyrir útbreiðslu á kampýlóbakter og salmonellu,“ sagði Kristján.

Varðandi tollabreytingarnar sagði Kristján að sjálfsagt sé að taka hugmyndir Bændasamtaka Íslands til skoðunar. „Ég segi hins vegar ykkur hér í dag að þessir samningar fela í sér mikil tækifæri fyrir bæði neytendur en ekki síður íslenskan landbúnað,“ sagði Kristján. Hann bætti því við að hann hefði skilning á því að hluti íslenskra bændu upplíði óvissu og óöryggi um sína framleiðslu, en ekki megi vanmeta sóknarferi sem íslenskur landbúnaður fær til að koma vörum sínum á erlendum markað. Þetta sé lykilatriði að hans mati. /smh



Guðný Helga Björnsdóttir frá Bessastöðum, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri BI, Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Sindri Sigurgeirsson, formaður BI og Kristín Kristjánsdóttir.



» TOLLAMÁL

Markmið
Búnaðarþing 2018 krefst þess að ríkisstjórn Íslands og Alþingi taki stöðu með innlendra matvælaframleiðslu með því að styrkja tollvernd íslensks landbúnaðar.

Framganga og leiðir

Magntollar á búvörur verði uppreiknaðir til verðlags dagsins í dag. Þá verði samningum við

ESB um tollfrjálsa kvóta fyrir landbúnaðarafurðir frá 2007 og 2015 sagt upp með vísan til breyttra forsenda.

Enn fremur verði leitað allra leiða til að nýta heimildir til að leggja tolla á innfluttar búvörur sem einnig eru framleiddar hér á landi.

Þá verði innflutt kjöt umreiknað í ígildi kjöts með beini þegar um beinlausar og unnar afurðir er að ræða, við útreikninga á nýtingu gildandi tollkvóta.

» UMHVERFISSTEFNA LANDBÚNAÐARINS

Markmið

- Að greina stöðu umhverfismála í íslenskum landbúnaði og setja í framhaldinu markmiðssetta stefnu í umhverfismálum til næstu ára.
- Að umhverfisstefnan verði leiðarljós einstakra bænda og búgreina sem og landbúnaðarins alls í umhverfismálum.

- Að umhverfisstefnan verði lifandi sáttmáli sem taki reglulegri endurskoðun.
- Að umhverfisstefnan verði mikilvægt verkfæri við endurskoðun búvörusamninga og framtíðarsamninga ríkis og bænda.
- Að umhverfisstefnan verði mikilvægt verkfæri til markaðssóknar landbúnaðarvара á íslenskum markaði.

Leiðir

Skipa starfshóp bænda úr ólíkum búgreinum undir forystu BÍ með aðkomu sérfræðinga og ráðgjafa sem haldi áfram þeirri vinnu sem starfshópur sem skipaður var á síðasta Búnaðarþingi hefur unnið að.

» SKÓGRÆKT TIL FRAMTÍÐAR

Markmið

Að Ísland verði sjálfbært um timbur, og skógrækt verði stöndug atvinnugrein sem stuðli að eflingu alls landbúnaðar. Skógrækt er árangursrik leið til bindingar kolefnis úr andrúmsloftinu.

Leiðir og framgangur

Nýta má fjármagn strax í dag t.d. við undirbúning lands, umhirðu skóga og skipulagningu. Með fjórfaldri aukningu fjármagns til skógræktar er hægt að koma til móts við alþjóðlega lofslagssamninga, efla atvinnu og styrkja búsetu á landsbyggðinni og verða sjálfbær um viðarframleiðslu. Bændasamtök Íslands (BÍ), ásamt Landssamtökum skógareigenda (LSE), hefji viðræður við landbúnaðarráðherra um að stórauka skógrækt á lögþýlum á Íslandi.

» RANNSÓKNIR Á LOSUN OG BINDINGU KOLEFNIS Í ÍSLENSKRI NÁTTÚRU

Markmið

Auka þekkingu á kolefnisbindingu og losun í íslenskri náttúru.

Leiðir og framgangur

Að auka innlendra rannsóknir í málaflokknum þannig að þau markmið um kolefnisbindingu sem stefnt er að náist á sem hagkvæmasta hátt. Stjórn BÍ er falið að vinna að framgangi málsins í samvinnu við stjórnvöld.

Syðri-Hofdalir og Nes hlutu Landbúnaðarverðlaunin 2018

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra, veitti Landbúnaðar-verðlaunin 2018. Bændur á tveimur bæjum hlutu verðlaunin; Hofdalabændur á Syðri-Hofdölum í Skagafirði og bændur í Nesi í Höfðahverfi, Grýtubakkahreppi.

Í ræðu ráðherra kom fram að verðlaunin væru þakklætis- og virðingarvottur frá landbúnaðarráðherra til bænda og íslensks landbúnaðar. Þau hafa verið veitt í 20 ár og alltaf við setningu Búnaðarþings. „Verðlaunin hafa alla tíð verið hugsuð sem viðurkenning til aðila sem hafa með verkum sínum, áráðni og dugnaði verið öðrum til fyrirmyndar jafnt hvað varðar umhirðu og góðan rekstur en jafnframt og ekki síður hvað ytra umhverfi og ásjúnd búins varðar. [...]“

Val á verðlaunabæjum er bæði auðvelt og snúið. Fjölmargir eiga verðlaunin skilið en fáir eru útvaldir í hvert skipti. Samt hefur svo til tekist að allir hafa verið sammála um að viðkomandi verðlaunabegar hafi átt viðurkenninguna skilið.

Verðlaunagripirnir í ár – eins og undanfarir – eru hannaðir og unnir af listakonunni Sigríði Helgu Olgeirsdóttur, steinleirsskúlpurt á stöpli úr íslenskum þini.

Unnið er með þá hugmynd að fræði sé eins konar tákun um upphaf einhvers

sem getur vaxið og dafnað, fái það réttar aðstæður. Í því samhengi getur verið vísað út fyrir hinn hefðbundna ramma ræktunar og staðið fyrir hvers kyns frumkvöðlastarf og nýbreytni,“ sagði ráðherra í ræðu sinni.

Nes í Höfðahverfi

Í umsógn sem ráðuneytið hefur tekið saman um Nes segir:

„Nes í Höfðahverfi er við austanverðan Eyjafjörð, ríflega 30 km frá Akureyri, og tilheyrir Grýtubakkahreppi. Ekki sést heim að bænum frá aðalvegi en hann stendur á sjávarbakka um 80 m frá fjörunni.“

Landið liggur að sjó á milli Fnjóskár og Hólsár. Jörðin er um 480 ha öll á láglendi, mesta hæð yfir sjó er 32 m, og er að miklu leyti vaxin fjalldrapa og víði.

Framan við bæinn eru miklar grynningar og leirur; Laufásgrunn, sem sjór fellur af á stórstraumsfjöru og er kjöraðstaða fyrir fugla enda er í Nesi mikið og fjölbreytt fuglalíf. Frá bænum er víðsýnt og fjöllin við Eyjafjörð mynda samfelldan fjallahring.

Árið 1928 keyptu Grímur Laxdal og Sigurdis, afi og amma Ara, Nes, en þau höfðu áður búið sem leiguliðar á Gautsstöðum á Svalbærstönd.

Jón Laxdal, sonur þeirra, fór í bændaskólann á Hólum og hann,



Handhafar Landbúnaðarverðlaunanna 2018. Hofdalabændur til vinstri og bændurnir frá Nesi hægra megin með Kristjáni Þóri Júlíusyni ráðherra.

Mynd / HKr.

ásamt konu sinni, Snjólaugu Aradóttur frá Grýtubakka, tóku við jörðinni og bjuggu þar til 1995.

Þá tók við búinu Ari, sonur þeirra, sem nú býr á jörðinni ásamt Sigurlaugu Sigurðardóttur frá Brúnastöðum í Lýtingsstaðahreppi.

Árið 2002 var stofnað einkahlutafélag, Helguhöll, um rekstur búins og er nafnið dregið af

hól sem er hæsti punktur í Neslandi.

Framan af var lengi blandað bú í Nesi – kindur og kýr – en 1995 var sauðfjárrækt hætt og síðan hefur verið eingöngu kúabú í Nesi. Þá voru kýmar um 50 og framleiðslurétturinn um 180 þúsund lítrar. Nú eru um 90 kýr í Nesi og framleiðslurétturinn um 550 þúsund lítrar en framleiðslan hefur verið nokkru meiri.

Árið 1960 var byggt fjós sem tók um 25 kýr. 1985 var fjósið stækkað í 50 bása og byggður mjaltabás og 2002 var fjósið endurbýtt í legubásafjós fyrir 90 kýr og tekinn í notkun mjaltaróbt og síðan annar 2008.

- Á síðasta ári var tekið í notkun nýtt 720 fermetra geldneytafjós með 150 legubásam.
- Á bænum eru 6 hestar, aðallega til ánægju.
- Í Nesi eru nokkur hlunnindi af æðarvarpi.
- Á árunum upp úr 2000 var plantað skógi í um 50 hektara í Norðurlands-skógaverkefninu og er sá skógur nú orðinn vel sýnilegur, á sama tíma var plantað talsverðu af skjólbeltum.
- Öllum byggingum í Nesi er vel við haldið og snyrtimennska í allri umgengni er til fyrirmyndar.



Nes í Höfðahverfi.

Framhald á næstu síðu.

BÚNAÐARÞING 2018

Búnaðarþing
2018

Bændurnir í Syðri-Hofdölum taka við viðurkenningu frá ráðherra.

Syðri-Hofdalir

Í umsögn sem ráðuneytið hefur tekið saman um Nes segir:

„Í Hofstaðabyggð í Skagafirði er býlið Syðri-Hofdalir. Frá árinu 1936 hefur búið þar sama fjölskyldan – nýir ættliðir tekið við af þeim eldri. Núverandi bændur þar eru hjónin Trausti Kristjánsson og Ingibjörg Aadnegard, og sonur þeirra, Atli Már

Traustason, og Klara Helgadóttir, kona hans, ásamt 3 börnum sínum og tengdadóttur. Um tíma bjuggu 5 ættliðir undir sama þaki. Árið 2015 var stofnað einkahlutafélag, Hofdalabúið ehf., um allan búreksturinn sem er blandaður – mjólkurframleiðsla, nautgripaelði, sauðfé og hross.

Allt frá því þegar afi og amma Trausti komu frá Atlastöðum í Svarfaðardal 1936, hefur búið



Fjárhúsin. Á búinu er um 650 fjár.



Syðri-Hofdalir.

Myndir / úr einkasafni

stækkað og nú eru þar um 45 árskýr og greiðslumarkið líðlega 300.000 lítrar. Búið hefur mörg undanfarin ár lagt inn úrvalsmjólk og flokkað sem fyrirmyndarþú.

Allir nautkálfar eru settir á til kjötrframleiðslu og í fyrra voru það 22 gripir með um 320 kg meðalpunga. Sauðfénu hefur fækkað nokkuð en telur um 650 hausa og greiðslumarkið 860 ærgildi. Áhersla er lögð á að koma sem flestum lömbum í sumarslátrun og var rúmum helmingi lambanna lögð á þeim tíma síðastliðið haust.

Hrossaréktin er nú mest til skemmtunar en nokkuð er samt tamið og hjálfað og eitt og eitt hross selst, í eigu búins eru um 40 hross. Þá eru vantalín varphænsn og fjárhundur. Ræktað land er um 140 ha. Árlega eru um 20 ha í endurræktun og einnig er stunduð kornrækt, í smáum stíl þó.

Ábúendur leggja mikið upp úr góðri umgengni og snyrtimennsku og hefur búið meðal annars hlotið umhverfisviðurkenningu í sínu heimahéraði.

Búið hefur til margra ára verið verknámsbær frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og er sá verknemi sem mættir í Syðri-Hofdali í vor númer 31.



Fjósíð í Syðri-Hofdölum. Þar eru nú um 45 árskýr.

Ábúendur hafa lagt sig fram við að kynna íslenskan landbúnað. Búið hefur verið upp á opna daga á sauðburði og allri þjóðinni var boðið upp á beina útsendingu sjónvarpsins, „Beint frá burði“, að frumkvæði RÚV og Gísla Einarssonar.

Sagan heldur áfram á Syðri-Hofdölum og Friðrik Andri, elsti sonur Atla og Klóru, er að koma heim eftir nám á Hvanneyri ásamt unnustu sinni og fyrirhugaðar eru byggingar sem gjörbylta aðbúnaði bæði fyrir menn og nautgripa.“ /smh

Erlendir gestir á Búnaðarþingi

Fimm erlendir gestir voru viðstaddir nýliðið Búnaðarþing. Það er hefð fyrir því að systursamtök BÍ sendi fulltrúa á þingið en þeir hafa aldrei verið fleiri en nú. Í fyrsta sinn var formaður Færeyska bóndafélagsins viðstaddur Búnaðarþing ásamt öðrum stjórnarmanni.

Hópurinn brá sér bæjarleidd hluta úr degi og kynnti sér starfseminu í Lambhaga, en það er eitt stærsta garðyrkjuþýli landsins. Þar tók Hafberg Þórisson bóndi á móti gestunum og fræddi þá um starfseminu. Á eftir var keyrt til Þingvalla og gengið niður Almagnagjá.

Hittu forseta og ráðherra

Að kvöldi fyrsta þingdags fóru gestirnir í heimsóknir til stjórnmalaflokka ásamt búnaðarþingsfulltrúum. Höfðu þeir á orði að tengsl bænda og íslenskra stjórnmalamanna væru til mikillar fyrirmyndar. Norski fulltrúinn var hissa á því að hitta á sama sólarhringnum forseta Íslands, landbúnaðarráðherra, utanríkisráðherra og fjölmarga þingmenn. Sagði hann að norskir stjórnmalamenn mættu taka íslensk starfssýstkin sín til fyrirmyndar. Þeirra eigin forsætisráðherra hefði fimm sinnum verið boðið við setningu aðalfundar Norges bondelag og aldrei þegið boðið.



Hafberg sýnir Sigert tækjakost gróðrarstöðvarinnar í Lambhaga.



Norrænu gestirnir í Lambhaga. Frá vinstri: Eyðinnur í Búðinni frá Færeyjum, Sigert Patursson, formaður Færeyska bóndafélagsins, Thomas Snellman frá Finnlandi, Hafberg Þórisson garðyrkjuþýli, John-Erik Skjelnes Johansen frá Norges bondelag og Meri Remes frá finnsku bændasamtökunum, MTK.




Það var kalt en fagurt á Þingvöllum.

Myndir / TB



John-Erik Skjelnes Johansen, Sigert Patursson og Guðlaugur Þór Þórðarson hittust á fundi með stjórnmalaflokkum og búnaðarþingsfulltrúum.


Jurop

FOSDENHØR

 6,500 lítra
 9,500 lítra
 11,000 lítra
 13,500 lítra

HAUGSUGUDÆLUR



Er haugsugudælan í lagi?
 Eigum til og getum útvegað varahluti
 í flestar gerðir haugsugudæla

Eigum einnig til gott úrval
 af haugsuguhlutum



www.VBL.is
 VB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
 Krókháls 5F
 110 Reykjavík
 Sími: 414-0000

AKUREYRI
 Baldursnes 2
 603 Akureyri
 Sími: 464-8600

SAVAGE ARMS®

NÝ SENDING

 ACCUTRIGGER
 ACCUSTOCK


Model: 93R17GVXP

Cal: 17HMR þungt hlaup og Bushnell sjónauki 3-9x40

kr. 79,900



MarkII FVXP

Cal: 22 LR Bushnell sjónauki 3-9x40

kr. 67,900



1 Trophy Hunter XP

Cal: 223 - 243 og 260 Bushnell sjónauki 3-9x40

kr. 125,900



110 Tactical Desert

Cal: 308 og 6,5 creedmoor snittaður stillanlegur skefti

kr. 159,900



Savage Axis II XP

Cal: 223 og 243 Bushnell sjónauki 3-9x40 stillanlegur glikkur og skefti

kr. 89,900

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturröst.is

Bændablaðið Auglýsingasíminn er 563-0303
 Næsta blað kemur út **22. mars**

**lðnaðarmenn, verktakar og aðrir,
 kerrurnar frá **HUMBAUR**
 hafa margsannað sig á Íslandi,
 stórar sem smáar!**



Tveggjaáxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m,
 opnanleg að framan. Verð kr. 431.452,- án vsk.



Flatvagnar-ymsar stærðir, 2000kg-3500kg,
 mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm
 með sturtum. Verð kr: 229,839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm,
 opnanleg að framan. Verð kr: 201,612,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm,
 opnanleg að framan. Verð kr: 169,355,- án vsk.



Startailer 750kg, gerð 1280, 205x109,
 mál: 5x30cm. Verð kr: 120,888,- án vsk.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
 SMÍÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

MATVÆLI & MARKAÐSMÁL

Eymundur Magnússon, bóndi í Vallarnesi:

Endalaus uppspretta frjórra hugmynda um vörur úr íslenskum náttúruafurðum

Eymundur Magnússon, bóndi í Vallarnesi, stóð vaktina hjá fyrirtæki sínu Móður jörð á Matarmarkaði Búsins um líðna helgi ásamt Jóni Guðmundssyni og Eygló Björt Ólafsdóttur.

Eymundur er landsþekktur frumkvöðull í þróun margvíslegra matarafurða úr íslensku hráefni. Fyrir það hlaut hann m.a. riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu á nýársdag 2012 fyrir frumkvæði á sviði búskaparhátta og matvælamenningar.

Eymundur, sem hóf búskap í Vallarnesi 1979, sagði í samtali við blaðamann að hann væri nú kominn með í framleiðslu 100 vörutegundir.

Vantar bara tíma til að vaxa meira

„Þetta hefur vaxið mikið og gæti vaxið meira ef maður hefði tíma. Það er eiginlega það eina sem vantar núna, tíminn til að koma nýjum hugmyndum á koppinn. Þetta er mjög gaman. Askorunin hjá okkur er að rækta sjálf sem mest af því sem við erum að framleiða. Það er alltaf okkar fyrsta hugsun, ef okkur dettur í hug að framleiða einhverja nýja vöru, hversu stórt hlutfall af hráefninu við getum ræktað sjálf. Við reynum að hafa aldrei minna úr okkar eigin ræktun í hverri vörutegund en 50%. Grunnurinn á bak við þetta allt er ræktunarmaðurinn.“

Ræktun og framleiðsla skapar sjó ársverk

Í dag eru um sjö ársverk í kringum þessa starfsemi sem er býsna gott á sveitabýli á hjára veraldar. Við erum með þrjá starfsmenn yfir vetrartímann sem eru að vinna við bygg og framleiða súrkál og sultur. Síðan fjölgum við í starfslíðinu yfir sumartímann. Það eru mörg handtök við þetta, en þetta er líka mjög gaman. Það nýjasta er repjuolía til matargerðar. Það er kannski svolítið „exotískt“ hér á Íslandi að koma með innlenda



Vaxandi áhugi er fyrir fullvinnslu bænda á afurðum sínum og fjölbreytnin er stöðugt að aukast. Þau stóðu vaktina í bás Móður jarðar á Matarmarkaði Búsins um líðna helgi. Talið frá vinstri: Eymundur Magnússon, bóndi í Vallarnesi, Jón Guðmundsson og Eygló Björt Ólafsdóttir. Mynd / HKr.

matarolíu á markað. Auk þess að nýttast beint í matargerð er hún líka góð sem innihald í margar aðrar afurðir. Við eigum eftir að

koma með fleiri útgáfur af þessari repjuolíu og þá með kryddblöndum sem dressingu.

Við erum með lítinn

veitingastað og þar steikjum við buffin okkar upp úr repjuolíunni og það virðist gefa þeim aukid bragð. Það er svolítið gaman að

geta sameinað það sem við erum að rækta og lokað hringnum beint á disk neytenda,“ segir Eymundur. /HKr.

Ísbúðin Ísleifur heppni kætir bragðlauka landans

Ísbúðin Ísleifur heppni hefur vakið mikla athygli fyrir gott og ferskt bragð hvar sem ísinn hefur verið í boði.

Þar sem eitthvað sérstakt er um að vera má alveg eins búast við því að félagarnir frá Ísbúðinni Ísleifi heppna séu á staðnum. Þannig var það líka á Matarmarkaði Búsins í Hörpu um síðustu helgi. Þar sýndu aðstandendur Ísleifs listir sínar og buðu gestum og gangandi að smakka ís sem er engum öðrum líkur.

Á bak við Ísleif heppna standa feðgarnir Einar Ólafsson arkitekt, sem var á árum áður þekktur skíðakappi frá Ísafirði, og matreiðslumaðurinn Gunnar Logi Malmquist Einarsson.

Begar tíðindamann Bændablaðsins bar að garði á Matarmarkaði Búsins sl. sunnudag voru Gunnar Logi og Aron Garðar Másson að gefa gestum ís að smakka.

Búðin er annars með aðsetur í Hlemmi – Mathöll og hafa eigendur einnig verið með eins konar „popup“ á hinum ýmsu viðburðum. Þannig mátti sjá þá féлага á opnun á nýjum sýningarsal Bílasölu Benna fyrir skömmu og hafa þeir víða troðið upp með sín tæki og tól. /HKr.



Áhöfnin á Ísleifi heppna, þeir Aron Garðar Másson og Gunnar Logi Malmquist Einarsson, tóku sér smá hlé frá því að þjónusta ákaft íshugafólk í Hörpu til að sinna fyrirsætustörfum fyrir Bændablaðið. Mynd / HKr.

UTAN ÚR HEIMI



Hrefnuskurður á Íslandsmiðum.

Mynd / VH.

Norðmenn heimila auknar hrefnuveiðar

Sjávarútvegsráðherra Noregs hefur tilkynnt 28% aukningu á hvalveiðikvóta Norðmanna. Einungis er verið að auka veiðar á hrefnu.

Samkvæmt þessu geta norskir hvalfangarar veitt 1.278 hrefnur á vertíðinni. Á síðasta ári mátti veiða 999 hrefnur en einungis 438 voru veiddar. Hrefnustofninn við Noreg er

talinn rífla eitt hundrað þúsund dýr. Í yfirlýsingu frá norska sjávarútvegsráðuneytinu vegna kvótaaukningarinnar segir að hvalveiðar við Noreg séu á hröðu undanhaldi og að fjöldi hvalveiðimanna hafi misst lífsviðurveru sitt. Vonast er til að kvótaaukningin verði innspýting í greinina og efla hag hennar. /VH

Bændablaðið

Kemur næst út

- 22. mars -

MouseShield músakítti

Lokar sprungum, rifum og götum til að hindra umferð nagdýra og skordýra

STREYMI
heilverslun

Söluastaðir

- Bústólpi
- Fóðurblandan
- Kaupfélag Borgfirðinga
- Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
- Verslunin Eyri
- Vélavél

Streymi heilverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri

S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

RÁÐGJÖF

Tökum að okkur ráðgjafaverkefni fyrir minni og meðalstór fyrirtæki gagnvart eftirfarandi þáttum:

- » Gengisáætla, gengisvarnir og áhættustýring
- » Fjármögnun og endurfjármögnun
- » Fjárfestingaráðgjöf
- » Almenn rekstraráðgjöf

Yfir 25 ára reynsla af fjármála- og gjaldeyrismörkuðum.

Sérstaklega áhugavert fyrir fyrirtæki með rekstraráhættu tengda gjaldeyrissveiflum.

Lítil yfirbygging - samkeppnishæf verð.

Nánari upplýsingar gefur Sverrir í síma 6658818 eða á sverrir@econsulting.is.

EC CONSULTING

Garð hani

FRÖST LÍNA

Vatnstæmingar box

Stýriloki

3/4" vatnsleiðsla

BEULCO®

Rennandi vatn allt árið - í garðinum

- Garðhanann þarf að setja upp á frostfríu svæði, 80cm niður í jörðina.
- Allar leiðslur að honum verður að leggja undir frostlinu.
- Við tæmingu á vatni úr Garðhananum, skal láta vatn renna út í jarðveginn. Hentugur jarðvegur í kringum vatnstæmingarboxið er mól sem tekur vel við vatni.
- Áður en frosta-tími hefst skal snúa Garðhana lokanum í „closed“ stöðu til að tæma leiðslur niður í frostfrítt svæði.
- Á frost-tíma, eða ef frostaætla er, skal snúa Garðhana lokanum í „closed“ stöðu eftir hverja notkun. Þessi aðferð gæir þér kleift að nota rennandi kranavatni í frosti - allan veturinn.
- Til þess að afrennsli sé virkt, skal aftengja slöngur og aðra tengihluti sem geta komið í veg fyrir vatnstæmingu.

Med allt á hreinu í tæpa öld

ÍO ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dröghálsi 14 · 16 · Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is

ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN

Icivet
Dýraheilsa

LAMMBOOST OG FLORYBOOST eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og kemur með íslenskum leiðbeiningum.

FLORYBOOST

Floryboost stuðlar að jafnvægi þarmaflórunnar og saltþúskap líkamans þegar meltingartruflanir gera vart við sig.

Verndar þarmana – Viðarkol og leir sem draga í sig eitrefni

Kemur jafnvægi á saltþúskap líkamans – Natriumklóríð, magnesíumklóríð, kalíumklóríð og íosföt

Eykur orku – Dextrósi

Styrkir erta slímhuð – Nauðsynlegar olíur unnar m.a. úr rósmarín, cajeput, tímotei og thymol

LAMMBOOST

Lambboost er fæðubótarefni sem er auðugt af broddmjólk og næringarefnum og er sérstaklega hannað með þarfir litilla og léttra lamba í huga.

Heilbrigð þarmaflóra – Mjólkursýrugerlar

Eflir ónæmiskerfið – Broddur

Örvandi – Jurtakraftur (kóla, gúarana)

Eykur líkamlegan styrk – Flókin samsetninga vitamína og járns

Eykur orku – Nauðsynlegar fitusýrur, glúkósi, þriggyseriðar

Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðsaðila www.dyraheilsa.is

Sandblásturskassi m/ryksugu
2 stærðir
Verð frá 361.900 + vsk

Hobby Sandblásturskassi m/ryksugu
Verð 146.900 + vsk

Hobby Borð-Sandblásturskassi
Verð 39.320 + vsk

Sandblásturskútur
38L
Verð 39.320 + vsk

Sandblásturskútur m/ryksugu
80L
Verð 53.200 + vsk

Verkfæraskápur m/205 verkfærum
Verð 99.900 + vsk

- ✓ HREINSIEFNI
- ✓ SANDBLÁSTURSSANDUR
- ✓ VÉLAHLUTAPVOTTAVÉLAR
- ✓ HÁPRÝSTIDÆLLUR
- ✓ DÆLLUR
- ✓ O.m.fl.

Ultrasonic Cleaner
36L
Verð 199.900 + vsk

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA

JAKÓ
vélar og efnavörur sf.
Auðbrekk 23, Kópavogi
s. 564 1819, www.jako.is

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL



Anamaðkar eru bestu vinir garðeigandans.

Heimajarðgerð:

Besta mold sem völ er á

Áhugi á jarðgerð hefur aukist mikið og margir garð- og sumarhúsaloðaeigendur eru með safnhaug í heim tilgangi að nýta lífrænan úrgang sem fellur til úr eldhúsinu og garðinum.

Góð safnhaugamold er besta mold sem hægt er að fá og fólk ætti hiklaust að stunda jarðgerð ef það hefur aðstöðu til.

Ýmsar aðferðir eru þekktar þegar kemur að jarðgerð og mismunandi hver þeirra hentar á hverjum stað. Algengast er að garðeigendur komi sér upp einum eða fleiri kössum fyrir lífrænan úrgang og hann sé látinn jarðgerast í þeim. Hægt er að velja á milli þess að kassinn sé einfaldur, eða lokaður og einangraður. Jarðgerð í einföldum kassa kallast köld jarðgerð en heit í lokuðum og einangruðum kassa og gengur sú mun hraðar fyrir sig.

Staðsetning jarðgerðar

Staðsetning safnkassa ræðst af skipulagi garðsins en koma þarf kassanum fyrir á hlýjum og skjólgóðum stað þar sem auðvelt er að komast að honum. Kassinn þarf að standa á mól eða moldarjarðvegi og gott er að setja greinar í botninn þannig að jarðvegsdyr eigi auðveldan aðgang upp í hann.

Hvað má og má ekki fara í kassann?

Til jarðgerðar í opnum kassa má nota flest sem fellur til úr garðinum, fyrir utan rötartilgresi eins og húsapunt, skriðsóley og túnfífil, eða illgresi eins og krossfífil og dúnurtil sem hæglega geta þroskað frá í safnhaugnum. Nýslegið gras, ekki meira en 20%, lauf, smáar greinar, barr, visnuð blóm og þurt hey má allt fara í safnhauginn.

Lokuð jarðgerðartunna hentar betur fyrir úrgang úr eldhúsinu í tunnunna má setja salat og kál, rötargrænmeti, hýði af ávöxtum og kartöflum, eggjaskurn, brauð, te- og kaffikorg, eldhúspappír, fisk- og kjötafanga. Varast skal að setja fisk- og kjötafanga í opnin safnhaug þar sem slíkt getur laðað að sér óæskileg nagdyr.

Best að blanda öllu saman

Þegar lagt er af stað með jarðgerð er gott að setja um 15 sentimetrar lag af misgrófum greinum í botninn á kassanum og mikið af þurru efni, til dæmis heyi, í neðsta lagið. Best er að hafa úrganginn sem fer í kassann sem smágerðastan og hræra öllu vel saman. Ef ekki er hægt að hræra í



Einföld jarðgerðartunna úr plasti.

kassanum þarf að fylla á hann í þunnum lögum og gott er að setja mold eða þurran garðaúrgang á milli laga.

Auka má loftun í kassanum

með því að stinga í hann með stungugaffli af og til. Til að flýta fyrir jarðgerðinni er gott að sálbra gamalli, fingerðri mólmu eða þurru hænsladriti á milli laga.

Jarðgerð

- Komið jarðgerðarkassanum fyrir á skjólgóðum stað. Undirlagið á að vera gras eða mól svo að ánamaðkar eigi greiða leið upp í kassann.
- Aðgengi að jarðgerðarkassanum þarf að vera gott svo auðvelt sé að setja í hann lífrænar leifar. Einnig þarf að vera þægilegt að tæma kassann.
- Setja þarf gróft efni eins og greinar í botninn til að auka loftstreymi.
- Lífrænar leifar eiga að vera eins sundurtættar, marðar og smágerðar og kostur er og blanda þarf efninu eins vel saman og mögulegt er.
- Súrefni er forsenda niðurbrots og því nauðsynlegt að lofta um safnkassann reglulega.
- Til að auka loftstreymi er gott hræra við honum af og til með stungugaffli.
- Ekki setja kjöt- eða fiskúrgang í opna safnkassann. Það dregur að mýs og rottur.
- Jarðgerð getur tekið nokkra mánuði og upp í ár, allt eftir aðstæðum.

Lífverur í jarðvegi

- Ánamaðkar, járnsmiðir og margfætlur eru líklega þær jarðvegs-lífverur sem flestir þekkja. Í jarðvegi er fjöldi annarra smásærra lífvera eins og stökkmor og þráðormar. Mestur fjöldi lífvera er í efstu 5 til 10 sentimetrunum. Auk sveppa og bakteria sjá þessar lífverur um að brjóta niður lífrænan úrgang og stuðla þannig að aukinni frjósemi jarðvegsins.



Trékassi með garðaúrgangi.



Þriggja hólfra opin jarðgerð.

Þumalfingursreglan segir að ef sett sé í kassann ein fátta af grænmeti skuli setja með 1/3 af þurru efni, til dæmis heyi. Komi sterk rotnunarlýkt úr kassanum er efnið í honum líklega of blautt. Yfirleitt er nóg að blanda þurru heyi eða sági í innihald hans til að laga þetta.

Við aðstæður sem þessar ætti jarðgerðin að taka 8 til 10 mánuði í lokuðum einangruðum kassa en nokkrum mánuðum lengur í einföldum óeinangruðum kassa eða tunnu.

Hæfilegt rakastig í kassanum er þegar efnið er eins og blautur svampur viðkomu eða með 50 til 60% raka. Fari rakastigið niður fyrir 30% stöðvast starfsemi örveranna og jarðgerðin hættir.

Ef vel tekst til við jarðgerðina safnast í kassann ógrýnni af jarðvegslífverum, ánamaðkar, járnsmiðir, þúsundfætlur og grápöddur sem aðstoða við og flýta fyrir niðurbrotinu.

Besta mold í heimi

Vel heppnuð safnhaugamold er besta mold sem hægt er að hugsa sér. Hún er iðandi af lífi, full af næringarefnum og lífrænum efnum á mismunandi stigi móltnunar. Nota má safnhaugamold til að auka frjósemi garðsins með því að dreifa henni yfir beð eða grasflötina í þunnu lagi. Hún er einnig tilvalin með þegar settar eru niður hvers konar plöntur. Í öllum tilvikum verður að blanda mólmu eða safnhaugamold saman við moldina sem fyrir er. /VH

Lífið í jarðgerðinni

Til þess að jarðgerðin eigi sér stað er þrennt sem þarf að koma til. Vatn, súrefni og hiti. Örverurnar sem umbreyta efninu í kassanum í jarðveg þurfa vatn svo að lífsstarfsemi þeirra sé eðlileg. Of mikið vatn getur aftur á móti hægt á starfsemi þar sem það dregur úr súrefni sem er einnig nauðsynlegt svo að niðurbrot geti átt sér stað. Við jarðgerðina myndast hiti og hann örvar niðurbrotið enn frekar.

FLÖSKUR

í íslensku sjávarríki

Marine bottles of Iceland | Flaschen im isländischen Meer



Norðursjávar Kóli
Atlantic Cola



Lúði
Plastysis
Aukreitis



Plastbítur
Virus Plastikus



Spuri
Flaskus Flaskus



Ískóli
Plastus Vesenis



Sóðabikkja
Mengunis Majoris



Maghnútur
Sodapop Virus



Slorsíli
Úrgangus Óþolands



Skarskólpi
Kippis Kippus



Djúpsjávar lufsi
Maritima Polyurethane

Ef plastnotkun þróast áfram eins og hún er í dag þá er því spáð að árið 2050 verði jafnmikið af plasti og fiski í höfunum í kílóum talið. Leggðu þitt af mörkum og tryggðu að allar drygkjarmbúðir á þínu heimili skili sér í Endurvinnsluna. Þannig leggur þú þitt af mörkum og færð greitt fyrir það!

 **Flöskumóttaka**
Endurvinnslan





Raforkukerfi liggja sum vel við höggi hjá snjóllum tölvuhökkurum. Árás á slík kerfi gæti lamað alla starfsemi heilu ríkjanna.

Árás hakkara á raforkukerfi gæti lamað Bandaríkin

Tölvuhakkara láta sér ekki nægja að brjótast inn í hefðbundin tölvukerfi til að sanna snilli sína. Í janúarhefti tímaritsins *Popular Science* er fjallað um sérhæfingu tölvuhakkara við að ráðast á orkukerfi.

Í september á síðasta ári bárust fréttir af því í Bandaríkjunum að hakkara væru að undirbúa árás á orkukerfi landsins. Umsáttur væri um tugi orkufyrirtækja þar sem tölvuprjótur leituðu að veikleikum í kerfunum. Öryggisfyrirvöld (Department of Homeland Security) gáfu út viðvörn um stöðugan straum spilliforrita sem reynt væri að koma fyrir í tölvukerfum orkufyrirtækjanna. Þau gætu mögulega framkallað útsláttarviðburð, eða það sem menn kölluðu svartan himinn (Black Sky event). Það myndi lama farsímakerfi, eyða bankareikningum, gera sjúkrahús óstarfshæf og trufla alla þætti fjármálakerfisins. Ekki var talið einfalt að koma upp vörnum gegn þessu í raforkukerfi sem á i

sumum tilfellum rætur að rekja allt til 1917. Talið var að það gæti kostað 500 milljarða dollara og væri of kostnaðarsamt fyrir þau 3.200 einkafyrirtæki sem eiga búnaðinn.

Áætlað er að um 84% þeirra sem taka ákvarðanir um öryggismál í raforkukerfi Bandaríkjanna séu ekki með sérþekkingu í þeim málum. Til að bregðast við vandanum var farið í að fjármagna teymi mjög hæfra sérfræðinga til að þróa öryggisvarnir sem gætu hjálpað til við að verjast árás hakkara. Vandinn er að viðbúi i kerfinu hefur verið skortur á hæfu fólki sem þekkingu hefur á slíkum vörnum. Þar er meira um að ræða hefðbundna skriffinna en alvöru fagmenn á þessu sviði. Að hluta til skýrist það af skorti á hæfileikafólki til að takast á við hakkarana. Sérfræðingateymi yfirvalda er ætlað að koma þar til aðstoðar og gera samninga um gagnkvæma aðstoð sem veitir teymi „netþjörgunarmanna“ (cybersaviors) heimild til að fara inn í fjölda fyrirtækja. /HKr.



Andrew Weaver, starfsmaður Virginia Tech, kannar viðbrögð sauðfjár við drónaflugi.

Drónar geta nýst vel í sauðfjárrækt og öðrum landbúnaði:

Sumar kindur láta sér fátt um finnast

Þróun flygilda, eða dróna, til notkunar í landbúnaði er á fljúgandi ferð og talið er að þeir geti létt bændum verulega lífið í framtíðinni.

Á Íslandi hafa bændur verið að þreifa sig áfram með notkun dróna við leit að sauðfé og jafnvel við fjárrekstur. Þetta gæti leitt til verulegra breytinga á smalamennsku í framtíðinni. Þá hafa fyrirtæki eins og Virginia Tech verið að skoða notkun dróna til að fylgjast með sauðburði þar sem veðurlag er með þeim hætti að fé geti borið utanhúss. Er einkum verið að horfa til þess

að gera litlum býlum kleift að nýta sér þessa tækni, þannig að hún sé ekki of dýr.

Þá hafa töluverðar tilraunir verið gerðar með notkun dróna við að fylgjast með uppskeru og jafnvel við áburðar- og efnagjöf á ökrum. Meira að segja alifuglarekt er þar ekki undanskilin. Talið er að hægt sé að auka skilvirkni í landbúnaði verulega með notkun slíkra flygilda.

Risastórt markaðstækiferi

PricewaterhouseCoopers reiknaði út að hægt sé að selja dróna í

landbúnaði á heimsvísu fyrir 32,4 milljarða dollara árlega.

Við skoðun Virginia Tech við notkun dróna í sauðfjárbúskap kom í ljós að mjög einstaklingsbundið var hversu viðkvæmt sauðféð var við nærveru drónans. Sumar kindur hlupu undan ef dróninn nálgadist í 25 metra hæð á meðan aðrar létu sér fátt um finnst þó dróninn kæmi í allt að þriggja metra fjarlægð. Enn aðrar störfu bara á fyrirbærið og hreyfðu sig ekki. Þá kom í ljós að kindurnar voru tiltölulega fljótar að setta sig við nærveru drónans ef þeim var ekki ógnað með hröðu aðflugi. /HKr.



Przewalski-hestar eru ekki lengur taldir geta verið forfeður nútíma hestakynja. Eru visindamenn sagðir hafa staðfest það með erfðamælingum.

Óvissa um uppruna hrossa

Enn er margt sagt á huldu um raunverulegan uppruna hrossa. Sérfræðingar eru sagðir hafa löngum talið að öll nútímahross ættu uppruna að rekja til dýra sem tilheyrðu Botai-þjóðflokki sem uppi var í Kazakstan fyrir um 5.500 árum.

Nú benda nýjar rannsóknir, sem birtar voru í ritinu *Science*, til að hross Botai-fólksins séu ekki forfeður nútímahesta. Í grein í tímaritinu *Popular Science* er sagt að þessar rannsóknir séu taldar setja í uppnám þá tilgátu að ein

af fáum upprunalegum villtum hestategundum sem eftir eru í dag sé Przewalski-hestakynið.

Í dag er varla til nokkur upprunaleg hestategund sem maðurinn hefur ekki reynt að temja. Visindamenn eru sagðir hafa vitneskju um að Przewalski-hesturinn sé ekki forfaðir nútíma taminna hesta og að það hafi verið staðfest með erfðarannsóknunum. Przewalski-hesturinn er því langt frá því að geta talist síðasta upprunalega villta hestakynið þótt það sé afkomandi hesta Botai-þjóðflokksins. /HKr.

Visindamenn kanna hraðhleðslumörk á bílarahflöðum:

Telja óhætt að hlaða rafbíla allt að fimm sinnum hraðar en gert er

Hugsanlega er í sjónmáli leið til að hlaða rafhlöður í bílum mun hraðar en gert er í dag. Það gæti ýtt undir áhuga fleiri ökumanna til að nýta rafbíl í stað bíla með hefðbundnum sprengihreyflum að því er fram kemur í frétt á MSN News.

Ljóst er að miklar framfarir hafa orðið í smíði Lithium-ion rafhlaða á síðustu fimm árum eða svo. Eigi að síður er mönnum mjög umhugað um að stytta hleðslutímann eins og hægt er. Það voru visindamenn við WMG háskóla í Warwick í Bretlandi sem lögðu höfuðið í bleyti og komust að því að það væri í raun óþarfi að notendur rafbílanna þyrftu að bíða jafn lengi og raun er á eftir að rafhlöðurnar hlaðist.

Fram til þessa hafa menn staðið í þeirri meiningu að of hröð hleðsla yfirhitaði rafhlöðurnar þannig að í þeim gæti kviknað. Of hröð hleðsla getur orsakað leka og útleiðslu með skelfilegum afleiðingum. Raflausnir í rafhlöðunum fer þá að gefa frá sér gas sem leiðir á endanum til þess að rafhlaðan springur. Þess vegna hafa framleiðendur sett strangar reglur um hleðsluhraða á rafhlöðunum.

Hægt að hlaða allt að 5 sinnum hraðar

Visindamennirnir við WMG



háskólann í Warwick vildu skoða nánar hvar mörkin lægu. Hönnuðu þeir sérstaka skynjara sem geta mælt hitastigið inni í rafhlöðum meðan verið er að hlaða þær. Niðurstada þeirra var að hægt sé að hlaða flestar Lithium-ion rafhlöður allt að fimm sinnum hraðar en venjulega er gert.

Þróun gerð á rafhlöðu í Teslabíl

Var skynjarinn prófaður á hefðbundinni 18650 li-ion rafhlöðu eins og notuð er í Tesla Model S og X bílunum. Niðurstaðan var að hægt væri að hlaða rafgeymana fimm sinnum hraðar en áður var talið og það án hættu á skemmdum. Það kemur þó fram að svo mikill hleðsluhraði getur dregið úr endingu rafhlaðanna, en ef slíkt

er gert af varfærni ættu áhrifin að vera hverfandi, að mati dr. Tazdin Amietszajew sem stýrði rannsókninni.

Hraðari hleðsla getur stýtt endingartíma rafhlaðanna

Fram kemur að þrátt fyrir að menn hafi sýnt fram á að rafhlöðurnar þoli meiri hita við hleðslu, þá er enn nokkuð í land að þetta verði að veruleika. Hraðari hleðsla krefst þess að hleðslubúnaðurinn sé stilltur af mjög mikilli nákvæmni til að koma í veg fyrir vandræði. Samt telja menn þessa rannsókn lofa góðu því verulegu máli geti skipt fyrir áhugann á rafbílum hvort hægt sé að stytta t.d. 25 mínúta hleðslutíma niður í 5 mínútur. /HKr.



Sæunn og Eyþór hafa staðið að útgáfu Vitans síðustu 23 ár en útgáfan hefur verið í höndum Sæunnar síðustu ár.

Vitinn í Vestur-Skaftafellssýslu:

Hættur að koma út eftir 23 ára útgáfu

„Það hefur alltaf verið skemmtilegt að gefa út Vitann, það er ekkert eitt sem stendur upp úr. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem ég hef haft kynni af í gegnum Vitann, auglýsendum og lesendum“, segir Sæunn Sigurlaugsdóttir, ritstjóri Vitans, héraðsfréttablaðs sem kom út í síðasta skipti 28. febrúar síðastliðinn.

Sæunn og eiginmaður hennar, Eyþór Ólafsson á Skeiðflöt, tóku við Vitann hausti 1995 og hafa á þessum 23 árum gefið út 1.150 blöð vikulega.

„Það voru hjón sem voru búin að vera með svipaða útgáfu en þau fluttu á Laugarvatn og hættu starfsemi blaðsins. Það var hringt í mig og ég spurð hvort við hjón værum tilbúin í útgáfuna, ég fékk 1 klukkutíma til að

hugsa málið, þar sem Eyþór var ekki heima fannst mér ekki ég geta svarað því, en eftir þennan umhugsunartíma var aftur hringt og Eyþór ekki kominn heim, ég sagði því bara já.

Við vorum líka búin að gefa út Héraðsblað Vestur-Skaftafellinga, Fréttabúa, þá í 10 ár þannig að við þekktum til verksins,“ bætir Sæunn við.

Vitinn hefur verið á tölvutæku formi, þ.e.a.s. sendur á annað hundruð netföng, síðan prentað um 460 eintök sem dreifðist í V-Skaftafellssýslu og töluvert í Rangárvallasýslu. „Ástæða þess að ég hætti útgáfunni er af ýmsum ástæðum, m.a. fækkandi auglýsingar, því nú fer mikið af þeim á netmiðla t.d. Facebook, ég eldist og þreytist og allur prentkostnaður kostar sitt,“ segir Sæunn. /MHH



Vinnubjarkur!

TRAKTOR
SEM LÉTTIR ÞÉR STÖRFIN

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 540 4980 til að fá frekari upplýsingar.

VERKSTÆÐISÞJÓNUSTA!
Tímamantanir í síma 540 4980

GRZZLY 700 EPS MEÐ TRAKTORSSKRÁNINGU

Ný útgáfa með dráttarspili, LED ljósum og 26" dekkjum. Aukin burðargeta og lækkaður bygndarpunktur gerir gott hjól enn betra.

TILBOÐSVERÐ KR. 2.190.000,- M/VSK.

Einnig fáanlegt með aukaseti og innbyggðum farangurskassa. **TILBOÐSVERÐ KR. 2.240.000,- M/VSK.**



YAMAHA

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | sími 540 4900

www.yamaha.is



Límtré-CLT BBS



STRÚKTÚR

HÚS - BITAR - ÞÖK
Komdu með

teikninguna eða
við teiknum fyrir
þig.



| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 588 6640 & 860 0264 |

Auglýst er eftir umsóknum um fjárfestingastuðning í nautgriparækt

Opnað verður fyrir rafrænar umsóknir um fjárfestingastuðning í nautgriparækt á Bændatorginu fimmtudaginn 8. mars nk.

Markmið stuðningsins er að hraða því að framleiðendur standist kröfur samkvæmt gildandi reglugerð um velferð nautgripa. Fjárfestingastuðningur er veittur vegna framkvæmda sem stuðla að hagkvæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði nautgripa og aukinni umhverfisvernd.

Í samræmi við reglugerð um stuðning í nautgriparækt nr. 1181/2017, VII. kafla skulu umsóknum um fjárfestingastuðning **skilað inn rafrænt eigi síðar en 31. mars.**

Framleiðandi í nautgriparækt sem uppfyllir skilyrði 3. gr. ofangreindrar reglugerðar getur sótt um fjárfestingastuðning.

Sé fyrirhugað að framkvæmdir sem sótt er um stuðning fyrir verði framkvæmdar á fleiri en einu ári skal umsækjandi gera grein fyrir áfangaskiptingu við framkvæmdirnar í heild sinni í verklýsingu, verk- og kostnaðaráætlun.

Heimilt er að veita stuðning við sömu framkvæmdir til allt að þriggja ára. Umsækjendur sem hafa hug á að nýta sér þessa heimild skulu leggja inn framhaldsumsókn fyrir árið 2018.

Umsóknum sem skilað er með ófullnægjandi gögnum, sbr. 23. gr. ofangreindrar reglugerðar, hefur Matvælastofnun heimild til að hafna.



Vinnufatnaður



Hífilausnir



Kranar og taliur



Snjókeðjur



Pökkunarlausnir



Fallvarnarbúnaður



Höfum á lager mikið úrval af alskyns vinnufatnaði, hífí- og festingabúnaði, krönum og talium, snjókeðjum, pökkunarlausnum og fallvarnarbúnaði. Í vörulistanum á www.isfell.is er að finna ítarlegar upplýsingar um allar vörur.

Komdu við og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!
Verk og vit 2018 **Bás C-14**



ÍSFELL

Ísfell ehf, Öseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 500 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Gamli traktorinn



Someca, franskur Fiat

Saga frönsku Someca dráttarvéla er nokkuð flókin. Dráttarvélnar komu fyrst á markað árið 1953 og framleiddar af SIMCA sem var þá dótturfélag Fiat Auto Italia.

Árið 1934 stofnaði FIAT fyrirtæki í Frakklandi sem kallaðist SAFAF, Société Anonyme Française des Automobiles Fiat. Fyrirtækinu var ætlað að framleiða bifreiðar og bifreiðahluti. Það fyrirtæki hóf einnig strax innflutning á dráttarvéllum frá Fiat og Steyr til Frakklands.

Síðar stofnaði Fiat SIMCA, Société Industrielle de Mécanique et Carrosserie Automobile, sem var ætlað að framleiða ítalska bíla



fékk heitið DA50, var að stórum hluta byggður á eldri dráttarvél sem kallaðist MAP DR3 og gat afkastað 37 hestöflum við 1500 snúningahraða á klukkustund.

Næsta týpa kom á markað 1957 og fékk heitið SOM 40. Sá traktor var einn af allra stærstu dráttarvéllum sem smíðaðar höfðu verið í Frakklandi og nutu mikillar velgengi í landinu og stolt Frakka á þeim tíma.

Vélin í SOM 40 var af gerðinni Fiat OM COID 45, fjögurra strokka, 4165 cc dísilvél, sem afkastaði um 45 hestöflum við 1500 snúninga á klukkustund.

Árið 1964 var framleiðslu SOM 40 hætt en á þeim tíma höfðu verið framleiddir 18.741 slíkur en alls ríflega 40.000 SOMECA dráttarvélar í Frakklandi.

SOMECA í Argentínu

Árið 1953 setti Fiat á fót dótturfyrirtæki í Argentínu til að framleiða dráttarvélar. Í fyrstu kallaðist fyrirtækið Fiat Someca

Construcciones Córdoba en árið 1959 var nafninu breytt í Fiat Concord. Flestar dráttarvélnar sem Fiat framleiddi í Argentínu á þessum árum voru undir merki SOMCA

SOMECA síðan Fiat

Miklar breytingar urðu á framleiðslu SOMECA árið 1965 þegar fyrirtækið setti á markað svonefnda 15 seríu sem var hrein eftirmynd af Fiat Trattori dráttarvéllum.

Fiat var allt frá upphafi meirihlutaeigandi í SOMECA en árið 1983 var fyrirtækið flutt



undir FiatAgri sem var sá hluti Fiat sem sá um framleiðslu á landbúnaðarvélum. Heiti FiatAgri var breytt í Fiat New Holland árið 1993 og kallast í dag Fiat CNH Global. /VH

Fyrst MAP síðar SOM 40

Áður en SIMCA hóf framleiðslu á dráttarvéllum keypti fyrirtækið dráttarvélaframleiðsluhluta fyrirtækis sem kallaðist MAP, Manufacture d'Armes de Paris. Auk þess að framleiða landbúnaðartæki var MAP helsti vopnaframleiðandi Frakklands og hafði verið það frá 1665 þegar stofnandi fyrirtækisins hóf framleiðslu á hnifum og sverðum og síðar skotvopnum. MAP er helsti framleiðandi hátækni skotvopna í Frakklandi í dag.

Tæknibúnaður MAP var eftir kaup SIMCA notaður til að framleiða fyrstu Someca traktoranna.

Fyrsti Someca traktorinn, sem

UTAN ÚR HEIMI



Órangútan-apar í Borneo eru meðal tegunda sem taldar eru í útrýmingarhættu.

Mynd / Tim Flach

Tim Flach hefur myndað 180 dýrategundir í útrýmingarhættu: Undur náttúrunnar í einni bók

Breski ljósmyndarinn Tim Flach gaf á síðasta ári út ljósmyndabókina *Endangered*, eða *I hættu*, þar sem sjá má undurfullgar ljósmyndir af 180 dýrategundum sem eru í útrýmingarhættu. Tim ferðaðist um allan heim til að ná myndum af ótrúlegum dýrum og vistkerfum sem glima við óbliðar áskoranir.

„Meginskilaboð með bókinni er að núna verðum við að breyta menningarlegu sambandi okkar við hinn náttúrulega heim. Við þurfum að auka tilfinningalega nánd við dýrin sem eru í útrýmingarhættu sem hvetur okkur til björgunaraðgerða.“ útskýrir Tim en að bókinni koma einnig dýralæknirinn Jonathan Baillie og Sam Wells.

Breytingar orðnar mjög aðkallandi

Tim hefur alltaf haft ástriðu fyrir og áhuga á því hvernig mannfólkið mótir dýrin og merkingu þeirra.

„Þessi tilfinning um aukna vitund, okkar eigin kaffæring inn í ríki náttúrunnar er orðið eitthvað sem ég er alltaf að reyna að leitast við að miðla í mínum verkum sem ljósmyndari. Í hinum einfaldasta skilningi þá líkar mér hin stjórnaða ringulreið við að taka myndir af dýrum en ég hef einnig áhuga á skynjun sem er skipt niður milli áberandi vera. Það er þessi óttatilfinning og undrun sem kemur saman og það er alltaf öðryggi yfir því hvað mun koma í ljós í settinu. Mér finnst gott að hvetja til hugmynda um það hvernig við sjáum hvert annað.“ útskýrir Tim og segir jafnframt:

„Hugmyndin um að hinn náttúrulegi heimur sé berskjaldaður hefur aðeins komið inn í nútíma almenna meðvitund á síðustu áratugum. Við lifum á einstökum tíma í sögunni þar sem við verðum að gera menningarlegar breytingar og ég skynjaði þetta aðkallandi ástand. Þetta verkefni sem varð



Breski ljósmyndarinn Tim Flach hefur myndað 180 dýrategundir í útrýmingarhættu og gefið út bók þar sem gefur að líta einstakar ljósmyndir af dýrategundum um allan heim.

afrakstur bókarinnar tók mig tvö ár að vinna en ég og teymið mitt unnum sex mánaða rannsóknarvinnu áður en fyrsta mynd var tekin fyrir þetta verkefni. Ég varð að ferðast


viða til að ná að segja þá sögu sem ég vildi, sumir staðir þekktari en aðrir og stundum fór ég að mynda í öfgakenndu umhverfi með öfgakenndu hitastigi!“

Fjölbreynni og áskoranir

Tim ferðaðist líkt og áður sagði um allan heim með teymi sínu til að ná hinum fullkomnu myndum en hann myndaði allt frá flum og niður í minnstu skordýr fyrir bókina.

„Mesta áskorunin var að mynda Saiga antílopuna. Ég reyndi fyrst um sumar en það bar ekki árangur og mætti ég eingöngu vandamálum við þá tilraun. Þessi tegund af antílopum er mjög feimin þannig að ég beið fyrir sólarupprás liggjandi á jörðinni í felulitum og bjó mig undir að þær kæmu. Um 10-leytið skildi ég ekkert í því að myndavélin mín var eingöngu að ná óskýrum myndum á hvolfi, en þá hafði hitinn frá jörðu brenglað ljósið svo mikjið að myndin hafði undist í loftinu. Ég kom aftur um veturinn og lenti þá í öðru eins öfgafullu hitastigi en þá var -35 gráður og ég náði nokkrum römmum áður en antílopurnar flúðu. Það var vel þess virði að endurskoða þetta skot því vetrarbúningurinn er allt annar en sumarstemningin sem gaf þessari töku ævintýraleggi blá. Mér líkaði fjölbreynni við tökurnar en síðan er þetta ögrun að tengja fólk við náttúruna með myndunum.“ segir Tim og varðandi framhaldið bætir hann við:

„Næsta verkefni mitt er bók þar sem ég fagna undri fugla, bæði þeim sem eru í útrýmingarhættu og þeim sem eru það ekki. Mig langar að skapa myndir sem kemur við okkur tilfinningalega þannig að við, mannfólkið, finnum þá þörf hjá okkur að vera þvinguð til aðgerða og til að skilja sögu þessara dýra. Með því að tengja fólk við persónuleika dýranna og einkenni held ég að við getum framkallað breytingar og hvatt til aðgerða.“ /ehg



Forsíða bókarinnar *Endangered*, eða *I hættu*, gefur góð fyrirheit um það sem koma skal við skoðun á bókinni.

LIDLÉTTINGAR GETA SKAÐ HÆTTU

Liðléttingar hafa náð mikilli útbreiðslu meðal bænda undanfarin ár.

Tækin eru þægileg til notkunar en geta skapað hættu. Liðléttingar eru oft á tíðum notaðir í miklum þrengslum, við gjafir, þrif og ýmis smáverkefni. Sérstakrar aðgæslu er þörf þar sem börn eru í úti-húsum, þrengsli og fátt um undankomuleiðir.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á [bondi.is](#)



ER ÞITT BÚ
ÖRUGGUR
OG GÓÐUR
VINNUSTAÐUR?

Einstakar sumarþúðir í meira en 70 ár í stórkostlegri náttúru

Kristillegar sumarþúðir Stofnaðar 1946

ÁSTJÖRN

Upplýsingar og pantanir:
astjorn.is eða **462 3980**
facebook.com/astjorn
Verð er um 6000 kr. á sólarhring

6-12 ára: 1. flokkur: 14.-24. júní (10 sólarhringar). Verð: 59.900 kr.
— 2. flokkur: 28. júní - 6. júlí (8 sólarhringar). Verð: 49.900 kr.
— 3. flokkur: 11.-21. júlí (10 sólarhringar). Verð: 59.900 kr.
— 4. flokkur: 25. júlí - 2. ág. (8 sólarhringar). Verð: 49.900 kr.
13-15 ára: Unglingavika: 7.-14. ágúst (7 sólarhringar). Verð: 40.900 kr.
Allir flokkar blandaðir. Systkinaafsláttur.

Bændablaðið - Smáauglýsingar 56-30-300



MAST auglýsir eftir umsóknum um fjárfestingastuðning í svínarækt

Í samræmi við reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1180/2017, VII. kafla skal umsóknum um fjárfestingastuðning vegna framkvæmda á árunum 2017–2018 skilað inn rafrænt á þjónustugátt MAST eigi síðar en 31. mars n.á.

Markmið stuðningsins er að auðvelda sérstaklega smærri svínabúum að hraða því að standast kröfur samkvæmt reglugerð um velferð svína nr. 1276/2014 með síðari breytingum.

Skilyrði fyrir veitingu fjárfestingastuðnings er að finna í 33. gr. reglugerðarinnar og eru vegna:

- Nýbygginga eða viðbygginga.
- Endurbóta á eldri byggingum, þar sem skipt er út meira en 50% af innréttingum.
- Kaup á innréttingum og búnaði.

Fjárfestingastuðningur fyrir hvern framleiðanda getur að hámarki numið 40% af stofnkostnaði ef heildarkostnaður fer yfir eina milljón króna.

Gæða gluggar og útihurðir frá Viking fyrir íslenskar aðstæður!

Trégluggar með og án álkápu í öllum litum
Stuttur afgreiðslutími



Hafið samband og fáið tilboð!

Aflvélar ehf. · Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ · Sími 480-0000 · sala@afvelar.is

DANUBE *Getum við orðið að liði?*

Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús, Hótel, Gistiheimili og Sjúkrahús.

Þurrkarar Þvottavélar

Strauvélar

Hótelín, þvottagrindur, taupokar ofl.

iceFAKTA ehf.

Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

WALTERSCHEID

HÆGT ER AÐ KAUPA STAKA HLUTI Í DRIFSKAFTAHLÍFAR OG KÚPLINGAR

VANDAÐIR KROSSAR **B BENZI & DI TERLIZZI**

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI

ERU ÖRYGGISMÁLIN Í LAGI Á ÞÍNUM BÆ?
GOTT ÚRVAL AF ÖRYGGISHLÍFUM - HAGSTÆTT VERÐ

NB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Gulrætur eru til í hundruðum eða líklega þúsundum landsorta, ræktunarafrbrigða, stað- og tilbrigða.

Gulrætur í öllum regnbogans litum

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Appelsínugular gulrætur eins og við þekkjum best komu fram á sjónarsviðið á 16. öld þegar hollenskir garðyrkjemenn frjóvuðu saman rauðum og gulum afbrigðum gulróta. Gulrætur voru leynivopn Grikkja í stríðinu um Trójuborg.

Aætluð heimsframleiðsla á gulrótum er tæp 40 milljón tonn. Kína er langstærsti ræktandi gulróta í heiminum og hefur verið það í mörg ár og mest er ræktunin í Shandong, Hebei og Fujian héruðum. Talið er að gulrótarmframleiðsla í Kína sé um 18 milljón tonn, sem er um 45% heimsframleiðslunnar. Úsbekistan sem er í öðru sæti framleiðir tæp tvö milljón tonn. Rússland er þriðji stærsti ræktandinn með 1,7 milljón tonn. Bandaríki Norður-Ameríku er í fjórða sæti með 1,4 milljón tonn og Úkraína í því fimmta og ræktar um 900 þúsund tonn. Þar á eftir koma Pólland, Bretlandseyjar, Japan, Þýskaland og Tyrkland, sem öll framleiða undir 800 þúsund tonn á ári.

Kinverjar eru stærsti útflytjandi gulróta í heiminum og flytja mest til Sáði-Arabíu, Kanada, Tailands, Malasíu og Mongólíu.

Þýskaland, Belgía Bandaríkin Norður-Ameríka, Rússland, Frakkland, Kanada og Sameinuðu arabísku furstadæmin eru þau lönd sem flytja inn mest af gulrótum.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru ræktað um 778 tonn á Íslandi árið 2016 og flutt inn tæp 795 tonn.

Á vef Hagstofu Íslands eru nýjar gulrætur og næpur settar í sama tollflokk og árið 2017 voru flutt inn samanlagt af þessum tegundum rétt 805 tonn. Teljast verður líklegt að miðað við neysluvenjur Íslendinga að stór hluti séu gulrætur. Mest er flutt



Gulrætur eru í öllum regnbogans litum, appelsínugular, hvítar, gular, svartar, rauðar, fjólubláar og mislitar.

inn frá Hollandi, rúmur helmingur, og svo Danmörku og Spáni. Ekki fundust tölur um innflutt magn af frystum gulrótum eða gulrótum í annars konar formi.

Ættkvíslin *Daucus*

Innan ættkvíslarinnar *Daucus*, sem er af sveipjurtaætt, finnst um 25 tegundir. Flestar eru tvíærar en einstaka tegund ein- eða fjölær. Allar mynda þær stólpárót. Blöðin smá, sepotit, fingerð og samsett úr gagnstæðum og dókkgrenum smáblöðum sem saman mynda fjaður-

eða þríhyrningslaga laufblað sem mjókkar í endann. Blómstilkurinn hærður og mislangur eftir tegundum en getur hæglega náð eins metra hæð. Saman mynda blómin, sem eru smá og með hvít, gul, bláleit, bleik eða rauð krónublöð, sveipinn sem ættin er kennd við. Skordýr sjá um frjóvgun blómanna. Fræin bjúglaga, 2 til 5 millimetrar að lengd, hart og þurr viðkomu og sum með krókum sem festa sig í feld dýra og dreifast þannig.

Tegundir innan ættkvíslarinnar eru þekktar villtar víða um heim en algengastar í tempraða beltinu

í löndum við Miðjarðarhafið og Suðaustur-Asíu. Þekkasta tegundin innan ættkvíslarinnar er gulrót, *Daucus carota* ssp. *sativus*, sem er ræktunarafrbrigði villigulrótarinnar *D. carota*.

Gulrætur voru skepnufóður

Appelsínugular gulrætur eins og við þekkjum þær sem rótagrænmeti eru ræktunarafrbrigði villigulróta og ólíkt sætum nútímagulrótum eru villigulrætur ramar á bragðið. Þær eru tvíærar og rótin nýtt til matar eftir vöxt á fyrria ári áður en hún tréna um

of. Blöðin eru einnig et í litlu magni og notuð sem krydd löngu áður en menn fóru að borða ræturnar. Blómin gefa af sér fólhvítan lit við litun.

Löngu áður en gulrætur voru vinsælar sem mannamatir í Evrópu voru þær helst nýttar sem skepnufóður og þóttu góðar fyrir nautgripi.

Fræ plöntunnar voru notuð í lækningum, meðal annars við sársaukafullum þváglátum og óreglulegum tíðum. Í dag eru gulrætur taldar geta bætt meltingu og dregið úr náttblindu.

Í gulrótum er mikið af litarefni sem kallast bete-kaóten sem líkaminn notar til að búa til A-vítamín. Auk þess sem í þeim eru B- og C-vítamín og steinefni. Gulrætur innihalda talsvert af sykri.

Í matreiðslu eru gulrætur notaðar á fjölbreyttan hátt, í salöt, grænmetisrétti, súpur, kökur, safi og búðinga. Gulrætur innihalda sáralitla sterkju. Mikil neysla á gulrótum getur valdið því að húðin verði appelsínugul.

Dæmi eru um að þurruð gulrótarauf hafi verið reyktt í staðinn fyrir tóbak ef tóbak var af skornum skammti.

Hundruð eða þúsundir afbrigða

Í grófum dráttum er gulrótum skipt í tvo flokka, asískar og vestrænar gulrætur. Asísku gulræturnar eru yfirleitt rauðleitar eða fjólubláar og er fjölbreytni þeirra mest í Afganistan, Rússlandi, Íran og á Indlandi. Vestrænar gulrætur eru ljósar og oftast appelsínugular.

Gulrætur eru til í hundruðum eða líklega þúsundum landsorta, ræktunarafrbrigða, stað- og tilbrigða. Þær eru í öllum regnbogans litum, appelsínugular, hvítar, gular, svartar, rauðar, fjólubláar og mislitar. Lögun þeirra er mismunandi, allt frá því að vera litlar og kúlulaga yfir í stórar og langar eða krækilóttar og kynjalaga.

Í Kína, sem er stærsti ræktandi gulróta í heiminum, er afbrigðið

SK4-316, stundum kölluð kinverska appelsínugulrótin, mest ræktað. Rætur afbrigðisins eru eilítið dökk appelsínugular, velfylltar, sléttar á yfirborðinu, um 17 sentimetrar langar og 4,5 sentimetrar að ummáli og vaxtarhraði þeirra eins. Sem sagt hin fullkomna gulrót þrátt fyrir að nafnið líkist fremur heiti á íslensku aflandsfélagi frekar en afbrigði af gulrót með langa ræktunarsögu.

Undanfarin ár hefur erfðateknin talsvert fitlað við gen gulróta til að auka vöxt þeirra, sjúkdómaþol og til að auðvelda neytendum upptöku næringarefna úr þeim.

Sviinn Carl Linnaeus var fyrstur til að lýsa gulrótum á prenti í bók sinni *Species Plantarum* árið 1753 og árið 2016 var genamengi gulrótarinnar kortlagt.

Uppruni og saga

Uppruni gulróta er rakkinn til Evrópu og Asíu og er vítað til að fræja þeirra hafi verið neytt fyrir 7.000 árum þar sem nú er Afganistan. Þaðan bárust þær til nágrannasvæða þar sem í dag eru Rússland, Íran, Indland og Pakistan. Talið er að ræktun á gulrótum hefjist í Kína og Japan á 14. til 17. öld eftir Krist.

Villtar gulrætur og fyrstu ræktaðu gulræturnar voru litlar, grannar, greinóttar og nánast hvítar á litinn enda lengi framan af voru það fræin sem voru nýtt en ekki ræturnar.

Gulrætur, eins og við þekkjum þær, eiga sé aldanga ræktunarsögu og kynbætur að baki. Flest bendir til að ræktun með áherslu á rót plöntunnar hafi hafist í Afganistan, Íran og Írak fyrir um 1000 árum. Fyrstu gulræturnar í ræktun voru gular eða fjólubláar. Rússneski plöntuerfðafraeðingurinn Vavilov taldi aftur á móti að uppruni gulrótaræktunar væri í Mið-Asíu og -stan löndunum, Úsbekistan, Türkmenistan, Tadsjikistan, Kirgisistan og Kasakstan.

Grikkir lögðu sér villtar gulrætur til munnis. Sagt er að hermennirnir sem voru í Trójuhestinum og lögðu borgina að lokum eftir tíu ára umsátur Grikkja hafi eingöngu lagt sér gulrætur til munnis til að orsaka hæðagatregðu svo að síður kæmist upp um þá. Á sinn hátt áttu því gulrætur þátt í falli Trójuborgar.

Grikkinn Dioscorides, sem oft er nefndur faðir grasafraeðinnar, og rómverski náttúrufræðingurinn Pliny trúðu því staðfestlega að villtar gulrætur væru lostavekjandi. Rómverjar höfðu reyndar ofurtrú á gulrótum sem ástarhvata og sagt er að rómverskir karlmenn hafi gefið konum gulrótarsúpu til að fá þær til lags við sig. Einnig segir að Kalikula keisari hafi boðið þinginu til gulrótarveislu í von um að þingmennirnir misstu stjórna á sér og að hann gæti horft á þá riðlast hver á öðrum.

Bandariski iðnjöfurinn Henry Ford var haldinn gulrótarbleiti og taldi þær allra meina bót.

Ræktaðar gulrætur berast eftir verslunarleiðum um Litlu-Asíu á 10. til 12. öld, líklega fyrst með Márum frá Marokkó til Spánar en ræktun á þeim í Evrópu hófst ekki fyrr en á 14. öld og voru þær eins og gulræturnar fyrir austan, gular, hvítar, rauðvinsrauðar, svartar og fjólubláar. Gulrætur voru fyrst ræktaðar á Bretlandseyjum á 15. öld og þeirri 17. sunnarlega á Norðurlöndunum.

Appelsínugular gulrætur komu fram á sjónarsviðið á 16. öld þegar hollenskir garðyrkjemenn frjóvöguðu saman rauðu og gulu afbrigði gulróta. Þjóðsagan segir að Hollendingar hafi ræktað sérstaklega appelsínugular gulrætur til heiðurs William Orange sem leiddi þjóðina í sjálfstæðisbaráttunni undan yfirráðum Spanverja á 17. öld. Orange varð síðan konungur Hollendinga.

Eftir að kynbætur á gulrótum hófust fyrir alvöru voru menn fljótir að móta þær eftir eigin höfði og ná fram einstöfna, stórrí og sífellt sætari rót.



Risastór gulrót ræktað í Keflavík sumarið 2010. Gulróttin er tæpir 30 sentimetrar að lengd og 15 sentimetrar að ummáli þar sem hún er breiðust og 573 grömm við upptöku. Yrkið er Early Nantes sem upphaflega kom frá Frakklandi.



Flaming Carrot Comics fjallar um líf og leik hins dularfulla Gulrótar-manns.

Spænskir sjófarendur fluttu með sér gulrótafræ og sæðu þeim á eyjunni Margarita úti af strönd Venesúela 1565. Gulrætur bárust til Norður-Ameríku með fyrstu evrópsku landnemunum og náðu fljótlega föfustu þar og sæðu sér út í nátturuna þar sem aðstæður voru þeim hagfelldar. Fyrstu gulræturnar spíruðu í Ástralíu 1788.

Gulrætur voru orðinn hluti af daglegri fæðu almennings í Evrópu og víða á 17. og 18. öld og gróðarmikil áhersla var lögð á ræktun þeirra í álfunni í heimsstyrjöldinni síðari.

Í dag eru appelsínugul, sæt og stökk afbrigði gulróta ríkjandi í ræktun. Fjólublá afbrigði eru enn ræktað í Afganistan og úr þeim bruggað sterkt afengi.

Nafnaspeki

Enska heitið carrot var fyrst skráð um 1530 og er tökuorð úr frönsku, corotte, sem er aftur tökuorð úr latínu, carōta, á grísku kallast



SK4-316 er stundum kölluð kinverska appelsínugulrótin og mest ræktaða gulrótaafbrigði í heimi.



Fyrstu gulræturnar voru krækilóttar og marglaga en eftir að kynbætur á þeim hófust fyrir alvöru voru menn fljótir að móta þær eftir eigin höfði og ná fram einstöfna, stórrí og sífellt sætari rót.



Áætluð heimsframleiðsla á gulrótum er tæp 40 milljón tonn. Kína er langstærsti ræktandi gulróta í heiminum.



Gulrætur eru ólíkar í laginu eftir yrkjum.

gulrætur karöton. Uppruna orðsins mun að finna í indó-evróskumáli og tengist það orðinu horn vegna lögunar rötarinnar. Þjóðverjar eiga nokkur heiti yfir gulrætur eins og karotte og rübe sem virðist vera samheiti yfir gulrætur og næpur. Reyndar er rübe einnig ruddaheiti yfir mannslim, rübenkraut eða

gulrótarlundur fyrir skapahár og rübensaft eða gulrótaarsafi fyrir sæði. Heitið gulerod er aldagamalt í dönsku og vísar til litar rötarinnar og notar danski náttúrufræðingurinn Simon Paulli það í Flora Danica frá 1648. Eggert Ólafsson talar um gular rætur í Lachanolioa eða matjurtabók frá 1774.

Ekki er vítað fyrir vist hvenær heitið gulrót festist í íslensku en Mórítz Halldórsson-Fríðriksson, læknir notaði orðið við þýðingu sína á garðyrkjubók Frederik Christian Schubeler sem kom út 1883.

Gulrætur, kanínur og teiknimyndapersónur

Bugs Bunny, eða Kalli kanína, er líklega sú teiknimyndapersóna sem flestir tengja við gulrótarát. Kalli er líklega einnig ástæða þess að margir halda að gulrætur séu uppáhalds fæða kanína. Svo er þó ekki því dæmin sýna að ef kanínur komast í matjurtagarð og fá að éta óáreitnar háma þær flestu öðru í sig áður en þær leggjast á gulræturnar.

Önnur skemmtileg teiknimyndapersóna sem vert er að hafa augun opin fyrir er Flaming Carrot Man sem tekur nokkuð annan pól í hæðina en Kalli kanína.

Fyrstu tilraunir með ræktun gulróta á Íslandi

Í tímaritinu Íslendingi frá 1863 er grein sem segir frá ágæti garðyrkju og nokkrum plöntum sem rækta má á Íslandi. Undirskrift greinarinnar er J.B. „Gulróttin (Guleródder) er ein af jurtum þeim, er efnamenn ættu að rækta sjer til sælgætis; fyrir þær má ekki pæla grynna en 15 þumlunga; þeim er sáð í miðjum maí, með 4–5 þumlunga millibili. Þær eru teknar upp í lok septembermánaðar; blöðin eru skorin af þeim og gefin kúm; en rötin er geymd eins og kálrófur. Hin stóra Altringham-gulrót, er ein af hinum beztu tegundum hennar. Þær skulu ræktað í sama reitnum og næpunar.“

Schierbeck landlæknir segir aftur á móti í skýrslu um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi, sem birtist í Tímariti Íslands bókmenntafélags 1886. „Gulróttin mun víst naumast verða neitt til muna útbreidd á þessu landi, þar - eð hún þrífst eigi vel. Stærstu gulræturnar, sem jeg hef fengið, hafa verið á digurð við mannsfingur. Þær tegundir, sem best heppnast, virðast vera „Hornske Carotte“ og „Nates-gulrót. Í ár hef jeg eptir ráðleggingu Schubelers prófessors reynt að sá í septembermánuði, og láta fræið liggja veturinn í jörðunni.“

Skömmu eftir þarsíðustu aldamót var farið að rækta gulrætur hér á landi í heitri jörð, í vermireitum og í gróðurhúsum.

Ræktun á gulrótum

Hér á landi eru ýmis yrki af sumargulrótum algengust í ræktun. Gulrætur þrífast best í léttum djúpum, sendnum og vel unnum frjósumum jarðvegi. Sé gefið of mikið af köfnunarefni hleypur það í ofanjarðarvöxtinn og undirtekjan verður lítil.

Gulrótafræ eru lengi að spíra og missa spirunarhæfni sína með tímanum og því best að sá alltaf nýju fræi. Best er að sá gisið beint í beð eins snemma og hægt er. Rásir fyrir fræ þurfa að vera eins til ræggja sentimetrar djúpar og með 15 til 20 sentimetrar bili á milli plantna. Einnig er hægt að fá borða með fræjum með réttu millibili sem sett eru í jarðveginn. Áskilegur jarðvegshiti við sáningu er 8°C. Þegar plönturnar hafa myndað tvö blöð skal grísa sé þess þörf. Skiljið eftir hraustlegar plöntur með 4 sentimetrar millibili. Gott er að rækta gulrætur í vermireit eða undir gróðurhlíf til að flyta fyrir sprettu og varna því að gulrótafluga verði til ama.

Gulrætur og tómatar eru vinir og fara vel saman í samplöntun.

Algeng yrki í ræktun eru 'Nantes', 'Napoli', 'Nelson' og 'Alamo' sem eru fljótsprottin og appelsínugul. 'Purple Haze' er fjólublátt afbrigði en 'Rainbow' gultog hvít. Auk þess sem á netinu má finna alls kyns svokölluð Heirloom-yrki sem gaman væri að prófa.

Nýtum tækifæri framtíðar með nýsköpun

„Forsenda þess að landbúnaður geti nýtt tækifæri framtíðarinnar er jafnvægi í framleiðslu, skilvirkt eftirlit og nýsköpun“

Ofangreind fyrirsögn er í stjórnsáttmála ríkisstjórnarinnar og eru orð að sönnu. En hvað þýðir hún? Hvert er samhengi tækifæra framtíðar, jafnvægis í framleiðslu, skilvirkis eftirlits og nýsköpunar? Þessu þarf að svara og það verður einvörðungu gert með því að móta skýra stefnu um matvælaframleiðslu á Íslandi. Það þarf að svara spurningunni:

„Hvað viljum við í raun að íslenskur landbúnaður geri?“

Í þessu samhengi viljum við benda á vinnu sem unnin var vegna atvinnustefnu á árunum 2012–2013 og vegna lífhagkerfisstefnu á árunum 2015–2016, sem fjöldi benda kom að.

Hvernig geta margar þúfur velt þungu hlassi?

Íslenskur landbúnaður er lítil atvinnugrein. Í dag eru framleidd um 4.000.000.000 tonna af matvælum á heimsvísu. Íslenskur landbúnaður er af stærðargráðunni 200.000 tonn (um 0,005% af heimsframleiðslu). Flestir íslenskir bændur myndu teljast smábændur í alþjóðlegum samanburði og rannsókn- og nýsköpunarumhverfið er dvergvaðið og í raun tiltölulega illa samhaft, þó margt standi til bóta í þeim efnum að okkar mati. Samhengi rannsókna og virðisbætur landbúnaðarafurða er auk þess ekki skýrt og allt of algengt að bolmagn rannsókna sé ekki nægilegt til að hafa raunveruleg áhrif á hag benda og annarra frumkvöðla í virðiskeðjunni. Þessu þarf að breyta, með aðferðum girunar (e. leverage).

Dæmi um girun eru einstaklingar sem nota lántökur sem vogarall (e. lever) til þess að ná meiru fram en þeim einum væri mögulegt. Aðföng frá einstaklingum og sambýlsfólki eru lögð við aðföng frá fjármálastofnun og niðurstaðan er að fjölskylda getur komið þaki yfir höfuðið og þar með velt þungu hlassi. Fyrir bændur og landbúnað gilda sömu lögmál. Ráðuneyti og ríkisaðilar þurfa að leggja saman krafta sína og vinna þvert á silóskipulag. Einkaaðilar og fjárfestar þurfa að fjárfesta með langtímahagsmunum að leiðarljósi í stað þess að einblína á næsta þriggja mánaða uppgjör.


Sjálfbær matvælaframleiðsla er hlassi sem þarf að velta

Sjálfbærni snýst um að framtíðarhagsmunir séu tryggðir en velferð nútímafélks á sama tíma í hávegum höfð. Til þess þarf að skilja og vinna að traustu samhengi efnahags, umhverfis og samfélags. Í þeim efnum er Ísland ekki eyland, enda höfum við áhrif á aðra og aðrir áhrif á okkur. Stórnum sjávar vegna mengunar og dómars EFTA dómstólsins eru tvö dæmi.

Þriðja dæmið er árangur Íslendinga í nýsköpun í sjávarútvegi, sem er öðrum þjóðum innblástur til góðra verka. Sá árangur ætti að vera íslenskum landbúnaði innblástur, en stofnun AVS sjóðsins árið 2003 og Tæknipróunarsjóðs árið 2004 voru lykilverður á þeirri vegferð að ríflega tvöfalda verðmæti á hvert kg aflla. Aðrar þúfur sem velt hafa því hlassi eru t.d. heildarsýn á markaðsdrifna virðisbætur, fjárfestingar í rannsóknum og búnaði og þor til að fara út fyrir rammann og starfa saman þvert á ólík fyrirtæki og stofnanir, með það meginmarkmið að auka verðmæti íslensks sjávarfangs.

Mun íslenskur landbúnaður bjarga heiminum?


Íslenskur landbúnaður mun ekki



Mynd 1. Með samstilltu átaki má lyfta grettistaki í átt til sjálfbærrar matvælaframleiðslu á Íslandi.

bjarga heiminum frá hungri, en á mikil tækifæri á sérvörumarkaði,

þar sem eftirspurn vex hraðar en á öðrum matvörumörkuðum.



Mynd 2. Frá stofnun AVS sjóðsins, árið 2003, hafa útflytningverðmæti hvers kg aflla ríflega tvöfaldast, eftir stöðnun árin á undan. Verðmætisaukningin var áberandi fram til ársins 2011, en spyrja má hvort þeirri þróun hafi verið fylgt nægilega eftir. Inn í þessa mynd spila margs konar breytur, t.d. markaðsaðstæður og aflasamsetning, en til að hægt sé að meta stöðuna eru góð gögn um framleiðslu og verðmætisköpun grunnforsenda. Sérfræðingum Matis hefur reynst eflitt að finna gögn til að meta stöðu verðmætisköpunar með sambærilegum hætti í landbúnaði.



Mynd 3. Sauðkindur í íslenskrum náttúru á fallegum sumardeg. Myndi áhættumat leiða í ljós að öryggi neytenda væri ógnað með því að heimila staðbundna dreifingu heimaslátraðra afurða sauðfjár?



Mynd 4. Hluti þeirra verkefna sem Matis vinnur að sem miða að auknum verðmætum landbúnaðar. Rannsókn- og nýsköpunarverkefni Matis hafa í gegnum tíðina fremur miðast að auðlindum sjávar en lands, en í kjölfar stefnumótunar fyrirtækisins á árunum 2015–2016 hefur sjónum verið beint í auknum mæli að auðlindum lands.

Liffræn ræktun, uppruni, óspillt land, hrein orka og staðbundin matvælaframleiðsla eru lykilorð. Lykilspurning út frá fæðuöryggi Íslendinga er:

Hvað viljum við að íslenskur landbúnaður geti framleitt mikið af matvælum án þess að komi til innflutningur aðfanga?

Við erum lítið betur sett, út frá sjónarmiðum fæðuöryggis, ef flytja þarf inn verulegt magn aðfanga til matvælaframleiðslu, en með því að flytja inn sjálf matvælin.

Við þurfum að setja okkur markmið um íslenskan landbúnað

og móta stefnu til að ná þeim markmiðum.

Er Ísland land hráefnisframleiðslu (e. commodities) eða byggjum við mynd okkar á gögnum um heilnæmi og náttúruvernd og samþættingu hagsmunum ferðapjónustu við hagsmuni landbúnaðar og sjávarútvegs?

Ætlumst við til þess að veitingastaðir hafi íslensk matvæli og íslenska tungu í fyrirrúmi?

Við þurfum að ákveða hver skal stefnt. Innan ramma stefnumörkunar þarf að gefa frumkvöðlum frjálsræði til að láta reyna á nýjar lausnir, til að takast á við breytta tíma og breytta hugsun. Reynsla og innviðir sem byggjast hafa verið upp þurfa að nýtast til framtíðar. Við þurfum að skilja hverjir eru lykilsamstarfs- og hagaðilar í nútíð og framtíð og miðla með skýrum hætti þeim aðgerðum sem ráðast þarf í. Þær aðgerðir þurfa að taka mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (e. Sustainable Development Goals) og Parísarsáttmálanum.

Áhættumat er grundvöllur skynsamlegrar matvælastefnu

Aukin eftirspurn eftir matvælum á heimsvísu mun líklega ýta matvælavæðingu upp á við. Landverð fer hækkanði víðast hvar, ræktarland minnkar vegna gróðurhúsáhrifa og öfgafull veður valda uppskerubresti. Allt eru þetta áhættuþættir þegar kemur að fæðuöryggi og sveiflum á matvælavæðingu. Sýklalyfjapól baktería er raunveruleg áhætta og án þess að falla í gryfju einangrunarhyggju, eigum við að ræða opin skatt kosti þess að ýta undir fjölbreytta matvælaframleiðslu með fæðuöryggi, byggðapróun og lýðheilsu að markmiði.

Felast tækifæri í að auka frjálsræði í slátrun og heimavinnslu lambakjöts og markaðssetningu afurðanna til ferðamanna og annarra í nærumhverfinu?

Felst raunverulega í slíku fyrirkomulagi óásætlanleg áhætta þegar vísindalegum aðferðum áhættumats er beitt?

Áhættumat er grundvöllur skilvirkis eftirlits

Traust er grundvöllur viðskipta og viðhorfs neytenda. Það tekur langan tíma að byggja upp en skamman tíma að brjóta niður. Skilvirkt eftirlit er ein forsenda þess að byggja upp traust og sýna fram á gæði íslenskrar matvælaframleiðslu og heilindi innan virðisbæturinnar. Til að eftirlit geti verið skilvirkt þarf að framkvæma vísindalegt, óháð áhættumat. Slíkt áhættumat gerir greinarmun á stórum framleiðslueiningum og minni einingum og á eðli dreifingar matvæla. Það gerir í raun eftirlit sanngjarnara, ef svo má að orði komast, þar sem tekið er tillit til mismunandi aðstæðna, án þess að öryggi fólks sé stofnað í hættu.

Áhættumat er grundvöllur nýsköpunar

Nýsköpun er drifkraftur sjálfbærs efnahagslegs vaxtar. Með vísindalegu áhættumati er lagður grunnur að fjölbreytni og sveigjanleika í regluverki, sem er forsenda þess að nýsköpun dafni. Með nýrri hugsun og innleiðingu tæknilausna getum við minnkað umhverfisáhrif af framleiðslu íslenskra landbúnaðarvara, dregið úr innflutningi aðfanga, aukið verðmæti og fjölbreytileika afurða og bætt arðsemi. Víða um sveitir

Gin- og klaufaveiki

Gin- og klaufaveiki hafa flestir heyrt um og mörgum er í fersku minni gífurlega stór faraldur veikinnar í Bretlandi árið 2001. - En hvers konar sjúkdómur er þetta og af hverju er svona mikilvægt að verjast honum?

Gin- og klaufaveiki er veirusjúkdómur sem leggst á klaufdyr, t.d. nautgrip, svin, sauðfé og geitur. Sjúkdómseinkenni eru blóðrur og sár í munni, nös, spennum og fótum.

Sjúkdómurinn er bráðsmitandi þannig að mörg dýr veikjast. Aftur á móti veldur sjúkdómurinn oftast ekki dauða nema hjá ungviði. En dýrin þjást mikið í þá 8-15 daga sem einkennin vara. Þau eiga erfitt með að éta og geta því horast niður, nyt fellur og hætta er á ýmsum fylgikvillum, svo sem jögurbólgu og fósturláti. Sjúkdómurinn hefur því alvarleg áhrif á dýravælfæri og veldur dýraeigendum jafnframt miklu fjárhagslegu tjóni.

Mörg lönd í heiminum eru laus við gin- og klaufaveiki og til að halda þeirri stöðu er gripidi til niðurskurðar þegar sjúkdómurinn kemur upp. Aðgerðir til upprætingar sjúkdómsins geta verið gífurlega kostnaðarsamar vegna þess hversu hratt sjúkdómurinn breiðist út.

Alvarlegustu fjárhagslegu afleiðingar sjúkdómsins fyrir lönd sem byggja mikið á útflutningi landbúnaðarafurða er lokun útflutningsmarkaða.

Smitleiðir gin- og klaufaveikiveirunnar eru margvislegar. Veiran er harðger og getur auðveldlega borist milli landa með lifandi dýrum, búfjárafurðum, fólki og ýmis konar varningi. Þegar sjúkdómurinn hefur komið upp í landi þar sem hann hefur ekki verið áður til staðar eða verið útrýmt, er algengt að smitið sé rakið til þess að dýr hafi verið fóðruð með matvælum sem ekki hafa fengið fullnægjandi hitameðhöndlun.

Námskeið EuFMD

Ísland er aðili að undirstofnun Matvælaöryggisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) sem nefnist EuFMD (European Commission for the control of Foot-and-Mouth Disease). Hún var stofnuð árið 1954 í því skyni að útrýma gin- og klaufaveiki í Evrópu. Nú er staðan sú að af Evrópulöndum er sjúkdómurinn aðeins landlægur í Tyrklandi og Rússlandi, en hann er aftur á móti til staðar víða í Asíu og Afríku.

Megináherslur stofnunarinnar nú eru því að aðstoða Evrópulönd við að viðhalda stöðunni og jafnframt að aðstoða önnur lönd í heiminum við að stemma stigu við sjúkdómnum eða útrýma honum. Það er gert með ýmsu móti, m.a. rannsóknunum og öflugri fræðslustarfi.

Sem aðildarríki að EuFMD, gefst Íslandi tækifæri á að senda fagfólk á námskeið stofnunarinnar. Í nóvember síðastliðnum tók undirrituð þátt í námskeiði sem haldið var í Kenía. Á námskeiðinu var áhersla lögð á þjálfun í aldursgreiningu einkenna, sem er mjög mikilvægur liður í að áætla hvenær smitið barst fyrst á búið. Jafnframt var farið ítarlega í þjálfun í smitvörnum, sem og öflun og úrvinnslu faraldsfræðilegra upplýsinga.

Á kúabúinu sem heimsótt var voru um 180 gripir og um 20% þeirra voru veikir. Þegar einkennin uppgötvuðust fyrst var gripidi til þess ráðs að bólusetja alla gripina og aðskilja þá sem voru veikir frá hinum. Flestir gripir ná sér á innan



Veik kýr.



Blóðrur og sár í kjafti.



Sár á spena.



Upplýsinga aflað.



Sýnatökur.

við tveimur vikum en sömu gripir geta sýkst aftur síðar og bólusetning dugar ekki nema í sex mánuði. Það er því mikils um vert að koma í veg fyrir að smitið berist inn á búið á ný, en til þess þarf samstillt átak allra búfjáreigna í nágrenninu.

Smitvarnir á námskeiðinu í Kenía voru miklar. Allt sem ekki var hægt að þvo með sápuvatni og sótthreinsa í sitrónusýrublöndu, var skilið eftir á búinu. Myndirnar sem fylgja þessari grein voru teknar á vatnshelda myndavél sem var þvegin og sótthreinsuð á þennan hátt og þeir símar sem teknir voru inn á búið voru í vatnsheldum hulstrum. Myndir voru teknar af þeim blöðum sem upplýsingar voru skrifðar á og blöðin síðan skilin eftir á búinu. Þegar heim á hótelið var komið voru öll fót sett í sitrónusýrublöndu og síðan í þvott, og öllum var skylt að fara í sturtu. Þetta er talið upp



Smitvarnir.

hér í þeim tilgangi að varpa ljósi á hversu marga þarf að hugsa út í við smitvarnir, sér í lagi þegar um svo harðgera veiru er að ræða.

Staðan hér á landi

Gin- og klaufaveiki hefur aldrei komið upp á Íslandi en veiran getur auðveldlega borist til landsins og því er mjög mikilvægt að ýrustu smitvarna sé gætt á öllum vígstöðvum. Annars vegar þarf reyna að koma í veg fyrir að smitefnið berist með fólki og vörum frá löndum þar sem sjúkdómurinn

er til staðar, og hins vegar þurfa bændur að tryggja eins og kostur er að smit berist ekki inn á þeirra bú. Við búum svo vel hér á landi að bannað er að flytja inn lifandi dýr, sem væri annars áhættusamasti innflutningurinn hvað þetta smitefni varðar, sem fjölmörg önnur. Búfjárafurðir eru líka varasamar, sér í lagi óhitameðhöndlaðar, svo og ýmis konar notuð landbúnaðarteki og búnaður. Fólk getur líka borið veiruna með sér á eigin líkama og fatnaði.

Aldrei verður hægt að tryggja fullkomlega að gin- og klaufaveiki

berist ekki til landsins og því þurfa allir sem að málum koma að vera viðbúnaðir því að bregðast rétt við ef það gerist. Aðalatriði er að dýraeigendur og dýralæknar séu vakandi fyrir einkennum og tilkynni án tafar um grun til Matvælastofnunar. Stofnunin vinnur þá eftir viðbragðsáætlun sem er hluti af gæðahandbók og allir geta kynnt sér á heimasíðu stofnunarinnar www.mast.is.

Audur Lilja Arnþórsdóttir,
sóttvarnadýralæknir hjá
Matvælastofnun.

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Skógrækt er mikilvægur hluti af framlagi Íslands til loftslagsmála

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins velti Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, þeirri spurningu upp hvort skógrækt væri rétt framlag Íslands til loftslagsmála. Þar snertir hún ýmsa áhugaverða þætti og undirstrikar hversu mikilvægt sé að horfa heildstætt á skógrækt sem loftslagsaðgerð. Þetta er hverju orði sannara enda hafa allar breytingar á landnotkun í för með sér loftslagsáhrif og afar mikilvægt að einblína ekki á einn þátt heldur kanna heildaráhrifin.

Samanlögð áhrif skóga á náttúru jarðar og loftþjúpinn þarf einmitt að skoða í samhengi loftslagsmálanna. Bæði þarf að minnka losun og binda sem mest af því kolefni sem við höfum þegar losað út í andrúmsloftið. Gögn úr verkefninu Íslenskrí skógarúttekt sýna að ræktaðir skógar á Íslandi binda árlega að meðaltali nálægt tíu tonnum af koltvísýringi á hverjum hektara í trjáum og jarðvegi. Skógar sem ræktaðir eru á snauðu landi, rofnu landi, framræstu landi eða auðnum stöðvar auk þess þá losun sem stafaði af landinu áður en skógræktin hófst. Skógurinn eykur almenna grösku og eflir lífríki. Þau áhrif ná langt út fyrir skógin.

Mælingar sýna að nytjaskógur hefur mun meiri jákvæð loftslagsáhrif en friðaður skógur. Ef skógur í vexti er friðaður bindur hann mikinn koltvísýring allt þar til hann hefur náð ákveðnum aldri. Þegar trén verða gömul hægir á vextinum, tré taka að drepast og á endanum verður jafnvægi milli lífs og dauða, jafnmikið losnar við rotnun og binst við ljóstillífum. Í sjálfbærum nytjaskógi er stöðug binding og loftslagsáhrifin eru tvíþætt. Kolefni binst í nýjum víði sem myndast og ef nytjavíðurinn er nýttur í stað ósjálfbærra jarfarna úr olíu og kolum dregur úr nettólosun. Í því lífshagkerfi sem senn tekur við af olíuhagkerfinu er hverri þjóð dýrmætt að eiga nægilega mikið af aðalhræfni lífhagkerfisins, timbri. Það verður notað í allt sem olía er notuð í nú en einnig í stóruáuknum mæli við mannvirkjagerð, til dæmis í háhýsi framtidarinnar.

Rannsóknir á endurskinni sólarljóss

En vinkum þá að meginefni greinar Önnu Guðrúnar, endurskinni sólarljóss frá landi. Einn þeirra þátta sem taka þarf með í reikninginn þegar opnu landi er breytt í skóg er einmitt endurskin (e: albedo) sem er mælikvarði á getu tiltekens yfirborðs til að endurkasta geislum sólar. Líkt og Anna Guðrún bendir á hafa á síðustu árum birst nokkrar vísindagreinar sem benda til að skógrækt á norðlægum breiddargráum (norðan við 40°N) geti aukði á hlýnun jarðar á þann hátt að dökkt yfirborð skóga gleypi í sig meiri varma en skóglaus svæði. Hér er einkum litið til vetrarins og vísað til svæða sem þá væru hulin snjó.

Vert er að benda á að flestar þessar rannsóknir byggjast á notkun hermílikana en eru ekki raunverulegar mælingar á endurskinni. 4 Hermílikön byggjast á settum forsendum. Þegar skoðaðar eru forsendur þeirra líkana sem hér er ræðir sést að í flestum þeirra er gert ráð fyrir því að snjóþekja sé samfelld frá því snemma að hausti og talsvert fram á sumar auk þess sem horft er á mjög stóra, samfellda og einsleita skóga á norðlægum breiddargráum. Mikilvægt er að velja fyrir sér hvort þessar forsendur gildi um Ísland. Hafrennt loftslag, stopul snjóþekja á láglendi og hlutfallslega lítil og



Skógur sem ræktaður er á snauðu landi, rofnu landi, framræstu landi eða auðnum stöðvar þá losun sem stafaði af landinu áður en skógræktin hófst. Jafnvel þótt stundum sé jarðunnið fyrir gróðursetningu trjáplanta eru loftslagsáhrif jarðvinnslunnar skammvinn og mælingar á 11 ára lerkiskógi á Héraði hafa sýnt að þá var bindingin í vistkerfi inu komin upp í 7,2 tonn CO₂/ha á ári.



Dr. Brynhildur Bjarnadóttir.

dreifð skógarþekja bendir ekki til þess að hægt sé að yfirfæra forsendur umræddra hermílikana beint á íslenskar aðstæður. Á vef Veðurstofunnar má sjá að í Reykjavík eru að meðaltali 275 dagar á ári alaðir og á Akureyri eru þeir 219. Snjóhulan er mest í febrúarmánuði í Reykjavík en í janúar á Akureyri. Þessa tvo mánuði er ingeislun sólar einmitt lítil hér á landi.

Inngeislun frá sólinni er drifkraftur þeirra ferla sem eiga sér stað í vistkerfinu og er beinn mælikvarði á endurskin yfirborðs. Á okkar norðlægu breiddargráu er ingeislun mest að vori og fram eftir sumri en aftur á móti lítil að hausti og enn minni yfir háveturinn en það er einmitt sá tími sem við getum gert ráð fyrir að snjór sé á jörðu. Þetta gerir að verkum að tímabilin vor og sumar skipta mestu máli þegar skoðað er endurskin á Íslandi.

Litið sem ekkert er til af mælingum á endurskinni hér á landi. Á Fagrðósteinu skógræktar í Hörpu í mars 2017 voru kynntar frumniðurstöður úr rannsóknarverkefni um endurskin en verkefnið hófst árið 2012 og var unnið í samstarfi nokkurra ríkisstofnana. Markmið verkefnisins var að mæla endurskinshæfni fjögurra ólíkra gróðurlenda (sandauða, uppgreidds lands, náttúrulegra birkiskóga og gróðursettra barrskóga) og leggja um leið mat á kolefnisbindingu þessara svæða með það markmið að skoða heildarloftslagsáhrifin. Í öllum gróðurlendum vex gróður



Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson.

við svipuð veðurfarsskilyrði sem tryggir að þau séu samانبurðarhæf.

Sandauðnir „verstar“ fyrir loftslag

Rannsóknin fór fram á Suðurlandi, í Þjórsárdal, og mælingar á endurskinni stóðu yfir frá 2012 til ársins 2017. Nú er unnið úr gögnunum og von er niðurstöðum innan tíðar. Frumniðurstöður gefa þó til kynna að yfir hásumarið hafi sandauðnin lægsta endurskinni, drekki í sig mesta hitann. Að vori og hausti hefur graslendi lægsta endurskinni en að vetri er endurskinni lægst frá náttúrulega birkiskóginum. Í heild má því draga þá ályktun að skógarvistkerfin tvö hafi lægsta endurskinnið að vetri til, en hin tvö vistkerfin hafi lægra endurskin á vorin, sumrin og haustin.

Þegar kolefnisbinding þessara svæða er tekin með í dæmið er greinilegt að svartar sandauðnir á Íslandi bæði gleypa í sig mikinn hita yfir sumarið og þar verður engin kolefnisbinding. Þær hafa því í raun tvöföld neikvæð áhrif á hlýnun jarðar og það að láta þær standa óhreyyfðar hefur sennilega „verstu“ áhrifin á hlýnun jarðar. Á öllum hinum svæðunum fer fram kolefnisbinding um vaxtarfermatim, með jákvæðum loftslagsáhrifum.

Losun vegna jarðvinnslu skammvinn

Í grein sinni fjallar Anna Guðrún um

þess að eiginlegt kolefnistap verði nema allra fyrstu árin eftir jarðrask og gróðursetningu. Svo virðist vera sem losun vegna jarðvinnslu sé fljótt jöfnuð út með þeirri bindingu sem verður bæði í jarðvegi, botngróðri og trjáum. Þegar land er tekið til skógræktar hlerlendis felur það í flestum tilfellum í sér beitarfriðun sem þýðir að lífmassi botngróðurs, og þar með kolefnisbinding hans, eykst fyrstu árin. Eftir því sem trén vaxa upp minnkar hlutdeild botngróðursins en kolefnisbinding trjáanna eykst. Þessar niðurstöður eru í góðu samræmi við margar aðrar erlendar niðurstöður.

Í ljósi frumniðurstaðna endurskinsmælinga hlerlendis er óhætt að fullyrða að skógrækt á Íslandi sé góð og skilvirk leið til að vinna gegn loftslagsbreytingum. Í raun ætti keppikefli okkar að vera að breyta sem mestu af svörtu sandauðnunum okkar í skóg, bæði til að auka endurskin og kolefnisbindingu. Um leið og við bindum kolefni, aukum endurskin og drögum úr sandfoki byggjum við upp auðlind sem getur með tímanum minnkað innflutning á timbri, olíu og ýmsum öðrum mengunarvöldum og bæt með því hagvarnir þjóðarinnar. Svárið er því: Já, skógrækt er rétt framlag Íslands til loftslagsmála.

1. Arnór Snorrason, *Óbirt gögn*
2. Lundmark m.fl., *Forests* (2014), 5(4): 557-578
3. Braun m.fl., *Carbon Management* (2016) 7,5-6: 271-283
4. Bala m.fl., *PNAS* 104 (16), 6550-6555 (2007)
5. Lee m.fl., *Nature* 479: 384-387 (2011)
6. Mykleyby m.fl., *Geophys. Res. Lett.*, 44: 2493-2501 (2017)
7. 7 www.vedur.is
8. Brynhildur Bjarnadóttir og Bjarni D. Sigurðsson, *erindi á Fagrðósteinu 2017*. <http://www.skogur.is/media/fagrðósteina-skoggræktar-2017/Brynhildur-Bjarnadottir.pdf>
9. Brynhildur Bjarnadóttir, *Óbirt gögn*
10. Bjarnadóttir m.fl., *Tellus* (2007), 59B, 891-899
11. Bjarnadóttir m.fl., *Biogeosciences* (2009), 6, 2895-2906
12. Valentini m.fl., *Nature* (2000), 404 (6780): 861-5
13. Hyvönen m.fl., *New Phytol.* (2007), 173, 463-480

Dr. Brynhildur Bjarnadóttir, lektor við Háskólann á Akureyri

Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar

Pétur Halldórsson, kynningarstjóri Skógræktarinnar

LAND TIL RÆKTUNAR



Landgræðsla ríkisins auglýsir til leigu óbrotið land til ræktunar í Gunnarsholti í Rangárfingi ytra.

Leiguverð er samkvæmt gjaldskrá Landgræðslunnar.

Umsóknir skal senda á netfangið reynir@land.is og er umsóknarfrestur til 10. apríl næstkomandi.

Nánari upplýsingar veita Reynir Þorsteinsson, í síma 892-1347 eða hjá reynir@land.is.

UTAN ÚR HEIMI



Skógareyðing í Ástralíu er jafnframt eyðing á náttúrulegum búsvæðum fjölda dýra sem ekki finnast annars staðar villt í heiminum.

Skógareyðing í Ástralíu:

Þrír milljónir hektara af skógum gætu tapast á næstu 15 árum

Hugmyndir eru uppi um að á næstu tveimur áratugum, jafnvel fyrir árið 2030, verði um þrjár milljónir hektara af frumskógi ruddir í austanverðri Ástralíu.

Ástæða þessa er aukin áseðni í ræktarland til landbúnaðar, skorti á reglugerðum um landnotkun og vilja stjórnvalda til aðgerða.

Líffræðileg fjölbreytni í Ástralíu er mikil og talið að 8% af villtum tegundum dýra og plantna eigi sér heimkynni þar. Um 85% plöntu- og 84% dýrategunda í Ástralíu finnast einungis þar. Þrátt fyrir gríðarlega stærð heimsálfunnar Ástralíu eru skráðar þar hátt á annað þúsund plöntu- og dýrategunda í hættu vegna ágangs manna á búsvæði þeirra.

Vaxandi skógareyðing

Auk skógareyðingar vegna skógarhöggs eru loftslagsbreytingar þegar farnar að valda skógareyðingum í Ástralíu sem enginn sér fyrir endann á.

Árið 1990 settu stjórnmöld í Ástralíu lög um fellingar á skógi í álfunni eftir að mælingar sýndu að um fjórðungur af kolefnislosun Ástralá var vegna skógareyðingar. Tuttugu árum síðar, árið 2010, hafði losun vegna skógareyðingar náð sömu hæðum og hefur aukist talsvert síðan. Ástandið er talið svo slæmt að á nýjasta lista



Samkvæmt opinberum tölum frá Ástralíu voru tæplega 400 þúsund hektarar af náttúrulegu gróðurlendi rudd 2015 til 2016, sem er 33% meira en árið áður.

náttúruverndarsamtakanna World Wide Fund er eina vestræna landið á lista yfir lönd þar sem skógareyðing er sögð vera alvarlegt vandamál.

Tré felld sem aldrei fyrr

Samkvæmt opinberum tölum frá Ástralíu voru tæplega 400 þúsund hektarar af náttúrulegu gróðurlendi rudd 2015 til 2016, sem er 33% meira en árið áður. Tölur frá Queensland, þar sem eyðingin er mest á þarlendum skala og upplýsingar talda ábyggilegastar, sýna að tré eru felld sem aldrei fyrr. Til að setja skóglendið í samræmi er talið að land sem er á við 1.500 knattspyrnuvelli að alþjóðlegri keppnisstærð sé felld á hverjum degi.

Eyðing búsvæða

Ekki er nóg með að um gríðarlega skógareyðingu sé að ræða í Ástralíu heldur á sér stað á sama tíma eyðing á náttúrulegum búsvæðum fjölda sjaldgæfra dýrategunda sem ekki eiga sér skjól annars staðar. *NH*

Um 30% af húsdýraáburði verður breytt í hauggas

Orku- og umhverfisnefnd norska þingsins hefur nú gefið út að 30% af húsdýraáburði verði breytt í hauggas í framtíðinni og að nú hefjist vinna við að ná þessu markmiði. Þessum fréttum fagna norsku bændasamtökin og vilja leggja sitt á vogarskálarinnar til að vinnan geti hafist sem fyrst.

„Hauggas sem framleitt er úr húsdýraáburði og matarúrgangi er jákvætt fyrir loftslagið, bæði innan landbúnaðar og í flutningageiranum. Í dag er eingöngu 1% af húsdýraáburði breytt í hauggas þannig að þetta eru mjög ánegulegar fréttir frá þinginu,“ segir Björn Gimming, varaformaður norsku bændasamtakanna.

Fjárfestingarstuðningur til hauggasstöðva


Orku- og umhverfisnefndin sendi frá sér ályktun þess efnis að hauggas málið yrði að skilgreina sem fyrst til að hægt sé að koma því í gang. Forsvarsmenn norsku bændasamtakanna benda á að fyrir

tímabrest verkefnisins verði meðal annars að horfa í getu núverandi stöðva og á þeim stöðum sem eru nú á teiknaborðinu ásamt því hvaða staðir í Noregi væru heppilegastir fyrir sem arðbærustu hauggasframleiðsluna.

Meirihluti fulltrúa nefndarinnar bendir á að við byggingu nýrra stöðva til að framleiða hauggas úr matarúrgangi þurfi að greina hvort hentugt sé að taka einnig inn húsdýraáburði í þær framleiðsluæiningar. Loftslags- og umhverfisráðherra Noregs, Ola Elvestuen, gaf nýlega út jákvæð vilyrði um að hann vilji breyta fjárfestingarstuðningi og umhverfissjóðnum Enova þannig að úrgangsflyrtæki fái umbun fyrir að taka á móti húsdýraáburði á hauggasstöðvunum. Norsku bændasamtökin höfðu komið með tillögu um eigin fjárfestingarsjóð fyrir hauggasframleiðslu á húsdýraáburði en fengu einungis stuðning fjögurra flokka og náðu því ekki meirihluta með tillöguna.

/ehg - Bondelaget

Á FAGLEGUM NÓTUM



Frumutalan bendir til afurðataps

Snorri Sigurðsson
snsig@arlarfoods.com



Vandamál tengd jógurheilbrigði kúa eru margvísleg og er jógurbólga hjá kúm sjúkdómur sem veldur kúabændum um allan heim mestu fjárhagslegu tjóni og árlega eru framkvæmdar ótal rannsóknir víða um heim á jógurheilbrigði mjólkurkúa.

Á liðnum tveimur áratugum hafa verið gerðar allmargar áhugaverðar rannsóknir á samspili hækkunar frumutölu á afurðasemi kúa, en oftast hafa rannsóknirnar fyrst og fremst tekið til þessa samspils þegar frumutalan er hærra en 200 þúsund/ml. Skýringin á því að þessi tala er notuð er vegna þess að hér áður fyrr vantaði formlega skilgreiningu á því hvenær kerfislega ætti að líta svo á að kýr væru með jógurbólgu. Þar sem frumutala er einungis óbein mæling á jógurbólgu en ekki bein mæling á henni var skilgreiningin ákveðin af fagfólki á sameiginlegum vettvangi IDF, sem eru alþjóðleg samtök mjólkuriðnaðarinnar, að miða við fyrrnefnt viðmið.

Hvert sýnilegt jógurbólguútlíffelli er dýrt

Vart þarf að ræða hvað hvert sýnilegt jógurbólguútlíffelli kostar í tapaðri innlagðri mjólk, aukinni vinnu, útlögðum lyfjakostnaði, minni afurðasemi eftir sykinguna og auðvitað gerist það einnig að bændur hafa neyðst til að stytta mjaltaskeiðið eða farga grip sem er auðvitað stærsta tapið.

Þegar kýrin er með dulda jógurbólgu er oft lítið til ráða þegar mjaltaskeiðið stendur yfir og er yfirleitt ekki mælt með því að meðhöndla kúna með dulda jógurbólgu fyrr en á geldstöðinni, séu ekki önnur vandamál fylgjandi hinni duldu jógurbólgu en hækkun á frumutölu mjólkurinnar. Margar erlendar rannsóknir sýna að þær kýr sem fá hækkaða frumutölu lenda þó í afurðatapi og ekki þarf að koma á óvart að kýr með hærra frumutölu en 200 þúsund/ml tapa nýtt umfram þær sem eru frumulegri, enda kostar það kýrnar bæði orku að takast á við sykingar auk þess sem hið sykta svæði jógurvefsins getur ekki framleitt eins mikið af mjólk og ósykt svæði.

Samspil hækkunar á frumutölu og afurðataps hjá kúm á fyrsta mjaltaskeiði

Tafla 1

Frumutala/ml	Lækkun daglegrar mjólkurframleiðslu kg/dag
100.000	1,75
200.000	2,21
400.000	2,67
500.000	2,81
750.000	3,09

Víða um heim líta kúabændur á frumutölu kúa sem er á bilinu 100 til 200 þúsund/ml ekki sem stórkostlegt vandamál, þ.e. sé kýrin ekki sýnilega veik, en á það hefur þó verið bent að jafnvel þó svo að um minniháttar sykingar í jógurvef sé að ræða þá hefur það strax örlitil áhrif til lækkunar á nyt kúa. Þannig hafa verið gerðar rannsóknir sem ná til neikvæðs samspils lægri frumutölu en 200 þúsund/ml og afurðasemi kúa, en oftast en ekki hafa þessar rannsóknir verið gerðar á sérstökum tilraunabúum og hefur ekki alltaf verið auðvelt að reikna út áhrif þess hvernig hækkun frumutölu sem er lægri en 200 þúsund/ml tengist afurðasemi kúa almennt.

Samhengi frumutölu og afurðasemi

Nýlegri rannsókn, sem framkvæmd var í Brasilíu, var sérstaklega beint að þessu samhengi frumutölu og afurðasemi en það sem er etv. nokkuð óvenjulegt við þessa rannsókn er að hún byggir á afar umfangsmiklu gagnasafni. Notaðar voru niðurstöður frumutölumælinga sem náðu til 31.692 Holstein kúa frá 243 kúabúum og náðu skýrsluhaldsgögnin fyrir þessar



kýr til tímabilsins janúar 2010 til desembers 2015.

Þetta langa tímabilið skilaði alls 232.937 mælidögum fyrir nýtt og frumutölu framangreindra kúa og vegna þess að gögnin náðu til margra ára var hægt að meta samspilsáhrif frumutölnnar, aldurs kúa og stöðu á mjaltaskeiði á afurðasemi.

Mjólkursýnun kúnna var skipt upp eftir og innan mjaltaskeiðanna og voru fyrstakálfs kýrnar með meðalfrumutölu upp á 97 þúsund frumur/ml, kýr á öðru mjaltaskeiði með 122 þúsund frumur/ml, kýr á þriðja mjaltaskeiði með 157 þúsund frumur/ml, kýr á fjórða mjaltaskeiði með 173 þúsund frumur/ml og þá voru í gagnasafninu bæði kýr á fimmta og sjötta mjaltaskeiði og var frumutala þeirra 171 þúsund frumur/ml og 181 þúsund frumur/ml. Að meðaltali var 16% sýnanna með hærri frumutölu en 200.000/ml. Ekki kemur á óvart að niðurstöðurnar leiddu í ljós að eftir því sem frumutalan hækkaði að meðaltali þá jukust neikvæð áhrif á afurðasemi kúnna, en það kom einnig í ljós að nytminnkunin er bæði misjöfn á milli mjaltaskeiða og einnig innan mjaltaskeiðs. Þannig minnkun framleiðslan meira í upphafi mjaltaskeiðs og í lok þess en um miðbik þess, þó svo að hækkun frumutölnnar sé eins á þessum tímamarkum. Þá er afurðatapið, þegar frumutalan hækkar, minnst hjá yngstu kúnum en eykst töluvert eftir því sem kýrnar eldast.

Niðurstöður rannsóknarinnar um samspil hækkunar á frumutölu og afurðataps hjá kúm á fyrsta mjaltaskeiði fyrstu tveir vikur mjaltaskeiðsins má sjá töflu 1 og sést hér vel hve sterkt samhengið er. Rétt er að taka fram að þessar framleiðslutölur eiga við afurðir



Þrátt fyrir að framangreind rannsókn byggji á gögnum um Holstein-kýr í Brasilíu er afar líklegt að áþekkt samhengi frumutölu og afurðasemi gildi einnig um íslenska kúakynið

Holstein kúakynsins í Brasilíu, sem ætla má að sé með 25–30% meiri afurðir en íslenska kúakynið.

Afar athyglisvert er einnig að sjá að niðurstöðurnar sýna að þetta samspil hækkunar á frumutölu og minni daglegar mjólkurframleiðslu kemur fram langt undir 200 þúsund frumur/ml. Fyrstu merki um áhrif til nytlækkunar fundust strax þegar frumutalan var ekki nema rétt í kringum 12.400 frumur/ml. Með öðrum orðum þá fer afurðasemin að dragast örlítið saman nánast um leið og mæla má hækkun frumutölu.

Eins og áður segir benda niðurstöðurnar til þess að þetta samspil á milli hækkunar á frumutölu og samdráttar í afurðasemi sé mismunandi innan og milli hvers mjaltaskeids og því er erfitt að koma með eina gullna tölu um það afurðatap sem verður þegar frumutala hækkar t.d. úr 100.000/ml í 200.000/ml, en þó má notast við eftirlifandi viðmið niðurstaðna rannsóknaðna að þegar frumutala kúa á fyrsta mjaltaskeidi er komin í 200 þúsund/ml er meðal afurðatap þeirra 6,5%, 8,5% hjá kúm á öðru mjaltskeiði og 9,0% hjá kúm á þriðja mjaltskeiði.

Gildir einnig um íslenska kúakynið

Þrátt fyrir að framangreind rannsókn byggji á gögnum um

Holstein-kýr í Brasilíu er afar líklegt að áþekkt samhengi frumutölu og afurðasemi gildi einnig um íslenska kúakynið enda hafa ótal aðrar rannsóknir á öðrum kúakynjum í öðrum löndum bent í sömu átt. Það eru því miklar líkur á því að eftir því sem frumutala kýrsýna er hærri því hærri er væntanlegur tekjumiðsigur vegna samdráttar í daglegri mjólkurframleiðslu. Það er því eftir miklu að slæðast og má í raun miklu til kosta til þess að ná og viðhalda góðu jógurheilbrigði.

Jákvæð áhrif þess að ná stjórn á jógurheilbrigði kúabús felast auk þess ekki einungis í betri afkomu viðkomandi bús, heldur einnig mun skemmtilegra vinnuumhverfi með heilbrigðari gripum þar sem allt smítalag snarminnkar og nýgengi jógurbólgu fellur verulega. Þá tala þeir bændur um það sem náð hafa næsta fullkomnum tökum á frumutölu að öll vinna á búinu verði miklu léttari og skemmtilegri, enda tekur tíma að sinna veikum kúm og er oft miðað við að ein veik kýr taki til sín áþekkan vinnutíma á búi og 30–40 heilbrigðar kýr.

Heimild:

Goncalves o.fl., 2018. Milk losses associated with somatic cell counts by parity and stage of lactation. Journal of Dairy Science Vol 101 no. 5 (prentun).

UTAN ÚR HEIMI



Alþjóðlegt neyðarkall til verndunar náttúrulegra skóga og búsvæða villtra dýra á eyjunni Súmötru.

Skrifaði SOS í olíupálma-akur á eyjunni Súmötru

Litháski landlistamaðurinn og aðgerðarsinninn Ernest Zacharevic mundaði fyrir skömmu keðjusög og felldi 1.100 olíupálma á olíupálmaakri á eyjunni Súmötru. Eftirstandandi pálmar mynduðu alþjóðlega hjálparkallið SOS í landslaginu.

Akurinn er í eigu umhverfissamtaka sem leggja áherslu á verndum órangútana-apa á eyjunni og er skriftinni í skóginum ætlað að vekja athygli á fellingunni náttúrulegra skóga og eyðingu búsvæða órangúta.



aðeins sýnilegir úr lofti af fuglum og farþegum í flugvélu og því eins og ákall af jörðu niðri um hjálp.

Eyðing náttúrulegra skóga og eyðilegging búsvæða villtra dýra vegna ræktunar olíupálma er með því allra mesta sem gerist í heiminum.

Ódýrasta matarolían á markaði

Olíuna er að finna í fjölda vöruflokka og ekki síst í matvælum. Markaðshlutdeild pálmaolíu er 56% af allri verslun á jurtaolíu í heiminum. Pálmaolía er ódýrasta jurtaolían á markaðinum og að finna í einni af hverjum sex tilbúnum matvörum sem framleiddar eru. Hana er meðal annars að finna í súkkulaði, kexi, laufabrauði, riskökum, flögum, pitsudeigi, kökum, frosnu grænmeti, hnetusmjöri, nuddum, morgunkorni, þurrkuðum ávöxtum, smjörlíki og barnamat. Auk þess sem pálmaolía er notuð í sleipiefni, sápur, kerti, sjámpó, þvottaeefni og snyrtivörur, eins og tannkrem, varasalva, varalit og í framleiðslu á lífdísil. /VH

Ákall um hjálp

Hver stafur samanstendur af mörgum trjám og saman eru þeir hálfur kílómetri að lengd og því



AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur **Landssamtaka landeigenda á Íslandi (LLÍ)** verður haldinn að **Hótel Sögu**, fundarsal Kötlu II, þann 15. mars og hefst klukkan 13.15.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Breytingar á 5. gr. samþykpta félagsins er lýtur að fundarboðun.
3. Málþing hefst að aðalfundi loknum, um kl. 14.30.

Efni: Áform ríkisins um stofnun miðhálandisþjóðgarðs og reynsla af núverandi þjóðgöðum.

Frummælendur á málþingi:

- » Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðgjafi.
- » Guðrún María Valgeirsdóttir, stjórnarmaður í LLÍ.
- » Anna María Ragnarsdóttir, eigandi Hótel Skaftafells.

Fundurinn er öllum opin og bæði félagar í LLÍ og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta.

Fyrir hönd stjórnar LLÍ
Örn Bergsson

JARÐTÆTARAR

NÝKOMIN SENDING AF COSMO JARÐTÆTURUM

Leitið upplýsinga hjá sölumönnum okkar

www.VBL.is
LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Samantekt á uppskeru og áburðargjöf



Borgar Páll Bragason
fagstjóri í nytjaplöntum
hjá RML
bpb@rml.is



Undanfarin fjögur ár hefur RML boðið bændum að taka þátt í ráðgjafarpakka sem kallaður er Sprotinn. Markmiðið með honum er að ná vel utan um alla jarðræktina á búinu með skráningum m.a. á því sem er ræktað, borið á og uppskorið og einnig eftir því sem þurfa þykir, sýnatöku á jarðvegi til að greina það sem hugsanlega má bæta. Ráðgjöfinni lýkur síðan alltaf á að unnin er áburðaráætlun þar sem gögn úr skýrsluhaldinu og niðurstöður hey- og jarðvegssýna eru höfð til stuðnings.

Meðal þess sem haldið er til hags er upplýsingar um áburðargjöf og uppskeru í Jörð.is og út frá þeim upplýsingum er unnin skýrsla þar sem spildur á búinu eru bornar saman. Slikur samanburður gefur þeim sem til þekkja, möguleika á að greina hvort það kunni að vera ástæða til að skoða hvort ræktunarskilyrðum einhverra tóna sé ábótavant og einnig hvort uppskeran sé í samræmi við það áburðarmagn sem borið var á.

Meðal þess sem er reiknað út í skýrslunni er kostnaður í ábornu N, P og K á hvert þurfniskiló í uppskeru og á föðureiningar. Í þeim útreikningi eru áætluð nýtanleg áburðarefni í búfjáraburði reiknuð til jafns við áburðarefni í tilbúnum áburði. Áhugavert er síðan að bera saman niðurstöður „Sprotabændanna“ en



þeir hafa fengið slíkan samanburð sendan. Rétt er að hafa í huga að svona samanburður takmarkast af mörgum þáttum og til dæmis er ekki tekið tillit til beitar og uppskerutíma.

Verðmæti áburðarefnanna var reiknað út frá lægsta áburðarverði ársins 2017 samkvæmt verðskrár áburðarsalanna. Flutningskostnaði og viðskiptakjörum var haldið utan við og einnig var ekki tekið tillit til eðlis- og efnafræðilegra eiginleika áburðarins. Einnig verður að hafa fyrirvara á útreikningum þar sem munur getur verið á aukafnum. Verðmæti köfnunarefnis reiknaðist 162 kr/kg, fosförs er 218 kr/kg

og kalís er 117 kr/kg. Talsverður breytileiki var á áburðargjöf og uppskeru á milli búa en að meðaltali kostaði kíló þurfnis í uppskerunni 7 krónur í áburði en breytileikinn var frá 3 kr. og upp í 12,4 kr. Niðurstöðum gefa til kynna að víða sé hægt að ná fram hagræðingu í notkun áburðar. Það er þó einnig ljóst að skráning skýrsluhalds í jarðrækt þarf almennt að batna til að samantekt sem þessi gefi sem gleggsta mynd af þessum þætti í kostnaði við grófföðuröflun.

Góð nýting búfjáraburðar er mikilvæg og þarf að skoðast í samhengi við heildar áburðarkostnað

og uppskerunnar. Þar sem verðmæti áburðarefna í búfjáraburði eru metin til jafns við áburðarefni í tilbúnum áburði getur sá sem e.t.v. nýttir búfjáraburðinn illa, komið vel út úr greiningu á áburðarkostnaði á uppskerunni. Þetta og fleira þarf því að skoðast í stærra samhengi. Það eru því þeir sem eru með hátt hlutfall áburðar úr búfjáraburði og með lágan heildar áburðarkostnað á kíló þurfnis sem koma best út úr þessari greiningarvinnu.

Rétt er að nefna að allir bændur sem hafa skráð bæði áburðargjöf og uppskeru geta fengið svona yfirlit hjá RML.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um styrki til stuðnings við nýsköpun, vöruþróun kynningar- og markaðsstarf til stuðnings íslenskra sauðfjárrækt.

Sjá nánari upplýsingar inn á heimasíðu sjóðsins www.fl.is, undir Markaðssjóður/verklagsreglur.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, hópar, félög, samtök, rannsóknarstofnanir, háskólar eða fyrirtæki. Styrkhæf eru þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf.

Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- Listi yfir þá sem eiga aðild að verkefninu.
- Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis.
- Tímaáætlun verkefnisins og upplýsingar um helstu áfanga þess.
- Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
- Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar eða nýttar.

Umsóknafrestur er til 1. apríl n.k.

Reglur um styrkina og umsóknareyðublað má finna á www.fl.is/markaðssjóður. Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublaðunum sem þar er að finna.

Umsóknum skal skilað til **Framleiðnisjóðs landbúnaðarins**, Hvanneyri 311 Borgarnesi, merktum: Markaðssjóður.

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins hjá thorhildur@fl.is.



Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300



Umsókn um orlofsdvöl

Sumarið 2018

Hér að neðan er að finna umsóknareyðublað um orlofsdvöl í húsunum að Hólum í Hjalataldal og á Flúðum, Hrunamannahreppi sumarið 2018. Það gildir fyrir félagsmenn Bændasamtaka Íslands. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 15. apríl 2018.

Undirrituð/Undirritaður sækir hér með um:

☐ Orlofsdvöl að Hólum	- Tímabilið:
☐ Orlofsdvöl á Flúðum	- Tímabilið:

Nafn umsækjanda	Kennitala

Heimilisfang	Símanúmer

Póstnúmer og staður

Hefur þú áður fengið úthlutað orlofsdvöl í sumarhúsi hjá Bændasamtökunum?

☐ Já ☐ Nei

Undirskrift félaga og dagsetning



Umsóknina skal senda fyrir 15. apríl nk. á netfangið@bondi.is eða á póstfang Bændasamtaka Íslands: **Bændahöllin v/Hagatorg, 107 Reykjavík, merkt Orlofsdvöl sumarið 2018**



Jarðarberjaræktun í gróðurhúsi – 2. hluti:

Blómgun

Í fyrstu grein var fjallað um útplöntun og uppellid í öðru tölublaði Bændablaðsins 2018. Þessi grein fjallar um blómgun sem er mikilvæg til að fá söluhæfa uppskeru.

Blómgun

Þegar jarðarberjarplantan myndar blómvisana, þá gerist það að hausti og skilar sér næsta sumar sem blómklasar ef aðstæður eru réttar. Berin sem myndast úr blóminu vaxa út frá þrútnum blómbotni. Blómgun jarðarberjarplantna ræðst af arfgerð plöntunnar, daglengd og lofthita. Plönturnar sem eru notaðar við gróðurhúsaframleiðslu jarðarberja hér á landi eru langdagsplöntur (LD plöntur) og

þurfa því lengri dag en nótt til að blómstra. Til þess að tryggja að jarðarberjarplöntur myndi blóm í gróðurhúsinu þarf lofthitastig og daglengd að vera rétt.

Æskilegt lofthitastig og daglengd fyrir jarðarberjarplöntur í gróðurhúsi er 16°C daghiti og 8°C næturhiti. Daglengdin þarf að vera frá 12-16 klst til þess að plönturnar blómstri. Á meðan blómgun stendur er nauðsýnlegt að tryggja að plönturnar fái nóg vatn og næringu en það er mikilvægt svo að uppskera verði góð.


Frjógvun

Blómin sem myndast eru tvíkynja og þarf því að tryggja víxlfrjógvun en býflugur (Mynd 1) sjá best um það verk. Frjógvunin er skilyrði sem verður að uppfylla ef berin eiga að þroskast rétt svo þau geti náð rétttri stærð og verði ekki útlitsgölluð. Hvert blóm er opið í 2-3 daga svo að frjógvunin þarf að eiga sér stað á því tímabili. Þegar jarðarberjarplöntur eru ræktaðar utandyra þá er frjógvunin síður vandamál þar sem vindur, skordýr og flugur eru til staðar til þess að sinna frjógvuninni, þó getur alltaf borið á ófrjógvudum blómum inni á milli.

Það er hægt að fylgjast með hvort blóm frjógvast eða ekki. Ófrjógvað blóm er gult (Mynd 2), en þegar blóm er frjógvað breytist liturinn og þá verða nokkrir litlir dökkir (brúngulir) punktar á blóminu (Mynd 3). Það er hægt að fylgjast með frjógvun með því að merkja blóm og skoða næstu þrjá daga hvort að býflugur hafi skilið eftir sig merki.

Þegar blómin eru opin, en aðeins fá þeirra hafa verið frjógvað, þá getur verið að lengja þurfi opnunartíma býflugnabús, skýjað veður hefur letjandi áhrif á afkastagetu býflugunnar, bú getur verið orðið gamalt og litid eftir af býflugum. Það hefur neikvæð áhrif á magn uppskeru ef frjógvunin er léleg.

Hins vegar getur það líka gerst að býflugur frjógvi of mikið (offrjógvun). Sem er þegar litid af frjóri er eftir í blóminu og þær fara að bíta í blómbotninn, það gerist þegar búið er opið of lengi og of mikið af býflugum er í boði og of litid af opnum blómum. Í



Mynd 1: Býfluga að frjógva.

staðinn fyrir að fá lítinn dökkan punkt á blómið, sem sýnir að það hafi verið frjógvað, verða margir dökkir punktar (Mynd 4). Það leiðir seinna til ósöluhæfra, útlitsgallaðra og illa lagaðra berja.

Umhirða blómklasa

Blómklasana þarf að passa sérstaklega vel til að tryggja að þéttleiki berjanna, bragðgæði og ending sé viðunandi. Það er mikið atriði að passa að ekkert brot myndist á stöngli blómklasanna því það dregur þá úr dreifingu næringarefna sem þarf að berast til berjanna. Skortur á næringarefnum til berjanna veldur því að berin verða súr, eru með harðan kjarna og berin eru litil. Ráðlegt er að hafa stuðning (t.d. rör eða borða) fyrir klasana til að tryggja að þeir brotni síður (Mynd 5).

Til að auðvelda vinnu við blómklasana er ráðlegt að halda laufblöðum frá klösunum með bandi þegar jarðarberjaræktun er stór í sniðum. Laufblöð eiga að vera fyrir innan band.

Christína Stadler,
Börkur Halldór Bl Hrafnkelsson,
Elías Óskarsson



Mynd 5: Klasar, ber og stuðningsborðar.



Mynd 2: Ófrjógvað blóm.



Mynd 3: Frjógvað blóm.



Mynd 4: Offrjógvað blóm.

ÓDÝR
Margskipt gleraugu
Umgjörð og gler

Verð 39.900 kr
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC
REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVÆRSLUN

Fáðu heyrnartæki til prufu

Um árabíl hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.

Ríkureyri | Borgarnes | Egilsstaðir | Húsavík | Reykjanesbær | Sauðárkrúkur | Selfoss

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartækni.is

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álftheimur 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880

VÉLABÁSSINN

Tveir traktorar frá Vallarbraut:

Dótadagur á tveim traktorum

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Fyrir nokkru kom lítills háttar snjór í Reykjavík og var innkeyrslan og bílastæðin heima hjá mér orðin leiðinleg að keyra. Ég hafði samband við þá í Vallarbraut sem selja Solis og Hattat dráttarvélar og spurði hvort ég mætti ekki prófa vél hjá þeim við snjómokstur.

Skömmu síðar voru þeir mættir hvor með sína vélina og skildu eftir hjá mér.

Solis 26

Þegar ég sá Solis 26 vélina datt mér strax í hug yfirbyggt fjórhjól með tönn og flaghefil, en þessi vél kom mér verulega á óvart. Tönnin skóf vel og krafturinn var nægur í vélinni ef maður beitti tönninni hæfilega langt niðri, en ef maður setti tönnina of neðarlega vildi hún spóla, sérstaklega á framhjólunum, og hefði verið gott að hafa keðjur að framan.

Í nokkrum ferðum náði ég að skafa öllum snjónum innst í innkeyrsluna og með því að nota flaghefilinn aftan á vélinni náði ég að fínheinsa innkeyrsluna nánast niður í malbik. Þá var bara sterra planið eftir sem var orðið frekar mikill klaki. Mér til furðu náði þessi litla vél að rífa upp klakann niður hallann á bílplaninu og koma honum í neðsta stæðið.

Húsið virkar stórt að utan séð, en er lítið þegar inn er komið

Gott var að vinna á vélinni, en hávaðinn inni í húsinu er frekar mikill og stjórntækin fyrir tönnina og flaghefilinn ekki á besta stað. Var frekar klaufalegur í fyrstu, en var orðin nokkuð fljótur að teygja mig í stjórntækin þegar ég var að klára.

Að sitja inni í húsinu finnst manni rýmið ekki vera mikið og smá basl fyrir stírbusa eins og mig að koma mér fyrir í öllumannssætinu.

Verðið á Solis 26 er gott, en þessi vél er nú á tilboði með húsi á 1.350.000, snjótönnin kostar 190.000 og flaghefilinn er á 113.000 (ath. öll verð eru án vsk.).

Hattat A110 með 102 hestafla Perkins mótör

Hattat A110 er fyrir mér nákvæmlega eins vél og Valtra, það stendur bara Hattat á henni í stað Valtra. Vélina sem ég prófaði var með Ross More



Moksturstækin á Hattat eru hraðvirk og gott að vinna með.

Myndir /HLJ



Á Solis 26 vélinni virkar húsið svolítið stórt en þegar inn er komið er ekki mikið pláss.

FL60M, írskum moksturstækjum og sturtanlegri skúffu aftan á þritenginu. Skúffuna notaði ég nánast ekkert við snjómoksturinn, en hún er ekkert þægileg til moksturs, en eflaust fin geymsla fyrir staura og önnur verkfæri í girðingavinnu og ýmsum smáverkum. Moksturstækin voru að vinna vel og ágætlega hraðvirk.

Það tók mig stutta stund að moka snjónum í góðar hrúgur fyrir utan bílplöðin.

Vel hljóðeinangrað húð og allt rými þar inni gott

Inni í húsinu er allt rými gott og öll stjórntæki á þægilegum stöðum



Solis traktorinn var ótrúlega seigur þótt hann væri ekki stór.



Það var ekki laust við að mni hafi fundist plássíð lítið inni í húsinu á Solis 26 en útsýni var gott.



Hattat A110 er ótrúlega lík Valtra.



Öll stjórntækin í Hattat eru á þægilegum stöðum.

Þar sem auðvelt er að ná til þeirra. Í Hattat traktorum er útvarp og

á meðan ég mokaði var hávaði frá vélinni ekkert að trufla ljúfa tónlistina í útvarpinu, sem segir mér það eitt að vélin er ágætlega hljóðeinangrað. Útsýni er mjög gott fram fyrir vélina og þurfti maður ekkert að halla sér fram við moksturinn eins og á sumum vélum. Í vélinni er sæti fyrir farþega, góð miðstöð og loftkæling. Að minnu mati fullbúin dráttarvél á flottu verði sé hestaflapörfin ekki mikið yfir 100 hestöfl. Verðið á Hattat A110 með ámoksturstækjunum er 5.700.000 án vsk. en Power skúffan aftan á vélina kostar 192.000. Nánari upplýsingar um dráttarvélar er hægt að nálgast á vefsíðunni www.vallarbraut.is.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Holóttir varasamir vegir:

Mikið um tjón á felgum og dekkjum undanfarna daga

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Töluvert hefur verið fjallað í fjölmiðlum um holóttu vegi, sem skemma dekk, felgur og fleira, síðastliðinn mánuðinn. Frægasta holan sem ég veit um voru í raun þrjár holur sem mynduðust seinnipart dags á Vesturlandsvegi í beygjunni fyrir neðan Lágafellskirkju þann 21. febrúar þegar a.m.k. fimm bílar skemmdu dekk í holunum.

Að morgni 22. febrúar átti ég leið þarna um og ætlaði varla að trúa því sem ég sá. Ellefu bílar voru í röð að skipta um dekk sem höfðu höggvíst í sundur, þegar ég ók fram hjá röðinni. Þegar ég kom til baka voru enn nokkrir bílar í kantinum með sprungin dekk, eitt eða tvö, og mikið beygladar felgur. Samkvæmt talningu starfsmanna N1 dekkjaverkstæðisins á Langatanga komu þennan morgun 12 bílar með ónýt dekk og Vegaaðstöð N1 skipti undir 5 bílum. Í öllum þessum tilfellum voru dekkinn ónýt og alls þurfti að laga eða kaupa 7 nýjar felgur.

Mæla oftar loftið í dekkjunum til að forðast svona tjón

Ég mældi dýpt holanna og ummál þeirra og voru allar á bilinu 50–70 cm. Fyrsta holan var 8 cm, næsta 10 og sú síðasta var 12 cm djúp. Engin furða að bílstjórar skemmi dekk í svona holu þegar þeir koma í holuna á 70 km hraða.

Eftir að hafa mælt dýpt holanna skoðaði ég yfirgefnu bílana og mældi loftþrýstinginn í þeim hjólbörðum sem loft var í og af þessum fimm bílum voru fjórir með of lítið loft í dekkjum og í tveim bílum var framdekkjið heilt



Fyrsta af holunum þrem á Vesturlandsvegi sem varð mörgum kostnaðarsamar.

en sprungið að aftan og þessi tvö framdekk voru með réttu loftmagni sem ég tel að hafi bjargað þeim. Holurnar eru ekki bara í Reykjavík, þær eru um allt, sérstaklega er þetta slæmt í þjóðgarðinum á Þingvöllum og m.a. töluvert á þjóðvegi 1 nálægt Borgarfirði og víðar þar sem ég hef farið undanfarinn mánuð.

Margar kenningar um hvers vegna þessar holur myndast

Síðustu þrjá vetur hefur „holufaraldurinn“ skolið á eftir þíðu og mikil vatnsveður. Ýmsir hafa tjáð sig um þessar holur og verið með skýringar á hvers vegna þær spretta upp eins og faraldur. Persónulega vil ég kenna um of mikilli saltnotkun á þunnt malbikaða vegi, en með svona miklum saltþækli á olumalbik verður olían í malbikinu mjúk og fer í dekkinn og snjóinn og eftir verður mölin ein. A endanum er olían í malbikinu búið og gat kemur á þunnt malbikið með þessum fyrrgreindu afleiðingum.

Oftast koma holurnar í lægðum og á samskeytum, beygjum og þar

sem mikið álag er á malbikið, því er ágætt að hafa þetta í huga. Góð grein var á www.mbl.is þar sem vitnað var til Facebook-færslu Einarar Sveinbjörnsdótturar veðurfræðings undir fyrirsögninni; HÁKAN NÚ VERÐUR OKKUR DÝRKEYPT. Áhugaverð lesning sem gefur manni nýja sýn á hvers vegna holurnar koma, að mati fræðimanns.

Dapur að þurfa að gera ráð fyrir holutjónum í heimilisbókhaldinu

Fyrir nokkru heyrði ég mann segja að það væri dapur að þurfa að gera reglulega ráð fyrir því að þurfa að kaupa aukadekk oftar en einu sinni á hverju ári vegna lélegs viðhalds vega. Bíleigendur borga það mikið í opinber gjöld að þeir eiga betri þjónustu skilið. Fyrir mér er þetta mest saltinu að kenna og ef á að eyða svona miklu í salt fyrripartar vetrar þarf að taka frá fyrir holuviðgerðum seinnipart vetrar til að laga það sem saltið skemmdi. Þóssum okkur á árlegu febrúar/mars-holunum.



Ótrúlega oft myndast holurnar við svona samskeyti.

Bylting í hreinlæti!

Auðveldari og betri þrif, sparar tíma og léttir lífið



Hafðu samband og pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki
Sími 480-0000 sala@afvelar.is www.i-teamglobal.com

KROSSGÁTA Bændablaðsins

79	DÚSKUR	ÁGÓÐI	HINDRA	TVEIR EINS	FEIKNA	SVIF	SKJÓÐA	STÓ	TVEIR EINS
HERPINGUR									
TEKJUHLÍÐ						REIÐIHLJÓÐ			
SÜLD				MÆLTI					SJÚKDOOM
ÞINGA				SLÖR					
ÞÆTA VIÐ						HLÝJA			
						AUM			
	HYGGJAST	SANDMÖL			STOPP				
	↓	PROF-TITILL			ILÁT				
VIÐ-KVEMUR				ÍDKA	OFNEYSLA			RIFA	ÚT
				PRÁÐA					
ÁHRIFA-VALD			HYGGST				PILI		
			GAFL				KALLORÐ		
TVEIR EINS		JARÐBIK				FUGL			
		FOR-LEGGJARI				BIRTA			
RÁN		EFNI		EFNA-SAMBAND	BRUÐL				SAGGI
		FLEINN			SÖGULIÐ				
	MUNDA					SPOR			
	FÖGNUGUR			LABBADI		DÝR			
FET				ATBURÐUR		ÁTT			
				GLÁP		MAGUR			
VÉLUN				RUNNI					TVEIR EINS
				LÍKA					
ERLENDIS			VANSÆMD			STIKK-PRÓFA			
VOTVIÐRI					HNETA				

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

78	SKENA	STREITU	GRANDI	TVEIR EINS	SPOR	LIA	BLEYTI-KEAP	GÁSKI	SÍÐA
SKENA	S	K	E	L	F	I	L	E	G
STREITU	K	E	I	L	A	Á	L	A	G
GRANDI	R	I	Ð	R	E	N	G	L	A
TVEIR EINS	Á	L	I	T	L	A	U	S	
SPOR	Á	M	U	R	Ó	S	R	I	S
LIA	S	M	I	Ð	A	B	O	L	T
BLEYTI-KEAP	K	O	J	A	G	I	G	A	N
GÁSKI	Á	S	N	A	U	T	G	A	N
SÍÐA	F	A	S	F	L	A	K	F	A
	L	E	K	T	A	R	I	T	A
	Ö	S	K	U	R	M	U	N	U
	T	Ú	T	N	A	I	N	N	R
	U	T	A	N	I	Ð	K	A	F
	R	A	F	A	L	A	N	S	A

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Salóme Þóra Valdimarsdóttir og Ólafur Ögmundsson búa í íbúðarhúsi í Hvammbóli þar sem líka er nýtt smábúðagistihús.

Búskapurinn er á Ketilsstöðum 2 þar sem Þórhildur Jónsdóttir býr, en hún er móðir Salóme.

Býli: Ketilsstaðir 2 /Hvammból.

Staðsett í sveit: Í Mýrdal.

Ábúendur: Þórhildur Jónsdóttir, Salóme Þóra Valdimarsdóttir og Ólafur Ögmundsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Þórhildur býr á Ketilsstöðum en Salóme og Ólafur á Hvammbóli ásamt 3 dætrum, þeim Þórhildi, Sædís og Hörpu, hundunum Tásu og Sölku og kisu Ísabelli.

Stærð jarðar? Rúmir 300 hektarar.

Gerð bús? Blandað bú með kýr, sauðfé og ferðapjónustu.

Fjöldi búfjár og tegundir? 73 nautgripir, þar af 24 mjólkurkýr og rúmlega 200 kindur.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Það er nú allur gangur á því.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Sauðburður og heyskapur er yfirleitt skemmtilegastur en viðgerðir á vélum og tækjum leiðinlegastar.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Það fer eftir ýmsu.

Hvaða skoðun hafið þið á



félagsmálum bænda? Þau þurfa að vera langtum beinskeyttari.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Ef stjórnmöld standa sig vel mun honum vegna ágætlega.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvára? Innanlandsmarkaðurinn er mikilvægasti markaðurinn og það ætti frekar að einbeita sér að honum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum?



Ketilsstaðir 2 / Hvammból

Mjólk, rjómi, grænmeti, beikon og egg.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambakjöt, steikt eða soðið.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Hjá Þórhildi er eftirminnilegast þegar gaus í Eyjafjallajökli. Hjá Ólafi og Salóme þegar brúðkaupsafmælisdeginum og -kvöldinu síðasta sumar var eytt í það að bjarga dæða belju sem lá pikkföst ofan í læk og draga úr henni kálfinn.



MATARKRÓKURINN

Heimabakað hrökkbrauð og lifrarkæfa



Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

Það er ekki eins flókið og margir halda að búa til sitt eigið hrökkbrauð né að baka sína eigin lifrarkæfu.

Sömu leiðis má auðveldlega læra að gera sitt eigið gómsæta karri – og Bjarni kokkur sýnir okkur hér hvernig við berum okkur að við eldamennsku á karri-kartöflurétti sem er ættaður frá Indlandi.

Hrökkbrauð

með hör- og graskersfræjum

Uppskrifin gefur 20–25 stykki.

Heimabakað hrökkbrauð og brauðstangir er auðvelt að baka til að borða sem síðdegissnarl – með smjöri, osti eða súpu.

- › 1 dl haframjöl
- › 1 dl sesamfræ
- › 1 dl af linsufræ
- › 1 dl sólblómafræ
